FRÉTTABLAÐIÐ

37. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 23. FEBRÚAR 2021

Þessi voldugi rússneski togari lá í Hafnarfjarðarhöfn í gær og beið þess að komast aftur út á miðin en á meðan sveimaði í kringum hann öllu veigaminni seglskúta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skattlagning á streymisveitur forgangsmál vegna jafnræðis

Mennta- og menningarmálaráðherra segir skattlagningu á erlendar streymisveitur á borð við Netflix og Facebook brýna. Ferlið hafi hins vegar tafist á vettvangi alþjóðastofnana. Bæði menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafi kannað hvernig megi flýta því. Jafnræði þurfi að gilda um auglýsingatekjur.

FJÖLMIÐLAR „Þetta er mjög brýnt mál," segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, um skattlagningu erlendra streymisveitna á borð við Netflix og Facebook. Hún segir að unnið hafi verið með alþjóðastofnunum, líkt og Efnahags- og framfarastofnuninni, að málinu.

„Við erum að leita leiða til að flýta þessari vinnu. Þetta hefur tafist hjá samstarfsaðilum okkar," segir Lilja. Verkefnið hefur verið á borði bæði fjármála- og efnahagsráðuneytisins og ráðuneytis hennar. Ráðuneytin hafi kannað hvernig vinna megi hraðar í þessum málum.

„Við sjáum hvernig fjárhæðir streyma út og við viljum jafna leikinn. Við erum að tala um þessar stóru efnisveitur þar sem auðvitað verið er að auglýsa, auglýsendur eru þar sem fólkið er. Við viljum að það sé jafnræði milli þess að auglýsa innanlands og hjá þessum erlendu streymisveitum," segir Lilja.

> **Þetta tekur of langan tíma og á meðan minnka tekjurnar, auglýsingatekjurnar til innlendu fjölmiðlanna.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Auglýsingatekjur streymi úr landi að hennar sögn og ekki séu greidd sömu skattar og skyldur af þeim líkt og ef auglýst er innanlands. „Þarna viljum við jafna leikinn," segir Lilja.

Unnið hafi verið að þessu frá upphafi kjörtímabils og hraða þurfi þeirri vinnu. Hún gerir ráð fyrir því að það verði gert fyrir lok kjörtímabilsins og að fullur hugur sé í báðum ráðuneytum, að ljúka þessu verkefni sem fyrst. „Það er stefnan," segir ráðherra.

„Við viljum bara flýta þessu. Þetta tekur of langan tíma og á meðan minnka tekjurnar, auglýsingatekjurnar til innlendu fjölmiðlanna. Það verður að fara í þetta," segir Lilja.

Hvað varðar tengsl milli þessa og frumvarps um aðstoð við einkarekna fjölmiðla segir Lilja: „Þetta tengist allt rekstrarumhverfi íslenskra fjölmiðla sem sinna gríðarlega mikilvægu hlutverki við að miðla fréttum og upplýsingum á íslenskri tungu, þannig að þetta er mikið hjartans mál." – þp

Mannréttindi séu brotin á syni hennar

SAMFÉLAG Móðir 25 ára langveiks og fjölfatlaðs manns segir að ekki hafi verið lögð nægileg áhersla á tjáningu í þjónustu hans. Hann fær aðeins eina klukkustund á viku til að læra á flókna augnstýritækni og engin eftirfylgni hefur átt sér stað.

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir lýðheilsufræðingur.

„Ég veit bara það að mannréttindi eru brotin þegar sonur minn fær í fyrsta skiptið tækifæri til að læra að lesa á sinn máta og þjónustan er í svo miklu lágmarki að engin framþróun á sér stað," segir Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir.

Sonurinn, Hrafnkell, hefur enga hreyfigetu, þarf aðstoð við allar daglegar þarfir og hann talar ekki.

– bdj / sjá síðu 4



Vélhjólum á skrá fjölgar en rútum fækkar

SAMGÖNGUR Samkvæmt Hagstofunni voru skrásett ökutæki á Íslandi rúmlega 329.000 í árslok 2020, þar af voru bifreiðar 315.000. Fólksbílum fækkaði lítillega á milli ára en árið 2020 var 731 fólksbíll á hverja 1.000 íbúa miðað við 746 árið 2019.

Hópbifreiðum fækkaði um 89 árið 2020 sem má að öllum líkindum rekja til mikils samdráttar í ferðaþjónustu en gistinóttum fækkaði um 65 prósent í fyrra miðað við árið á undan.

Vélhjólum fjölgaði hins vegar um 605 árið 2020 sem verður að teljast nokkuð athyglisvert. **– þsh**

Nemar í bekknum brosa breitt á bak við andlitsgrímurnar. MYND/AÐSEND

Ævintýri og flott menntun á sama tíma

MENNTAMÁL „Þetta er algjört ævintýri á sama tíma og þú ert að ná þér í flotta menntun," segir Guðrún Inga Sívertsen, starfsmanna- og þróunarstjóri Verzlunarskóla Íslands, um Norður-Atlantshafsbekkinn, nýlega námsbraut við skólann sem veitir nemendum tækifæri á að upplifa menntaskólanám í fjórum mismunandi löndum.

Verzlunarskóli Íslands stendur að náminu ásamt þremur öðrum menntaskólum á Norðurlöndum. Um er að ræða þriggja ára nám til stúdentsprófs af náttúrufræðibraut þar sem sérstök áhersla er lögð á norðurskautstækni. Námið fer fram á dönsku og er kennt í Danmörku, Færeyjum, Íslandi og Grænlandi.

„Það er alveg unun að sjá hvað þeir nemendur sem eru komnir upp á annað ár hafa þroskast mikið á þessu eina og hálfa ári," segir Guðrún Inga. Rafrænn kynningarfundur fer fram á fimmtudag klukkan 17 fyrir áhugasama.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið verslo@verslo.is. **– þsh**

Fræðandi fyrirlestur á Árbæjarsafni

Vetrarfrí er í mörgum skólum landsins þessa dagana og nemendur hafa nýtt fríið í margvíslega iðju. Margir hafa skellt sér norður í land til að fara á skíði. Þessi stúlka skellti sér hins vegar á Árbæjarsafnið og fékk fræðslu um hvernig samfélagið var hérlendis á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Slakað verður á takmörkunum um miðja viku

COVID-19 Tilslakanir á samkomubanni verða að öllum líkindum gerðar um miðja viku. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur skilað inn minnisblaði til Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra þess efnis. Ekki er nákvæmlega vitað hvað í blaðinu stendur en tilslakanirnar verða á öllum sviðum.

Meðal þess sem horft er til eru tilslakanir á skipulögðum viðburðum. Til að mynda að áhorfendur geti fylgst með íþróttaviðburðum á nýjan leik.

Þá leggur sóttvarnalæknir til að reglur hvað skólahald varðar verði rýmkaðar.

Á upplýsingafundi almannavarna í gær sagði Þórólfur að einstaklingsbundnar sóttvarnir væru lykillinn í tilslökununum. „Við viljum ekki fá bakslag núna á þessari stundu," sagði hann. **– khg**

Finna styrkleika hjá erlendum nemendum

Þrjú sveitarfélög vinna að því að finna styrkleika erlendra nemenda til þess að þeir dragist ekki aftur úr í námi vegna minni íslenskukunnáttu. Brottfall er mikið í framhaldsskólum og bakgrunnur nemendanna mjög mismunandi.

MENNTAMÁL Þrjú sveitarfélög, Árborg, Hafnarfjörður og Reykjanesbær, hafa tekið höndum saman í verkefni til að meta styrkleika nemenda af erlendum uppruna og gera þeim betur kleift að ná árangri. Í þeim tveimur síðarnefndu hefur verið nokkur fjöldi erlendra barna og í Árborg, þar sem fólksfjölgun er einna mest á landinu, hefur þeim fjölgað um rúmlega 60 prósent á fimm árum.

„Það er ótrúlegt hvað þau eru fljót að byrja að læra íslensku," segir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar. Það taki þó þrjú ár að ná grunnorðaforða í tungumálinu og allt að tíu árum að ná sérorðaforða.

„Við megum ekki bíða eftir þessu til að þau nái árangri í öðrum greinum heldur horfa til þeirra eigin tungumálakunnáttu. Þau geta lært ýmislegt á sínu tungumáli samhliða íslenskukennslunni," segir Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu hjá Árborg. Í Árborg eru nú 300 tvítyngd börn á leik- og grunnskólaaldri og framfarir í tækni hafa gert alla túlkaþjónustu auðveldari. Rannsóknir benda til þess að tvítyngd börn á Íslandi virðist ekki ná nógu góðum tökum á íslensku.

Verkefnið Stöðumat fyrir erlenda nemendur er sænskt að uppruna og hægt að nýta fyrir erlenda nemendur á öllum skólastigum. Tungumál verkefnanna eru 40 talsins. Sveitarfélögin hafa prófað sig áfram með það frá árinu 2016 og miðla nú reynslu sinni til annarra. Hefur það til dæmis verið tekið upp í Borgarholtsskóla í Reykjavík.

Aneta og Þorsteinn telja samstarf og þekkingu á þessu sviði mikilvæga, bæði innanlands og milli landa. Hér á landi eru haldnir reglulegir fundir til að meta stöðuna og kennsluráðgjafar halda námskeið fyrir starfsfólk skólanna. Mikilvægt þyki að allir séu með í verkefninu, ekki aðeins íslenskukennarar.

Ríkið veitir fjármagni með erlendum nemendum í gegnum Jöfnunarsjóð til að takast á við verkefnið. „Þetta er allt á réttri leið," segir Aneta. „Við þurfum þó að gera betur, alveg frá fyrsta degi barns í leikskóla." Staðan sé mismunandi eftir sveitarfélögum, og jafnvel hverfum innan þeirra.

Það tekur þrjú ár að ná grunnorðaforða í íslensku og allt að tíu árum að ná sérorðaforða. Á meðan má kenna börnum á eigin tungu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aneta og Þorsteinn vinna að verkefninu í Árborg. MYND/AÐSEND

Áskoranirnar eru töluverðar. Nefnir Þorsteinn að þó að brottfall erlendra nema í framhaldsskólum hafi verið að minnka sé það samt allt of mikið. „Ef við stöndum okkur betur og nemendur fá verkefni við sitt hæfi verða þeir betur í stakk búnir fyrir framhaldsskóla og lífið," segir hann.

Bakgrunnur nemendanna er mjög mismunandi. Sumir eru börn innflytjenda á meðan aðrir koma beint úr flóttamannabúðum, jafnvel á efri skólastigum. Þeir sem voru framúrskarandi nemendur í heimalandinu lenda jafnvel á vegg í íslenskum skólum og dragast aftur úr. Aneta og Þorsteinn segja menningarmuninn geta skipt máli, til dæmis þyki mörgum áhersla Íslendinga á sundkennslu og að nemendur fari í sturtu framandi. Þess vegna sé fræðsla til foreldra og upplýsingar um væntingar þeirra til skólans mikilvægar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

NÝ ÚTFÆRSLA AF
TOYOTA LAND CRUISER

KONUNGURINN ER ORÐINN ENN KRAFTMEIRI

KOMDU OG REYNSLUAKTU

Verð frá: 9.840.000 kr.

70 ára afmælisútgáfa, kaupauki að verðmæti

950.000 kr.*

- 33" breyting, heilsársdekk og felgur
- Hliðarlistar
- Hlíf undir framstuðara
- Hlíf á afturstuðara
- Krómlisti á hlera
- Krómstútur á púst

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Heilbrigðiseftirlitið sleppur fyrir horn í kærumáli vegna Vöku hf.

STJÓRNSÝSLA Kæru á hendur Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fyrir að leyfa Vöku hf. að starfa án starfsleyfis var vísað frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála eftir að heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi áður en úrskurðarnefndin lauk málinu.

Íbúi á Kleppsvegi lagði fram kæru í nóvember í fyrra. Í janúar krafðist hann þess að framkvæmdir hjá Vöku yrðu stöðvaðar á meðan úrskurðarnefndin fjallaði um málið.

Starfsemi Vöku er mörgum þyrnir í augum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Í upphafi árs 2020 flutti Vaka hf. starfsemi sína að Héðinsgötu 2 og fljótlega eftir það fóru að berast kvartanir frá íbúum í nágrenninu vegna ónæðis og áhyggna um mengun," segir í umfjöllun nefndarinnar.

Þá hafi starfsemin verið umfangsmeiri en óskað var leyfis fyrir og komin út fyrir lóðarmörkin.

Í tölvupósti heilbrigðisfulltrúa fyrir ári til manns sem kvartaði var útskýrt að samkvæmt stjórnsýsluvenju væri Vöku leyft að hefja starfsemi á meðan verið væri að ljúka starfsleyfisumsókn. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir Vöku 2. febrúar síðastliðinn.

Við meðferð kærumálsins kvaðst heilbrigðiseftirlitið hafa beitt stjórnsýsluvenju.

„Í svörum heilbrigðiseftirlitsins er ekki að finna frekari upplýsingar um tilvist meintrar stjórnsýsluvenju," bendir úrskurðarnefndin á. Stjórnsýsluvenja geti ekki vikið til hliðar skýrum lagafyrirmælum.

„Hafði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur því ekki heimild til að leyfa mengandi starfsemi án þess að fyrir lægi starfsleyfi eða undanþágа ráðherra frá kröfu um starfsleyfi." **– gar**

Óttast að nota eigi húsnæði með myglu

HÚSNÆÐISMÁL Aðstandendur þeirra sem starfa í Fjöliðjunni á Akranesi lýsa yfir miklum áhyggjum af því að byggja eigi upp gamla húsnæði Fjöliðjunnar sem í var mygla og kviknaði í vorið 2019. Í nýrri skýrslu Verkís kemur fram að mygla er enn í húsinu. Fjöliðjan er verndaður vinnu- og hæfingarstaður fyrir fólk með skerta starfsgetu.

Við höfum enga tryggingu fyrir því að þetta verði í lagi og reyndar benda allar fréttir af baráttu við myglu í húsum í hina áttina.

Aðstandandi starfsmanns Fjöliðjunnar

„Fólk hefur alvarlegar áhyggjur af þessu og þegar maður sér hve erfiðlega gengur að vinna á myglu, til dæmis í Reykjavík, þá spyr maður hvort það sé áhættunnar virði," segir aðstandandi fatlaðs einstaklings í Fjöliðjunni. „Við höfum enga tryggingu fyrir því að þetta verði í lagi og reyndar benda allar fréttir af baráttu við myglu í húsum í hina áttina," segir hann og spyr: „Af hverju að taka sénsinn á þessu með heilsu fólks og okkar viðkvæmustu hópa? Okkur finnst stjórnendur bæjarfélagsins ekki nálgast málið af nægilegri nærgætni og alvöru," segir hann.

Ragnar B. Sæmundsson, formaður skipulags-og umhverfisráðs og bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins, segir að verkefninu verði fylgt vel eftir og gerðar mælingar á meðan á niðurrifi stendur. „Sagan hefur sýnt okkur að „vissa" er eitthvað sem við ekki höfum í þessum málum. Við fengum hins vegar til verksins að því við teljum færustu aðila landsins og munum vinna með þeim í gegnum ferlið. Þegar kemur að myglu er mjög skiljanlegt að fólk hafi áhyggjur," segir Ragnar. **– lb**

Missti af mögulegu tækifæri til þess að fá að læra tjáningu

Móðir 25 ára langveiks og fjölfatlaðs manns segir að ekki hafi verið lögð nægileg áhersla á tjáningu í þeirri þjónustu sem hann fær vegna veikinda sinna. Hann fær einungis eina klukkustund á viku til þess að ná tökum á flókinni augnstýritækni og engin eftirfylgni hefur átt sér stað í kennslu á tækninni.

SAMFÉLAG „Það eru um fimm ár síðan ég fékk fregnir af því að sonur minn, Hrafnkell, hefði mögulega tækifæri til að tjá sig en hann hefur aldrei getað það sökum sinnar fötlunar," segir Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir lýðheilsufræðingur. Hrafnkell, sem er 25 ára, er langveikur og fjölfatlaður. Hann hefur enga hreyfigetu og þarf aðstoð við allar daglegar þarfir og hann talar ekki. Sigríður fékk von um að Hrafnkell gæti lært að tjá sig í gegnum augnstýritækni en segir að ekki hafi verið lögð nægileg áhersla á tjáningu Hrafnkels í þeirri þjónustu sem hann fær.

Hann sýndi jákvæð viðbrögð við tækninni og sótti Sigríður um tíma í Fjölmennt þar sem hann fengi þjálfun til að nota nýja búnaðinn. „Þjálfunin felst í eins konar lestrartímum því í raun þarf hann að læra að lesa kerfið til að geta tjáð sig," segir Sigríður og bætir við að þjálfunin krefjist mikillar vinnu og tíma, starfsmenn á dagvinnustað Hrafnkels hafi ætlað að sinna þjálfuninni.

„Svo gerist það sem sennilega enginn hafði tekið með í reikninginn, starfsfólkið hætti fljótlega. Ekkert kom í staðinn, nýtt starfsfólk var ekki þjálfað og stuttu seinna gerðist það sama á heimili hans. Ekki var lögð áhersla á mikilvægi tjáskipta," segir Sigríður. „Von mín um að ég næði sambandi við hann á annan máta en með augnaráði og brosi fjaraði smám saman út," bætir hún við.

Hrafnkell hefur búið í úrræði fyrir fatlað fólk frá því að hann var ellefu ára gamall og segir Sigríður að innviðir og innleiðing á úrræðinu hafi ekki stutt við Hrafnkel og möguleg


Hrafnkell er hér ásamt Sigríði Kristínu Hrafnkelsdóttur, móður sinni og bróður sínum. MYND/AÐSEND

Von mín um að ég næði sambandi við hann á annan máta en með augnaráði og brosi fjaraði smám saman út.

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir

tækifæri hans til að tjá sig, fátt sé mikilvægara í lífinu en rétturinn til að tjá sig. „Að fá að tjá sig um hvernig manni líður, hvar manni er illt, hvort maður vill láta snúa sér á hina hliðina og allt það sem ég og þú gerum án þess að hugsa en hann, sem ekki getur hreyft legg eða lið, hefur ekki færi á."

Sigríður segir að þeim Hrafnkeli hafi verið afhentur búnaðurinn og úthlutuð klukkustund á viku í Fjölmennt. „Á þessari einu klukkustund í viku hjá Fjölmennt átti að sinna öllu í senn, þjálfun Hrafnkels og þjálfun starfsfólks," segir hún. Þá segir hún enga eftirfylgni hafa átt sér stað og að engin ábyrgð hafi verið tekin á því að Hrafnkell fengi þann stuðning sem hann þarf.

Sigríður segist ekki geta sætt sig við að sonur hennar fái eina klukkustund á viku til að læra að tjá sig. „Ég veit bara það að mannréttindi eru brotin þegar sonur minn fær í fyrsta skiptið tækifæri til að læra að lesa á sinn máta þá er þjónustan í svo miklu lágmarki að engin framþróun á sér stað."

Hún segist hafa þurft að berjast fyrir rétti Hrafnkels alla hans ævi, erfitt sé fyrir foreldra langveikra barna að játa það fyrir sjálfum sér að þau geti ekki ein hugsað um börnin sín og að það að berjast þurfi fyrir rétti þeirra geri allt mun erfiðara. Hún hefur fengið mikinn stuðning í samtökunum Einstök börn, en nú stendur yfir árvekni- og fjáröflunarátak samtakanna. Hluti átaksins er heimildarmyndin Einstök börn – fullorðnir; Sjaldgæfir sjúkdómar á Íslandi, sem fjallar um stöðu fjölskyldna sem eiga börn með sjaldgæfa sjúkdóma á Íslandi. Saga Hrafnkels og Sigríðar er sögð í myndinni sem sýnd verður á RÚV á morgun. **birnadrofn@frettabladid.is**

Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Nóa páskaeggin eru tilbúin. Við vönduðum okkur alveg sérstaklega. Litlu páskakanínurnar eru líka komnar aftur og þær eru svo sætar að þær eru ætar! Páskaeggin eru af öllum stærðum og gerðum, svo að allir ættu að finna egg við sitt hæfi.

Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!

Var bundinn niður í rúm í þrettán mánuði og krefst 250 milljóna

DANMÖRK Maður með geðhvarfasýki sem bundinn var niður í rúm í þrettán mánuði á geðdeild í Álaborg krefst 12 milljóna danskra króna, jafnvirði 250 milljóna íslenskra króna, í bætur.

Sagt er frá málinu á vef Danmarks Radio og rætt við bróður mannsins sem er 25 ára. „Það hefur verið mjög, mjög erfitt að sjá bróður minn á þennan hátt," segir Mohammad Makki. „Ég hef séð hann algjörlega



Makki-bræðurnir saman. MYND/DR

> **Hann er búinn að vera í stórri, svartri holu, liggjandi í helvíti.**
>
> Mohammad Makki

auðmýktan og niðurlægðan sem manneskju, oft grátandi, þunglyndan og þreyttan á lífinu."

Mohammad segir að í rúminu hafi bróðir hans tvöfaldast að þyngd, ekki farið í bað mánuðum saman og átt erfitt með að ganga því vöðvar hans hafi rýrnað.

„Hann segir sér hafa verið misþyrmt. Stutta svarið er að hann var í stórri, svartri holu, liggjandi í helvíti," segir Mohammad.

Lögmaður mannsins segir við DR að upphæð bótakröfunnar taki mið af máli við Mannréttindadómstólinn þar sem manni sem bundinn var niður í minna en sólarhring hafi verið dæmdar jafnvirði ríflega 3,1 milljónar íslenskra króna í bætur.

Bróðir Mohammads átti að fá meðferð á stofnun í Slagelse fyrir þá sem metnir eru mest hættulegir í Danmörku vegna geðsjúkdóma en vegna plássleysis þar var hann vistaður í Álaborg. Kvörtunarnefnd fyrir geðsjúka hefur þegar sagt að meðferðin á honum stríði meðal annars gegn Mannréttindasáttmála Evrópu. **– gar**

Mælt er með að viðra brækurnar einu sinni á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Íslandsferð varð kveikjan að sjálfhreinsibrók

VIÐSKIPTI Maður að nafni Wenceslaus Muenyi ákvað að hanna bakteríudrepandi nærbuxur og annan fatnað eftir ferðalag til Íslands. Muenyi, sem er bandarískur með kamerúnskar rætur, kom aðeins með einn bakpoka af fötum með sér og eftir að hafa notað þau einu sinni byrjuðu þau að lykta. Fékk hann þá þessa frumlegu hugmynd.

> **Efnið er unnið úr bambus, júkalyptus, beyki og koparþráðum.**

Efnið ber nafnið HercFiber og hefur fatnaðurinn verið fjármagnaður í gegnum hópfjármögnun. Það er ofið úr bambus, júkalyptus, beyki og koparþráðum. Á þessi blanda að koma í veg fyrir eða hægja á myndun örvera sem gefa frá sér lykt. HercLeon, fyrirtæki Muenyi, mælir með því að viðra brækurnar einu sinni á dag. Það getur komið lykt í þær en hún situr þó ekki föst eins og í bómull eða pólýester.

Þó að áherslan hafi verið mest á nærfatalínuna, sem ber nafnið Kribi, þá hefur Muenyi einnig hannað ýmislegt annað, svo sem sokka, stuttermaboli, derhúfur, lök, koddaver og andlitsgrímur. **– khg**

Rúm hálf milljón hefur látist í Bandaríkjunum úr COVID-19

Tala látinna í Bandaríkjunum fór yfir 500.000 í gær sem er sambærilegt því að 540 manns hefðu látist hér á landi. Thor Aspelund, prófessor í líftölfræði við HÍ, segir mikinn lærdóm verða dreginn af þessu.

BANDARÍKIN Rétt rúmu ári eftir fyrstu staðfestu dauðsföllin af völdum COVID-19 í Bandaríkjunum hefur tala látinna þar í landi farið fram úr 500.000.

„Þetta er virkilega skelfilegt. Þetta er sögulegt. Þetta er eitthvað sem við höfum ekki gengið í gegnum í 102 ár, frá inflúensufaraldrinum 1918," segir dr. Anthony Fauci, yfirmaður ofnæmis- og smitsjúkdómastofnunar Bandaríkjanna, í viðtali við fréttastöðina CNN.

Bandaríkjamenn telja nú rúmar 332 milljónir og eru því um 916 sinnum fleiri en Íslendingar. Ef sambærileg dánartíðni hefði sést á Íslandi og í Bandaríkjunum hefðu rúmlega 540 Íslendingar látist í faraldrinum í stað 29, eins og raun ber vitni.

Uppsöfnuð dánartíðni í Bandaríkjunum er rúmlega 149 miðað við 100.000 íbúa en á Íslandi er hún tæplega átta. Thor Aspelund, prófessor í líftölfræði við Háskóla Íslands, segir Íslendinga hafa komið einna best út úr faraldrinum miðað við önnur lönd.

„Það á eftir að draga mikinn lærdóm af þessu öllu saman, það er alveg ljóst," segir Thor en hann tekur einnig fram að fjöldi látinna segi ekki alla söguna um alvarleika faraldursins enda sé dánartíðni í löndum á borð við Belgíu og Bretland töluvert hærri en í Bandaríkjunum.

Fjölmiðlar í Bandaríkjunum hafa leitað ýmissa leiða til að setja þennan gífurlega harmleik í samhengi. The New York Times birti í gær skýringarmynd á forsíðu sinni sem samanstóð af hálfri milljón

Joe Biden, Jill Biden, Kamala Harris og Doug Emhoff eru hér viðstödd minningarathöfn sem haldin var fyrir þau sem látist höfðu af völdum kórónaveirunnar. Athöfnin fór fram í janúar síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Thor Aspelund, prófessor í líftölfræði við HÍ

Athony Fauci, yfirmaður sóttvarna í Bandaríkjunum.

svartra punkta, einum fyrir hvert líf er glatast hefur vegna sjúkdómsins. Þá benti The Washington Post á að ef sami fjöldi tæki sér far með langferðarútum þyrfti 9.804 rútur til verksins og myndi bílalestin teygja sig yfir 152 kílómetra leið. Það er álíka langt og frá New York til Fíladelfíu, eða frá Reykjavík til Búðardals.

Þess má geta að fleiri hafa látist af völdum COVID-19 en létust í nokkru stríði Bandaríkjanna að undanskildu borgarastríðinu. Þá sér enn ekki fyrir endann á þessum hildarleik en ríkisstjórn Joes Biden hefur heitið því að allir Bandaríkjamenn muni hafa aðgang að bóluefni fyrir lok júlímánaðar.

Haldin var minningarathöfn í Hvíta húsinu á mánudagskvöld þar sem Joe Biden Bandaríkjaforseti, forsetafrúin Jill Biden, varaforsetinn Kamala Harris og eiginmaður hennar Doug Emhoff kveiktu á kertum til minningar um hina látnu. **– þsh**

Félag atvinnurekenda telur lagaheimild skorta fyrir ákvörðun PFS

STJÓRNSÝSLA Póst- og fjarskiptastofnun, PFS, hefur birt ákvörðun þar sem fram kemur að ákveðið hafi verið að framlag til handa Íslandspósti, ÍSP, vegna alþjónustu ársins 2020 verði 509 milljónir króna.

Félag atvinnurekenda, FA, telur að þessi ákvörðun fari á skjön við lög þar sem hún sé ekki í samræmi við 3. málsgrein 17. greinar laga um póstþjónustu, póstlaga, þar sem kveðið er á um að gjaldskrár fyrir alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði.

FA telur pakkagjaldskrá Póstsins, sem tók gildi í ársbyrjun 2020, brjóta gegn þessu ákvæði.

„Við höfum áður bent á það að stjórnvöld geti ekki látið það viðgangast að ríkisfyrirtækið undirverðleggi pakkaflutninga og grafi þannig undan rekstri keppinauta um allt land.

Þessi ákvörðun PFS skekkir samkeppnisstöðuna og verður til þess að lítil og meðalstór einkafyrirtæki sem reka vörudreifingarþjónustu á milli landshluta og póstþjónustu í byggðarlögum á landsbyggðinni verða af gríðarlegum tekjum.

Íslandspóstur fær 509 milljóna framlag í ákvörðun PFS. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Með þessari ákvörðun eru skattgreiðendur enn fremur að greiða taprekstur ÍSP, sem er að sjálfsögðu ekki forsvaranlegt," segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, í samtali við Fréttablaðið um ákvörðun PFS.

> **Með þessari ákvörðun eru skattgreiðendur að greiða taprekstur PFS.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

„Inni í þeirri tölu sem PFS ákveður að veita ÍPS eru meðal annars 126 milljónir króna vegna taps fyrirtækisins sökum undirverðlagningar á pakkagjaldskrá ÍSP, sem hefur verið í gildi frá ársbyrjun 2020 og 181 milljón króna vegna þjónustu á markaðssvæðum sem talin eru óvirk þar sem engu að síður ríkir samkeppni," segir Ólafur enn fremur.

„Við teljum þessa ákvörðun um 307 milljóna króna niðurgreiðslu skattgreiðenda á undirverðlagningu þjónustu ÍSP með miklum ólíkindum. Stofnunin sem á að hafa eftirlit með póstmarkaðnum fellst á að undirverðlagning, sem bitnar hart á vörudreifingarfyrirtækjum um allt land, sé fjármögnuð úr sjóðum almennings.

Ef þessi ákvörðun PFS stendur er stofnunin búin að skuldbinda ríkið til að greiða milljarða króna á komandi árum. Það getur ekki verið að samgönguráðherra eða Alþingi ætli að láta þetta viðgangast. Stjórnvöld verða einfaldlega að taka í taumana," segir hann.

Framkvæmdastjórinn segir að í ákvörðun PFS komi fram væn pilla á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Þar segi að nefndin hafi ekki gætt að því að með umræddri breytingu væri hún að auka greiðslur úr ríkissjóði vegna alþjónustu, sem ekki var gert ráð fyrir í fjármálaáætlun ríkisins.

Þá virðist engin greining hafa farið fram af hálfu Alþingis um mögulegar fjárhagslegar afleiðingar lagabreytingarinnar fyrir þann aðila sem skylt væri að starfa undir kvöðinni um sama verð fyrir alþjónustu um allt land. **– hó**

ergomotion®

Áttu erfitt með að koma þér fyrir?

Upphaf nýrra **drauma!**

Ergomotion

Góður nætursvefn er lykillinn að góðum morgundegi.
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá poka-gormadýnum yfir í náttúrulegar Mayan green latexdýnur allt eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

Tilboðsverð frá
355.448 kr.
Ergomotion 40+ og Corinna dýna.
Fullt verð frá 444.310 kr

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Vetrarfrísblús

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Nú stendur vetrarfrí yfir í flestum grunnskólum höfuðborgarsvæðisins og þetta árið hættu fáir sér út fyrir landsteinana... út af soltlu. Íslendingar eru nánast kyrrsettir á Fróni og vilja auðvitað eftir fremsta megni gera sér glaðan dag, innan settra marka.

Stemningin í ár var svo mikil að skíðasvæði landsins voru flest fyrirfram sprungin en skíðaiðkendum sem og stjórnendum svæðanna til mikillar ánægju voru reglur rýmkaðar á upphafsdegi frísins.

Foreldrar grunnskólabarna reyna ár hvert eftir bestu getu að taka sér frí þá daga sem börnin eru í vetrarfríi og hlýða hvatningu um að gera sér dagamun með börnunum og nýta tímann til heilbrigðrar dægradvalar.

En hver ákvað að nánast allir skólar höfuðborgarsvæðisins skyldu loka dyrum sínum á sama tíma? Fríið sem getur svo sannarlega verið kærkomið uppbrot á vetrinum og gæðatími fyrir fjölskyldufólk getur nefnilega einnig verið heilmikill höfuðverkur.

Í nágrannalöndunum liggur starfsemi fjölmargra stofnana og fyrirtækja oftar en ekki niðri meðan á slíkum skólafríum stendur en það er sjaldgæfara hér. Ekki mæta allir vinnustaðir því með skilningi að fólk vilji taka sér frí á miðjum vetri og geta jafnvel ekki mætt þeim óskum, sér í lagi þegar fjölmargir starfsmenn ætla sér burt á sama tíma.

Á Akureyri var allt stappfullt um helgina, uppselt í Hlíðarfjall og uppbókað á flesta veitinga- og gististaði. Akureyringar áttu sjálfir í tómum vandræðum með að halda upp á konudaginn þar sem aðkomufólk fyllti alla veitingastaði sem enn þurfa að sætta sig við fjöldatakmarkanir.

Heyrst hafa sögur af því að jafnvel hafi verið boðið í löngu uppurnar borðabókanir. Hvort sem það er orðum aukið eður ei, efast ég ekki um að vertar Norðurlands fagni uppganginum. En hefði ekki verið þjóðráð að dreifa bissnessnum á nokkrar helgar nú þegar við vitum að fjölmargir hafi þurft frá að hverfa? Hver er í raun pælingin á bak við að allir fari af stað á sama tíma? Hentar það kannski hjarðhegðun þjóðarinnar best – að allir geri það sama, á sama tíma? Nú þegar enn eru í gildi fjöldatakmarkanir um allt land vegna COVID-19 er jafnvel enn undarlegra en áður að straumurinn liggi að miklu leyti í eina átt.

Persónulega hefði ég verið líklegri til að leggja land undir fót ef fjöldanum hefði aðeins verið dreift betur og ég efast um að ég sé ein um það. Íslenskur vetur er alveg nógu langur til að vetrarfrí geti verið á víð og dreif um hann þveran og endilangan.

En kannski er ég bara í fýlu því ég er að skrifa þennan leiðara á meðan ALLIR og amma þeirra eru í Hlíðarfjalli með krakkana...

En hver ákvað að nánast allir skólar höfuðborgarsvæðisins skyldu loka dyrum sínum á sama tíma?

Halldór

Frá degi til dags

Tröllasögur

Egill Helgason var með „blaðamannapanel upp á gamla mátann“ undir liðnum vettvangur dagsins í Silfrinu með þeim Andrési Magnússyni, Aðalheiði Ámundadóttur og Birni Inga Hrafnssyni. Umræðan um morðið í Rauðagerði var að vonum fyrirferðarmikil þótt því miður byggi hún enn minna á staðreyndum og meira á tröllasögum úr undirheimum. Andrés dró í því sambandi fram þá áhugaverðu staðreynd að þegar hann leitaði í fjölmiðlum að þeim sem mest er slúðrað um er „ekki að finna staf um þá í fréttum en þú finnur þá í hverjir voru hvar og í fasteignaviðskiptum“.

Er þetta frétt?

Barónar undirheima leynast því helst í innblaðsfréttunum sem kenndar eru við fólk, Smartland og Séð&heyrt og eru jafnan litnar hornauga vegna landlægrar fréttalesblindu. Þessar fréttir segja oft miklu meira um samfélagið en þær sem lúta stöðluðu fréttamati og Andrés benti á gott dæmi. Eins var þetta í hruninu þegar fólk, tryllt af reiði út í útrásarvíkingana og gjálífið, gargaði á fjölmiðla fyrir að hafa brugðist þótt það hefði varla haft hugmynd um flottræfilsháttinn og sukkið ef ekki hefði verið fyrir Séð&heyrt og innblöðin.

toti@frettabladid.is

Fjórföldun atvinnuleysis háskólamenntaðra

Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Undanfarin tvö ár hefur fjöldi háskólamenntaðs fólks sem skráð er án atvinnu tæplega fjórfaldast. Fjöldinn var rúmlega 1.400 í ársbyrjun 2019 en er nú rúmlega 5.500. Þetta er skelfileg óheillaþróun sem veldur okkur hjá Bandalagi háskólamanna miklum áhyggjum. Vitanlega hefur kórónuveirufaraldurinn haft áhrif á þróunina en hún var þó hafin áður en hann kom til sögunnar. Hlutfall háskólamenntaðra af heildarfjölda atvinnulausra í landinu hefur farið stöðugt vaxandi allt frá hruni. Í ársbyrjun 2008 voru þannig 10% atvinnulausra með háskólamenntun en núna er hlutfallið 25% og hefur reyndar verið yfir 20% undanfarin sjö ár.

Háskólar landsins útskrifa á hverju ári þúsundir nemenda sem eiga sífellt erfiðara með að finna störf sem hæfa menntun þeirra. Þetta skapar hættu á því að fjárfesting í háskólamenntun, bæði einstaklinga og samfélags, fari í súginn eða nýtist ekki sem skyldi. Í nágrannalöndum okkar er hafin umræða um „týndu Covid-kynslóðina“, það er að segja fólk á þrítugsaldri sem á erfitt með að finna sér fasta vinnu í kórónukreppunni. Einsleitt atvinnulíf hér á landi gerir stöðuna erfiðari en hún þyrfti að vera.

Vandinn er m.a. sá að vinnumarkaðurinn hefur ekki náð að halda í við fjölgun háskólamenntaðra undanfarin ár. Það á bæði við um almenna markaðinn og þann opinbera. Samt liggur fyrir að skortur er á fólki í mörgum stéttum, t.d. innan heilbrigðisþjónustunnar. BHM hefur margoft bent stjórnvöldum á þá staðreynd.

Hér ber ríkisvaldið mikla ábyrgð. Mikilvægt er að stjórnvöld skapi forsendur fyrir aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu, m.a. með framlögum til rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Við þurfum að búa til ný þekkingarstörf á hverjum degi bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði. Ný kynslóð vel menntaðra einstaklinga þarf að sjá þess merki að Ísland vilji nýta krafta þeirra og atgervi. Það þýðir að byggja þarf upp fleiri útflutningsatvinnuvegi en þá sem grundvallast á nýtingu náttúruauðlinda.

Hér ber ríkisvaldið mikla ábyrgð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Ef ekki væri fyrir blessaða heimspekingana

Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Það má ýmislegt gott segja um íslenska heimspekinga. Þeir hafa til dæmis á síðasta aldarfjórðungi verið duglegir við að reyna að bæta samfélag sitt með því að hvetja til upplýstrar umræðu um allt milli himins og jarðar. Ég er ekki frá því að þeim hafi orðið nokkuð ágengt í þeirri baráttu og því ber að fagna, meðal annars vegna þess að upplýst umræða er ekki bara gagnleg heldur getur hún líka verið ótrúlega skemmtileg. En af og til lenda heimspekingarnir okkar í slíkri sjálfsupphafningu að þegar þeir líta niður á okkur pöpulinn, ofan úr hæðum sínum, þá sundlar þá og þeir tapa áttum. Gott dæmi um þetta má finna í greinarstúf eftir fimm íslenska heimspekinga sem birtist í Fréttablaðinu þann 9. febrúar undir fyrirsögninni: Áleitnar spurningar um Ísland sem tilraunaland. Hann byggði að mestu á spurningum um rannsókn sem ekki var búið að setja saman og var því ekki til. Hún var einungis óljós hugmynd í kollunum á nokkrum mönnum beggja vegna Atlantshafsins. Spurningar sem bornar voru upp í grein heimspekinganna byggðu á ágiskun þeirra á því hvernig sú hugmynd yrði gerð að rannsókn sem síðan yrði framkvæmd hér á landi. Þetta er svipað því og þegar einn af okkar ágætu tónlistargagnrýnendum skrifaði í dagblað dóm um tónleika sem aldrei voru haldnir. Síðan bæta félagarnir fimm gráu ofan á svart með því að efast um vísindalegt gildi rannsóknar sem þeir vissu ekkert um, vegna þess að það var ekkert til að vita um. Það er dagljóst á stúfnum að þeir hafa ekki hundsvit á þeim bólusetningarvanda sem blasir við heiminum í dag.

Nokkur atriði um hugsunina sem aldrei varð að rannsókn, rætur hennar og athugasemdir fimmmenninganna:

1. Bóluefni Pfizers var þróað á tíu til ellefu mánuðum sem er undraskammur tími og fyrir vikið vitum við enn þann dag í dag fátt um það utan að það veitir góða vörn til skamms tíma, þeim sem eru bólusettir. Hversu lengi endist vörnin? Er þörf á því að gefa þriðja skammt eftir einhvern tíma og ef svo er hver er hann? Ver bóluefnið jafn vel fyrir öllum stofnum veirunnar? Hversu stóran hundraðshluta af samfélagi þarf að bólusetja til þess að það verji líka þá sem eru ekki bólusettir? Öllum þessum spurningum er ósvarað en hefði að öllum líkindum verið hægt að svara með stórri rannsókn á Íslandi, ef við hefðum ekki verið búin að kveða veiruna í kútinn með sóttvörnum.

2. Hér var alls ekki um að ræða tilraun til þess svindla sér fram fyrir í röðinni, heldur til þess að leggja af mörkum til lausnar á vanda sem allur heimurinn er að glíma við. Svör við spurningunum hér að ofan hefðu gert það mun auðveldara að skipuleggja bólusetningar um allan heim og jafnvel gert þær ódýrari. Án þess að gera stóra rannsókn á þjóð eins og Íslendingum tekur það býsna langan tíma að leita svara við spurningunum sem hefðu að öllum líkindum skipt mestu máli fyrir þær þjóðir sem minnst mega sín.

3. Heimspekingarnir gefa það í skyn að niðurstöður rannsóknar á bólusetningu á Íslandi væru kannski ekki yfirfæranlegar á aðrar þjóðir, sem er einhvers staðar milli þess að vera hlægileg og grátleg minnimáttarkennd en minnimáttarkennd er það. Við Íslendingar erum nefnilega býsna góðir fulltrúar þeirrar dýrategundar sem er um það bil að gera jörðina óbyggilega. Þetta er ekki prívat og persónuleg skoðun mín heldur líka risastórs lyfjafyrirtækis sem heitir Pfizer og hefur stundað lyfjatilraunir um allan heim, svo lengi sem elstu menn muna, sem og allra virtustu vísindatímarita heimsins sem reglulega birta niðurstöður rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar sem oftast byggja á því að skoða eðli og hátt Íslendinga.

4. Síðan benda heimspekingarnir á að það séu knýjandi spurningar um siðferðislegt réttmæti rannsóknarinnar og láta með því eins og þeir séu sér ómeðvitaðir um lögin um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og tilvist Vísindasiðanefndar. Engar vísindarannsóknir á mönnum eða á gögnum um menn mega fara fram á Íslandi án þess að Vísindasiðanefnd leggi blessun sína yfir þær. Greinarstúfur fimmmenninganna er að vissu leyti vantraustsyfirlýsing á okkar ágætu Vísindasiðanefnd. Það er hins vegar ljóst að allar bólusetningar á Íslandi, hvort sem þær eru gegn SARS-CoV-2 eða öðru illfygli, eru lögum samkvæmt skráðar í gagnagrunn sóttvarnalæknis og notaðar til þess að sækja skilning á áhrifum bólusetninga. Það getur enginn sagt sig úr þeim gagnagrunni; ef þú ert bólusettur endarðu í honum. Þar af leiðandi hefðu allar bólusetningar undir hatti rannsóknarinnar sem aldrei varð, endað í gagnagrunninum og það hefði verið lögbundin skylda sóttvarnalæknis að gera á þeim gagnarannsókn í því skyni að svara spurningunum sem ég rakti í #1.

5. Þeir spyrja líka félagarnir: „Er hætta fólgin í því að heil þjóð verði rannsóknarþýði fyrir alþjóðlegt lyfjafyrirtæki?“ Ef hugmyndin hefði verið þróuð upp í tilraun og hún framkvæmd á Íslandi hefði þjóðin öll orðið rannsóknarþýði fyrst og fremst fyrir mannkyn allt, ekki eitt alþjóðlegt lyfjafyrirtæki.

6. Í tilraun sinni til þess að hljóma fræðilega í greinarstúfnum nota heimspekingarnir nokkur heiti sem ég er ekki viss um að hafi merkingu. Til dæmis spyrja þeir: „Hvernig verður reynt að tryggja lýðræðislegt lögmæti rannsóknar sem varðar alla þjóðina?“ Til hvaða eiginleika lögmætis er verið að vitna með lýsingarorðinu „lýðræðislegt“? Í tilraun minni til þess að skilja þetta fór ég að velta fyrir mér hvort þeir ættu við að rannsóknin yrði að vera í samræmi við lög sem væru sett af lýðræðislega kjörnu þingi, en það gekk ekki upp af því það gilda engin önnur lög í landinu. Ég kemst ekki að annarri niðurstöðu en þeirri að þeir hafi verið að nota orðið „lýðræðislegt“ sem innihaldslaust skraut.

7. „Hvernig samrýmist slík rannsókn markmiði Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og annarra alþjóðastofnana um að tryggja jafnan aðgang allra þjóða að bóluefni?“ spyrja heimspekingarnir. Nú er erfitt að svara því hvernig rannsókn sem ekki er búið að hanna samrýmist markmiðum WHO. Eitt er þó víst að eftir því sem meira er vitað um bóluefnið og þá vörn sem það veitir þeim mun auðveldara er að dreifa því á þann hátt að það gagnist heiminum sem best. Það væri til dæmis mikill akkur fyrir þær þjóðir sem er líklegt að verði út undan ef við sýndum fram á að það sé lítil þörf á því að bólusetja alla. Það er hins vegar alveg ljóst að samningar Evrópusambandsins við lyfjafyrirtækin, sem við erum aðilar að, ganga í berhögg við þessi markmið WHO.

Ég held að það séu mistök vísindasiðfræðinnar (fólksins sem stundar hana) að hafa nær einvörðungu beint sjónum sínum að réttindum fólks gagnvart læknisfræðinni og gleymt því að reyna að skilgreina skyldur þess.

8. Heimspekingarnir klykkja svo út með því að segja: „Upplýst samfélagsumræða er mikilvægur aðdragandi svona rannsóknar, en hún tekur tíma.“ Hvar hafa þessir menn verið undanfarna tíu mánuði? Þjóðin hefur ekki um annað talað og hugsað en þessa pest. Það er ekkert sem hefur haldið meira fyrir henni vöku, ekkert sem hefur þrengt meira að henni, ekkert sem hefur svipt hana mannréttindum að sama marki. Þess vegna er ekkert í hugmyndinni um rannsókn af þeim toga sem hér um ræðir sem kallar á langa samfélagsumræðu, ef hún stæði til boða gæti þjóðin tekið upplýsta afstöðu í einni andrá eða í mesta lagi á dagparti.

Að lokum þetta: Vegur og áhrif vísindasiðfræðinnar hefur aukist til muna á síðustu hálfri öld og það er af hinu góða. Hún hefur ekki bara varið samfélagið gegn afleiðingum hráslagalegra vísinda og vísindamenn gegn sjálfum sér, hún hefur gert vísindin það ásættanleg samfélaginu að þau hafa fengið að halda áfram sleitulaust. Það er afrek. Það er hins vegar með vísindasiðfræðina eins og önnur fög að hún er aldrei betri en fólkið sem stundar hana og góðu fólki jafnt sem hinum verða á mistök. Ég held að það séu mistök vísindasiðfræðinnar (fólksins sem stundar hana) að hafa nær einvörðungu beint sjónum sínum að réttindum fólks gagnvart læknisfræðinni og gleymt því að reyna að skilgreina skyldur þess. Víða er farið að líta á aðgang að heilbrigðisþjónustu sem mannréttindi; hvaða skyldur fylgja þessum mannréttindum til dæmis þegar kemur að vísindarannsóknum á heilsu og sjúkdómum? Þegar einstaklingur leitar til heilbrigðiskerfisins vegna sjúkdóms byggja líkur á því að hann fái bót meina sinna alfarið á því að þeir sem komu á undan honum með sama sjúkdóm veittu til þess leyfi að upplýsingar um þá yrðu notaðar til þess að gera uppgötvanir sem voru nýttar til þess að búa til aðferðir til þess að greina og lækna. Er það siðferðilega ásættanlegt að veita fólki rétt til þess að nýta sér þetta þótt það banni að upplýsingar um það sjálft séu notaðar til þess að bæta enn betur aðferðir til að lækna og greina?

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS

Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

23. FEBRÚAR 2021 ÞRIÐJUDAGUR

Merkisatburðir

1660 Karl 11. verður konungur Svíþjóðar.

1889 Hið íslenska kennarafélag er stofnað.

1927 Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld andast, 79 að aldri.

1941 Plútóníum er í fyrsta sinn einangrað og framleitt af Dr. Glenn T. Seaborg.

1980 Æðstiklerkurinn Ruhollah Khomeini segir að þingheimur Írans muni ákveða örlög bandarískra fanga.

1983 Vídeosón hættir útsendingum. Fyrirtækið hafði þá rekið kapalsjónvarp í tvö ár og náð til þúsunda íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

1985 Torfi Ólafsson setur heimsmet í réttstöðulyftu í flokki unglinga, lyftir 322,5 kíló.

1987 Konur eru fulltrúar á Búnaðarþingi í fyrsta sinn í sögu Búnaðarfélags Íslands frá stofnun þess árið 1899. Þetta eru þær Ágústa Þorkelsdóttir og Annabella Harðardóttir.

†

Okkar elskulega

Anna Guðrún Sigurðardóttir

lést á Krabbameinsdeild Landspítalans þriðjudaginn 16. febrúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13.

Sigurður Þorsteinsson
Guðjón Sigurðsson Andrea Margrét Þráinsdóttir
Þórdís Jóna, Snædís Ósk, Árdís Sif
og fjölskyldur.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Lýður Benediktsson

Hvassaleiti 58,

lést á Landspítalanum 7. febrúar 2021. Útför fer fram í Grensáskirkju fimmtudaginn 25. febrúar klukkan 15.00.

Helga Valdimarsdóttir
Ragnheiður Lýðsdóttir
Linda Bára Lýðsdóttir
tengdasynir og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

SÍÐAN 1996

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Fornleifarannsóknir eru eilífur dans margra þátta

Sérfræðingar á Munasafni Þjóðminjasafns Íslands halda hádegisfyrirlestur á safninu í dag. Þar verður gerð grein fyrir þeim munum og rannsóknum sem bárust safninu á síðasta ári.

Fornleifafúsum gefst í dag tækifæri á að skyggnast á bak við tjöldin á Þjóðminjasafni Íslands. Þar fer fram hádegisfyrirlestur um þá gripi sem bárust safninu á síðasta ári.

„Við ætlum að kynna nokkrar af þeim rannsóknum sem skilað var til okkar árið 2020 og fara yfir nokkra gripi þeim tengda," segir Ármann Guðmundsson fornleifafræðingur sem mun ásamt kollega sínum, Hrönn Konráðsdóttur, fræða gesti um starf safnsins. „Við viljum gefa fólki smjörþefinn af því sem við erum að gera hérna dagsdaglega í móttöku gagna fornleifarannsókna."

Á síðasta ári bárust Munasafninu um 19.853 gripir, þar af tæplega 19.700 úr fornleifarannsóknum, en í heild telur Munasafnið nú um það bil 300 þúsund gripi. „Gripir úr fornleifarannsóknum er ört stækkandi flokkur innan Munasafns Þjóðminjasafns Íslands," segir Ármann. „Ef miðað er við allan safnkost Þjóðminjasafnsins þá eru ljósmyndir þó langstærsti flokkurinn. Á síðasta ári komu um 164 þúsund ljósmyndir inn á safnið."

Því hefur stundum verið fleygt að fornleifafræðingar skili seint og illa frá sér gögnum, en tölurnar segja allt aðra sögu.

Meðal efnistaka í fyrirlestrinum verða gripir úr Viðeyjarrannsóknninni sem fór fram á tímabilinu 1987-1995. Í fyrra afhenti Borgarsögusafn Reykjavíkur Þjóðminjasafninu um 17 þúsund jarðfundna gripi sem fundust meðal annars í kringum klaustrið sem þar stóð.

„Það eru mjög merkilegir gripir þar á meðal og erfitt að velja úr, en ég mun fjalla um skreytt glerbrot sem hefur líklega verið hluti af steindum glugga en þeir voru afar fátíðir á Íslandi á 13. til 16. öld," segir Ármann.

Þá verður einnig tekin fyrir tölfræði tengd afhendingu á gripum síðustu árin sem sýnir árangurinn í þeirri vinnu að koma fornleifafræðilegum gögnum í örugga varðveislu. „Við viljum sýna svart á hvítu árangur þessa starfs sem er samvinnuspil margra aðila," segir Ármann. „Því hefur stundum verið fleygt að fornleifafræðingar skili seint og illa frá sér gögnum, en tölurnar segja allt aðra sögu. Svo verður að taka með í reikninginn að úrvinnsla fornleifarannsókna er bæði fjár- og tímafrek."

Ármann Guðmundsson, fornleifafræðingur á Þjóðminjasafni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skreytt gler, hugsanlega af steindum glugga, sem fannst í Viðey.

Samkvæmt Ármanni er svo annasamt ár fram undan í Þjóðminjasafni Íslands hvað varðar meðhöndlun fornleifafræðilegra gagna. „Það er eilífur dans að koma afrakstri þeirra í örugga varðveislu hérna í Hafnarfirðinum," segir hann.

Vegna fjöldatakmarkana er nauðsynlegt að bóka sig á viðburðinn í gegnum heimasíðu Þjóðminjasafnsins. Einnig verður hægt að fylgjast með viðburðinum í beinni streymisútsendingu á YouTube-síðu safnsins.

arnartomas@frettabladid.is

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Þorbjörg Jafetsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Ársölum 3, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 18. febrúar 2021. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Óskar Ólafsson
Björg Þorsteinsdóttir
Jafet Óskarsson María Hrund Sigurjónsdóttir
Þórólfur Óskarsson Kristjana Skúladóttir
Hrafnhildur Óskarsdóttir Jens Jensson
ömmubörn og langömmubörn.

†

Okkar ástkæri

Friðrik Björnsson

Ársölum 3,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, þriðjudaginn 16. febrúar. Úför hans fer fram frá Lindakirkju, mánudaginn 1. mars klukkan 13. Aðstandendur og vinir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir en einnig verður streymt frá athöfninni á lindakirkja.is

Gunngeir Friðriksson Edda Björg Sigmarsdóttir
Sigurrós Friðriksdóttir Steinar Óli Jónsson
Ásgeir Herdísarson
Kristín Hinriksdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

FÓLK
Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 23. FEBRÚAR 2021

Ingólfur B. Kristjánsson, ritstjóri Hlusta.is, segir mikil menningarverðmæti vera geymd á vefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það þarf að hlúa að gömlu skáldunum

Hlusta.is er vefur sem býður upp á þúsundir upplestra af fjölbreyttu efni sem sumt er erfitt að nálgast annars staðar. Ingólfur B. Kristjánsson, ritstjóri vefsins, segir að þar leynist heill heimur af fróðleik og afþreyingarefni. →2

Íslensk hráefni
fyrir þína liðaheilsu

EYLÍF
Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

Ingólfur segir að í dag finnist mörgum þægilegra að hlusta á bækur en lesa þær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsíðu

Á Hlusta.is má finna verk eftir gömul og ný skáld sem kannski fáir þekkja en hafa mikinn sannleika að geyma, að sögn Ingólfs.

„Við viljum hafa efni á vefnum sem við vitum að fólk vill heyra og sem við höfum trú á að eigi erindi til samtímans," segir hann.

„Við erum núna að fara af stað með að kynna bækur Jóns Óskars skálds. Við erum komin með minningabækurnar hans til okkar. En Jón Óskar var frábær höfundur og bækurnar eru mjög skemmtilegar. Það er líka að fara að koma ein ljóðabók eftir hann inn á vefinn til okkar en þessar bækur verða aðgengilegar út árið."

Ingólfur segir að nýtt efni komi vikulega inn á vefinn sem sé kynnt sérstaklega á vefsíðunni.

„Við reynum að segja aðeins frá efninu svo fólk viti hverju það gengur að, svona nokkurn veginn. Það hefur reynst vel og menn hafa verið sáttir við það," segir hann.

„Í fyrra og hittiðfyrra tókum við inn nánast allar bækur Theódórs Friðrikssonar. Það vakti gríðarlega mikla athygli og margir hlustuðu á þær. Það bættist mikið af fólki í hóp okkar áskrifenda út af því. Við fengum mikið hól fyrir enda flestar af hans bókum illfáanlegar í dag."

Ingólfur segir að bækur Theódórs Friðrikssonar og Jóns Óskars séu frásagnir frá svipuðum tíma.

„Þetta eru minnisatriði um líf skálda og listamanna í Reykjavík í kringum stríðsárin."

Af nýlegu efni á Hlusta.is nefnir Ingólfur meðal annars verk skáldkonunnar og rithöfundarins Erlu.

„Við erum búnir að láta lesa inn

Á Hlusta.is er úrvalsbarnaefni. Lísa í Undralandi er ný viðbót.

nánast allt efnið hennar. Það er efni sem hafði einhvern veginn týnst svolítið í menningarflórunni. En það er frábært efni sem fólk ætti að hlusta á. Við erum líka með verk eftir Torfhildi Hólm sem var fyrsti atvinnurithöfundurinn okkar. Frábær höfundur sem hefur aldrei fengið þann sess sem hún á skilið. Hún skrifaði sögulegar skáldsögur, fyrst Íslendinga," segir Ingólfur.

„Við erum líka með bréf Matthíasar Jochumssonar sem voru gefin út í stóru ritsafni á sínum tíma. Við erum með þau í þremur bindum. Það er gríðarlegur fróðleikur í þeim. Við fáum líka fljótlega bókina Stúlka sem er fyrsta ljóðabók eftir konu á Íslandi. Hún kom út árið 1874 og er eftir Júlíönu Jónsdóttur."

Bækur Theódórs Friðrikssonar hafa vakið gríðarlega athygli á vefnum.

Mikilvægur menningararfur

Auk íslenskra verka má finna þýddar skáldsögur á Hlusta.is, þar er einnig úrval barnaefnis og ýmislegt fleira spennandi.

„Í þessari viku erum við til dæmis að fá inn Ævintýri Lísu í Undralandi eftir Lewis Caroll. Svo ætlum við bráðum að byrja að bjóða upp á hlaðvörp. Við eigum mikið af stuttum sögum og frásögnum á vefnum sem líkjast svolítið hlaðvörpum. Við viljum auka það svolítið án þess þó að minnka hitt efnið," segir Ingólfur.

Hlusta.is hefur mikið verið notað af skólafólki í gegnum tíðina og margir skólar eru í áskrift, að sögn Ingólfs.

„Við erum með Íslendingasögurnar á vefnum okkar, þennan menningararf sem er svo

Minningabækur Jóns Óskars eru nýlega komnar inn á Hlusta.is.

mikilvægt að halda til haga. Þannig byrjuðum við fyrir rúmlega tíu árum. Hlusta.is er stofnað út frá skólavefnum sem er 20 ára gamall vefur. Menntaskólanemar voru að hringja og spyrja hvort þeir gætu ekki fengið Íslendingasögurnar, sem þeir áttu að læra í skólanum, upplesnar. Við gerðum það og fengum mikið þakklæti fyrir. Það er ekki alltaf auðvelt að lesa þessar fornu bækur en þær hljóma betur ef menn hlusta," segir Ingólfur.

„Upp úr þessu ákváðum við að stofna Hlusta.is, við áttum svo mikið til af hljóðskrám fyrir skólavefinn. Það reyndist mikill áhugi fyrir þessu hjá öllum aldurshópum. Það var ekki um auðugan garð að gresja á þessum markaði og margir sem sóttu í efnið okkar. En sem betur fer hefur ekkert dregið

„Við leggjum metnað í að vera með vandað efni og eitthvað sem við höfum trú á að eigi erindi til fólks.

úr áhuga manna á okkur þó að fleiri hafi komið inn á markaðinn. Það er bara þannig í dag að fólk vill frekar hlusta en lesa. Það hentar samtímanum á margan hátt betur. Við leggjum metnað í að vera með vandað efni og eitthvað sem við höfum trú á að eigi erindi til fólks, og að hafa þetta á viðráðanlegu verði, það er lykilatriði."

Þau hjá Hlusta.is láta lesa sögurnar inn fyrir sig og tína margar þeirra upp úr glatkistunni.

„Við gröfum upp sögur alls staðar að meðal annars úr gömlum tímaritum. Sögur sem eru jafnvel týndar flestum en fólk vildi gjarnan getað hlustað á. Við leitum til fólks sem er í höfundarrétti og fáum leyfi til að lesa sögurnar. Það hefur venjulega verið auðsótt. Svo hafa núlifandi höfundar leyft okkur að lesa sitt efni. Við erum ekki bara með gamalt efni," segir Ingólfur.

„Íslendingar hafa í gegnum tíðina farið illa með sín gömlu skáld á margan hátt svo þau hverfa. Við þurfum að hlúa að þessum gömlu skáldum og rithöfundum. Þau eiga það skilið og við eigum það skilið að njóta þeirra."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Byggingar-iðnaðurinn

Kynningar:
ÞG Verk
BYKO
Terra
Áltak
Landstólpi
Mannvit
AQ-rat
Fagverk
Sindri
Vinnupallar
Siggi og Jón
Hýsi
BAUHAUS

ÞRIÐJUDAGUR 23. FEBRÚAR 2021

Örn Tryggvi Johnsen, rekstrarstjóri hjá ÞG Verki, stendur hér við byggingasvæði í Vogabyggð en þar er að rísa mikill fjöldi nýrra íbúða. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTRYGGUR ARI

Með yfir 500 íbúðir í byggingu

ÞG Verk er eitt stærsta verktakafyrirtæki landsins. Fyrirtækið er með mikinn fjölda íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu og í undirbúningi á Akranesi. ÞG Verk hefur tekið þátt í uppbyggingu Vogabyggðar frá upphafi. Nú er verið að byggja upp Arkarvog en þar verða 165 íbúðir í boði. →2

Framhald af forsíðu

Örn Tryggvi Johnsen, rekstrarstjóri hjá ÞG Verki, segir að fyrirtækið byggi á gömlum grunni með yfir tuttugu ára reynslu á byggingarmarkaði. „ÞG Verk er bæði í eigin verkum og útboðsverkum svo þetta er viðamikil starfsemi. Eigin verkefni eru að mestu íbúðarhúsnæði um þessar mundir. Við höfum verið með mjög stórt verkefni í Vogabyggðinni og höfum byggt upp það svæði frá árinu 2018. Skektuvogur er fullbyggður en þar byggðum við 73 íbúðir sem eru að mestu leyti seldar. Uppbygging er hafin í Arkarvogi þar sem verða 165 íbúðir af fjölbreyttum gerðum og stærðum. Þar er uppsteypa í fullum gangi hjá okkur og fljótlega verður hafist handa við síðasta áfangann sem eru tæplega 100 íbúðir við Kuggavog. Í Kuggavogi er hönnun að ljúka og beðið eftir afgreiðslu byggingaryfirvalda á byggingarleyfisumsókn, við munum vonandi byrja þar innan tíðar," segir Örn Tryggvi. „Vogabyggð byggir á gömlum grunni við ósa Elliðaár, en þar var áður atvinnustarfsemi sem nú hefur vikið fyrir íbúðabyggð. Hjóla- og göngustígar liggja meðfram sjávarsíðunni og upp í Elliðaárdal og niður í Fossvogsdal. Laugardalurinn er steinsnar frá og umhverfið býður upp á frábæra möguleika til útivistar. Vogabyggðin er frábær staðsetning og þar verður glæsilegt íbúðahverfi," segir hann.

„Íbúðir í Vogabyggð eru frá tæplega 60 fermetrum upp í 120-130. Mjög stífir skilmálar voru varðandi stærð og gerð íbúða, auk ýmissa annarra skilmála. „Við erum bundin af þeim skilmálum sem komu frá borgaryfirvöldum. Við hefðum viljað hafa fleiri litlar íbúðir á kostnað þeirra stærri en okkur var neitað um það þótt stöðugt sé verið að tala um vöntun á litlum íbúðum og að það þurfi að fjölga þeim. Það er oft lítill sveigjanleiki hjá skipulagsyfirvöldum og afar erfitt að breyta eða aðlaga," segir hann.

Mörg stór verkefni

„Við erum með tæplega 200 fasta starfsmenn. Síðan erum við með fjölmarga undirverktaka sem við höfum átt í góðu samstarfi við lengi. ÞG Verk er þekkt fyrir góð gæði og við leggjum mikla áherslu á að vanda til verka," segir Örn Tryggvi.

Annað stórt verkefni hjá ÞG Verki er í Urriðaholti í Garðabæ. „Þar erum við með um 100 íbúðir í byggingu. Fyrstu íbúðirnar í þeim áfanga fara á sölu í kringum páska. Það er mikill spenningur fyrir íbúðum á þessu svæði enda fallegt hverfi og vel heppnað og stutt í ósnerta náttúru.

Nýlega keyptum við lóð í Sunnusmára, rétt við Smáralind, og þar munum við byggja 165 íbúðir. Við áformum að hefja framkvæmdir í næsta mánuði. Mikill fjölbreytileiki verður þar í íbúðarstærðum, margar íbúðir munu hafa einstakt útsýni og staðsetningin er auðvitað mjög góð með tilliti til þjónustu og samgangna.

Enn eitt verkefni okkar er á Akranesi þar sem við munum byggja 28 íbúðir. Við erum mjög spennt fyrir sveitarfélögum í kringum Reykjavík. Það er stutt að fara og margir tilbúnir til að breyta til og færa sig frá ys og þys borgarinnar. Við horfum til Akraness sem spennandi vaxtarsvæðis enda Akranes með skemmtilegan bæjarbrag og fjölbreytta verslun og þjónustu. Áður höfum við byggt 58 íbúðir á Selfossi sem allar eru seldar," segir Örn Tryggvi en verkefnin eru fleiri.

Risaverkefni í miðbænum

ÞG Verk er með mjög stór verkefni í vinnslu í gegnum útboð. „Ég get nefnt uppsteypu á nýjum höfuðstöðvum Landsbankans sem er í fullum gangi og á að ljúka nú í sumar. Sömuleiðis erum við að ljúka við uppbyggingu hótelsins á Landssímareitnum sem verður eitt glæsilegasta hótel borgarinnar. Nýjasta verkefnið okkar er ný skrifstofubygging Alþingis sem mun standa skáhallt á móti Ráðhúsinu. Því verkefni á að ljúka árið 2023. Loks erum við með brúarbyggingu á Sólheimasandi. Þar er verið að gera nýja tvöfalda brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi."

Prófanir á framleiðsluferli

„Við leggjum gríðarlega mikið upp úr því að skila frá okkur vandaðri vöru. Við höfum gott orðspor sem okkur er umhugað um. Til þess að tryggja gæði okkar íbúða þá framkvæmum við með markvissum hætti ýmiss konar gæðapróf á framleiðsluferli okkar. Sem dæmi þá framkvæmdum við nýlega slagregnsprófanir á mismunandi aðferðum við gluggaísetningu og lekaprófanir í votrýmum. Við höfum verið að rannsaka hvernig steyptar plötur þorna, jafnvel með innsteyptum mælibúnaði. Með því finnum við til dæmis út hvort rakastig sé innan marka áður en gólfefni eru lögð. Þessi próf eru liður í því að skila frá okkur vönduðu íbúðarhúsnæði með góðri innivist.

Sem fyrirtæki er okkur mjög umhugað um umhverfismál. Ég tel að við séum eina byggingarfyrirtækið sem mælir alla sorplosun og orkunotkun frá hverjum verkstað og gefur út kolefnisskýrslu um starfsemina á hverju ári. Við erum hálfnuð í þeirri vegferð að rafmagnsvæða bílaflota okkar og teljum okkur vera í fararbroddi í byggingargeiranum á því sviði," útskýrir Örn Tryggvi.

Ósveigjanlegt kerfi

„Til að allt geti gengið eðlilega fyrir sig við framleiðslu íbúðarhúsnæðis er mjög mikilvægt að skipulags- og byggingarmál séu skilvirkari. Við teljum að það hafi sjaldan eða aldrei gengið jafn hægt og illa að fá ýmis leyfi eða svör. Það virðist auk þess vera of mikill ósveigjanleiki í kerfinu. Skipulag sem byggt er eftir í dag var hannað fyrir fjórum eða jafnvel sjö árum miðað við forsendur sem voru á þeim tíma. Nú eru aðrar forsendur og þá er nánast ómögulegt að fá skipulaginu breytt nema að farið sé í gríðarlega flókið og tímafrekt ferli. Til dæmis að breyta samsetningu íbúðarstærða eða öðrum valkostum sem markaðurinn kallar eftir í nútíma samfélagi eða mun kalla á eftir tvö ár þegar við setjum íbúðir í sölu. Okkur finnst oft vanta samstarf og samtal milli okkar og skipulagsyfirvalda. Kerfið hjálpar ekki til við að fylla upp í þá eftirspurn sem hefur vaxið mikið á fasteignamarkaði," segir Örn Tryggvi.

Hægt er að skoða nýbyggingar á heimasíðunni tgverk.is

Þannig mun Arkarvogur líta út í endanlegri mynd. Fallegt og fjölskylduvænt svæði þar sem stutt verður í alla þjónustu. MYND/ÞG VERK.

Vogabyggðin er við ströndina, rétt við ósa Elliðaár, og verður fjölbreytt.

ÞG Verk er að byggja upp mikinn fjölda íbúða við Arkarvog. Þarna var áður blómleg atvinnustarfsemi sem nú breytist í fjölbreytta íbúðabyggð.

Næstu íbúðir sem fara á sölu eru við Arkarvog þar sem verða 165 íbúðir af fjölbreyttum stærðum. Hér eru starfsmenn ÞG Verks við steypuvinnu.

Hér stendur Örn Tryggvi á svölum nýrrar íbúðar sem verður með glæsilegu útsýni. Örn segir að Vogabyggð sé á frábærum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Það er magnað að fylgjast með uppbyggingunni á þessum slóðum.

Útgefandi: Torg ehf. | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103. | **Veffang:** frettabladid.is

VELFAC®

Nýtt í Húsasmiðjunni

VELFAC 200 Energy, stílhrein og nútímaleg hönnun

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Gluggar og hurðir frá VELFAC®

Gluggar og hurðir frá **VELFAC** uppfylla kröfur varðandi öryggi og orkusparnað hvort sem þú ert að endurnýja eða byggja nýtt húsnæði.

Þú færð framúrskarandi gæði í endingargóðri danskri hönnun sem hentar þér og þínu heimili. Húsasmiðjan býður aðallega upp á tvennskonar gerðir lausna frá VELFAC, annarsvegar VELFAC 200 Energy og hinsvegar VELFAC Edge.

Fáðu tilboð hjá sérfræðingum okkar í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar í Kjalarvogi 12-14 eða hafðu samband í síma 525 3000 eða tölvupósti gluggar@husa.is



› **VELFAC** 200 Energy - Spennandi og nútímalegt útlit

VELFAC 200 Energy glugginn einkennist af einstakri, stílhreinni og tímalausri hönnun með einföldum og skörpum línum. Nettur karmur gluggans eykur glerflöt hans og þar með meiri dagsbirtu inní húsið.

Gluggarnir passa vel í nýbyggingar og til endurbóta, þar sem flötur hússins að utan á að vera stílhreinn. Einstök hönnunin gerir það að verkum að engin sýnilegur munur er á gluggum, renni- eða svalahurðum, óháð opnunareiginleikum. Hönnunin undirstikar hreinar línur hússins og gefur því spennandi og nútímalegt útlit.

Eggert Þorsteinn Gottskálksson
Söluráðgjafi / Glugga-og hurðalausnir.
eggert@husa.is, sími: 660 3162

Fagmaðurinn veit að hverju hann gengur þegar hann velur glugga og hurðir frá Húsasmiðjunni

Húsasmiðjan vinnur eingöngu með hágæða framleiðendum sem eru með áratuga reynslu af því að selja vörur sínar á íslenska markaðnum. Velfac og Rationel eru t.a.m. leiðandi á Norðurlöndunum í framleiðslu á ál/tré- og timburgluggum. Við bjóðum svo auðvitað líka upp á Velux þakglugga sem eru þeir mest notuðu á Íslandi til margra ára. Við bjóðum einnig úrval Swedoor úti-, stál- og eldvarnarhurða sem allt eru leiðandi vörur á sínu sviði. Loks bjóðum við Aradas PVC glugga og hurðir sem reynst hafa vel við íslenskar aðstæður, og svo mætti lengi telja.

Allar okkar vörur eru vottaðar og gæðaprófaðar fyrir íslenskar aðstæður. Hvort sem þú ert að leita að Ál/tré gluggum,ál gluggum,PVC gluggum eða timbur gluggum, þá höfum við lausnina fyrir þig og þín verkefni - hvort sem þau eru stór eða smá. Verið velkomin í glugga og hurðadeildina í Fagmannaversluninni - við tökum vel á móti ykkur.

Vínkælar vinsælir í ný eldhús

Erna Geirlaug Árnadóttir innanhússarkitekt segir að mjög margir séu að nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti til að endurbæta heimilið. Vinsælt er að endurnýja eldhús og / eða baðherbergi.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Erna Geirlaug hefur starfað lengi sem innanhússarkitekt og í fyrra ákvað hún að starfa sjálfstætt á þessum vettvangi. Hún segir að mikið hafi verið að gera, sérstaklega sé mikil eftirspurn eftir hugmyndum að breyttum eldhúsum og baðherbergjum. „Það er ekki spurning að endurgreiðsla virðisauka hefur haft hvetjandi áhrif á fólk til að drífa sig í framkvæmdir. Verkefnin hafa verið fjölbreytileg, til dæmis endurbætur á eldhúsum, baðherbergjum og upp í heilu húsin, en þá er verið að tala um gólfefni, litaval og ekki má gleyma húsgögnum, til að ná fram heildarútliti hússins," segir Erna.

Hlýlegir tónar

Erna segir að margir séu að sækjast eftir svipaðri línu í eldhúsinnréttingum en þó fari það aðeins eftir húsnæðinu hvað passar best. „Ljósar innréttingar eru vinsælastar þótt sumir vilji grátt eða svart. Brúnbæsuð eik eða askur með ljósum steini á borði hefur verið mjög vinsæl undanfarið. Mér hefur þótt fólk sækja frekar í hlýlega tóna inn á heimilið. Annað sem ég hef tekið eftir er að margir vilja hafa vínkæli í nýja fína eldhúsinu sínu og þá finn ég góðan stað fyrir hann. Það er hægt að fá vínkæla sem passa undir borðplötu. Nú er hægt að fá vínkæla allt frá einni flösku og upp í stóra gólfskápa. Vínkælar eru á góðu verði og fólk notfærir sér það," segir Erna og bendir á að kröfurnar séu alltaf að breytast. Hún nefnir einnig að vinnulýsing þurfi að vera góð í eldhúsi og rétt að huga að því líka.

Ný tækni í heimilistækjum

„Ég teikna auk þess yfirleitt tækjaskáp, búrskáp og geri ráð fyrir plássi fyrir flokkunarfötur undir vaskinum," segir hún. „Þegar ég byggði mitt hús árið 2008 þá var aðalmálið að hafa ofn og einnig gufuofn. Núna vilja margir svokallaðan combi-ofn en það er sambyggður baksturs- og örbylgjuofn eða sambyggður baksturs- og gufuofn. Ég nota gufuofninn minn sjaldan en held að ég myndi nota combi-ofn meira," segir Erna.

Erna Geirlaug starfar sem sjálfstætt starfandi innanhússarkitekt. Hún hefur tekið að sér að breyta mörgum eldhúsum undanfarið. Hún segir eldhúsin jafnan fara eftir hversu gamalt húsnæðið er. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Brúnbæsuð eik eða askur með ljósum steini á borði hefur verið mjög vinsæl undanfarið. Mér hefur þótt fólk sækja frekar í hlýlega tóna inn á heimilið.

Fallegt eldhús hannað af Ernu. Innréttinguna smíðaði BGS Trésmiðja ehf. en borðplatan er frá Granítsmiðjunni. Takið eftir innbyggða vinkælinum.

„Þegar skipt er út eldhúsinnréttingu vilja langflestir fá ný tæki líka. Þá er einnig algengt að breyta eldhúsinu með því að taka niður veggi. Fólk sem hefur fundið sér stað sem það vill búa á til frambúðar er duglegt að taka í gegn og velur að hafa hlutina vandaða og vel gerða," segir Erna.

Þegar Erna er spurð hvort heppilegt sé fyrir fólk að skipta út innréttingu ef það sé í söluhugleiðingum þá sé það ekki sjálfgefið þar sem smekkur fólks sé svo misjafn.

Erna segir að margir láti sérsmíða eldhúsinnréttinguna. Þegar innanhússarkitekt hannar getur hann komið með ýmsar skemmtilegar lausnir sem auðvelda fólki lífið í eldhúsinu. „Að láta sérsmíða innréttingu gefur oft á tíðum meiri möguleika. Auk þess koma fagmenn og setja innréttinguna upp sem er alltaf til bóta.

Annað sjónarhorn. Eldhúsið gefur umhverfinu skemmtilegan svip.

Eldhús í stofunni

Í flestum nýjum íbúðum er eldhúsið opið inn í stofu. Erna var spurð hvort það þýddi ekki glæsilegra eldhús? „Jú, nauðsynlegt er að hugsa út í það. Maður velur svolítið öðruvísi eldhús ef það er opið inn í stofu. Til dæmis skiptir máli hvernig blöndunartæki og fleira eru valin. Höldulausar innréttingar eru vinsælar og gufugleypar sem eru ofan í helluborðinu. Ég legg áherslu á að fólk velji það sem því líður vel með," segir hún.

Það er ljóst að endurgreiðsla á virðisauka hefur skipt miklu máli fyrir fólk þegar kemur að framkvæmdum á heimilum. Einnig bendir Erna á að stundum geti fólk leyft sér meiri framkvæmdir en upphaflega var stefnt að vegna aðgerða stjórnvalda sem settar voru til að efla atvinnulífið.

Félagi til framkvæmda

Við höfum víðtæka reynslu af þjónustu við framkvæmdaaðila og önnumst sölu nýbygginga af ábyrgð. Við tryggjum fagleg vinnubrögð og aðstoðum við söluferlið frá upphafi til enda.

Eignirnar þínar eru í góðum höndum hjá okkur.

BORG FASTEIGNASALA
519 5500
SÍÐUMÚLA 23
FASTBORG.IS

Davíð Ólafsson 897 1533
Ingimar Ingimarsson 519 5500
Heiða Guðmundsd. 779 1929
Gunnlaugur Þráinss. 844 6447
Brandur Gunnarsson 897 1401
Börkur Hrafnsson 832 8844
Böðvar Sigurbjörnss. 660 4777
Stefán Jóhann 864 8808
Úlfar Þór Davíðss. 897 9030
Margrét Ágústsdóttir 519 5500
Sigurður Fannar 897 5930
Héðinn Birnir 848 4806

Sérhæfð ráðgjöf við viðhald og endurbætur

Viðhald fasteigna er okkar sérgrein. Við störfum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög og tryggjum að verkin séu unnin af fullkominni fagmennsku.

verksyn.is | 517 6300

VERKSÝN

Gunnar Bjarki, verslunarstjóri BYKO á Selfossi, ásamt Þorsteini Lárussyni og Kjartani Long. Í bakgrunni sést Hjúkrunarheimilið á Selfossi, sem er í byggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

BYKO er með lausnina fyrir þig

Þegar kemur að glugga- og hurðalausnum er BYKO góður valkostur. Þar getur reynt starfsfólk aðstoðað við hönnun og útfærslur og boðið er upp á gæðavörur sem henta íslenskum aðstæðum.

BYKO býður upp á glugga- og hurðalausnir fyrir íslenskar aðstæður sem henta öllum sem huga að framkvæmdum, hvort sem um ræðir nýbyggingar eða viðhald.

„Við bjóðum upp á glugga- og hurðalausnir fyrir allar gerðir húsnæðis um allt land og höfum selt BYKO-glugga í næstum 30 ár. Timbur- og álklæddir gluggar BYKO eru íslensk hönnun sem var áður framleidd á Íslandi undir ströngu eftirliti Nýsköpunarmiðstöðvar, verksmiðjan var flutt út til Lettlands árið 2003 og hefur stækkað þrisvar á síðustu fimm árum," segir Kjartan Long. „Hún er nú orðin mjög afkastamikil og við framleiðum glugga fyrir íslenskan, breskan og sænskan markað."

„Einnig seljum við álgluggakerfi frá Reynaers og höfum gert í mörg ár, sérstaða okkar er að við vinnum beint með framleiðanda millilíðalaust," segir Þorsteinn Lárusson. „Reynaers er belgískt fyrirtæki sem framleiðir prófíla fyrir glugga og er eitt af allra stærstu merkjunum í þessum bransa á alþjóðavísu."

„Þar sem við vinnum náið með Reynaers fáum við góðan tæknilegan stuðning frá þeim og getum látið þá sérsníða lausnir fyrir okkur," segir Þorsteinn. „Viðskiptavinir okkar fá því aðstoð við hönnun glugga- og hurðalausna í bygginguna og leitast er við að uppfylla hugmyndir hönnuða um útlit ásamt því að uppfylla þarfir eigenda og/eða notenda byggingarinnar."

Nýjungar

„BYKO býður upp á aldamótaglugga fyrir friðuð hús sem er verið að gera upp, ásamt nýbyggingum sem eiga að líkja eftir aldamótahúsum," segir Kjartan.

„Við höfum einnig hafið sölu á Svarre gluggum sem eru uppbyggðir þannig að aðeins gler sést að utanverðu en hlýlegt timbur að innan. Glerið í þessum gluggum er þrefalt og það er með mjög hátt einangrunar- og hljóðvarnargildi," segir Kjartan.

BYKO-menn ásamt Hjálmari Jónssyni, verkstjóra SG húsa, og Baldri Pálssyni, eiganda SG húsa, fyrir framan húseiningar úr timbri sem verða settar saman á verkstað og mynda fjölbýlishús fyrir Bjarg byggingarfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Umhverfis- og gæðavottanir

Glugga- og hurðalausnir BYKO uppfylla reglugerðir, þær hafa CE-vottun, eru slagregnsprófaðar reglulega ásamt því að vera notaðar í verkefni sem uppfylla BREEAM- og Svansvottun.

„Við útvegum glugga- og hurðir sem uppfylla kröfur um Svans- og BREEAM-vottaðar byggingar. Eftirspurn eftir umhverfisvottunum hefur aukist og það hefur verið gaman að taka þátt í verkefnum sem eru að uppfylla þessar vottanir enda er það markmið BYKO að vera í fararbroddi þegar kemur að umhverfismálum. Vistvænar byggingar eru það sem koma skal og innan fárra ára verða allar nýjar byggingar með einhvers konar umhverfisvottun," Segir Þorsteinn.

„Við látum prófa gluggana reglulega og það er komin áratugareynsla á þá hér á Íslandi," segir Kjartan. „Starfsfólkið okkar hefur mikla þekkingu á vörunni ásamt því að vera í miklum tengslum við viðskiptavini varðandi ráðgjöf og þjónustu."

Mikil uppbygging á Selfossi

„Um þessar mundir erum við erum meðal annars að útvega glugga í nokkur stór og smá verkefni á Selfossi," segir Kjartan. „Það er mikil uppbygging í gangi þar núna og meðal annars er verið að byggja mikið af sérbýlum og fjölbýlishúsum. Við erum að útvega mikið af byggingarefni í þessi verkefni, ásamt gluggum og hurðum. Þarna er verið að byrja á alveg nýju hverfi og meðal annars verið að reisa nýjan leikskóla og fjölbýlishús úr timbri fyrir Bjarg byggingarfélag."

„Við höfum einnig þjónustað Eykt ehf. við byggingu hjúkrunarheimilis Árborgar sem er stórt verkefni fyrir sveitarfélagið," segir Þorsteinn. „Þetta er BREEAM-vottað verkefni og við erum í góðri samvinnu við verktakann varðandi lausnir í gluggum, bæði í ál- og timburgluggakerfum. Það er mikið að gerast á þessu svæði."

Allt sem þarf á einum stað

„Við hvetjum þá sem eru í glugga- og hurðahugleiðingum til að leita til okkar, viðskiptavinir okkar eru bæði verktakar og einstaklingar og bjóðum við faglega ráðgjöf, vandaðar vörur og gott verð," segir Þorsteinn. „Við getum komið að hönnun hússins á frumstigi og aðstoðað við að velja þær glugga-gerðir og útfærslur sem henta best og eru um leið hagkvæmastar hverju sinni."

„Hjá okkur er hægt að fá nánast allt sem þarf varðandi glugga og hurðir, hér er mikil reynsla, við seljum gæðavörur sem henta íslenskum aðstæðum á góðu verði og eigum gott samstarf við framleiðendur," segir Kjartan. „Þannig að ef það á að fara út í framkvæmdir og fólk vill gera þetta rétt og á sem hagkvæmastan hátt er BYKO einfaldlega augljós kostur.

Nú er rétti tíminn til að panta fyrir sumarið og haustið. Það er um að gera að hafa samband sem fyrst til að fá nýja glugga í húsið fyrir veturinn," segir Kjartan að lokum.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni: byko.is.

Við erum sérfræðingar í gluggum og hurðum

Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður

Draumagarður handan við hornið

Þegar kemur að því að ræða stefnur og strauma í garðahönnun er enginn betur til þess fallinn en Björn Jóhannsson landslagsarkitekt hjá Urban Beat. Sérhæfing hjá Urban Beat liggur í garðahönnun.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is

Ég hef verið að hanna garða síðan á síðustu öld og er eini landslagsarkitektinn sem hefur gefið sig algjörlega að slíkum verkefnum. Ég hef búið í Bandaríkjunum, Englandi, Spáni og Svíþjóð, ýmist við leik, nám eða störf, og áhrifa þessara dvala gætir gjarnan í verkefnum," segir Björn Jóhannsson landslagsarkitekt.

Margir eru farnir að huga að garðinum fyrir vorið og áhugavert er að fylgjast með hvaða stefnur og straumar munu einkenna árið.

„Þetta ár mun einkennast enn meira af hreiðurgerð. Með meiri heimaveru fólks í faraldrinum vill það að garðurinn sé ekki síður búsvæði en heimilið. Það verður því ekki síður mikilvægt að hægt verði að nota garðinn allt árið og allan sólarhringinn. Lítil hús sem gegna hlutverki heimaskrifstofu, sumargistingar eða sólskála verða nauðsyn frekar en ósk og því held ég að sala á góðum lausnum, til dæmis rennihurðum, verði óvenjumikil þetta árið. Þök og skýli tengd góðum skjólveggjum og útbúin geislahiturum munu þykja sjálfsögð þægindi en þá verður auðvelt bæði að grilla og snæða þó dropi aðeins úr lofti," segir Björn og er jafnframt nokkuð viss um að umhverfismál muni marka sín spor á útfærslurnar.

„Ég vona að það verði brjálað að gera hjá efnisveitu Sorpu í að útvega notaðar hellur en það er ekki til betra efni til þess að fá gamaldags yfirbragð með hallarstíl en hellur sem nú þegar hafa veðrast í 20-30 ár. Ég á líka von á því að einhver sjái tækifæri í að endurvinna gler fyrir garða en með því að tromla það má búa til ávalar perlur sem henta vel í stíga og í beð." Björn telur að við munum einnig sjá aukningu í gegndræpu yfirborði en BM Vallá, einn helsti samstarfsaðili Björns, hefur verið að taka þátt í verkefnum þar sem vatn getur runnið niður á milli hellna og skilað sér þannig aftur niður í jarðveginn.

Meiri íveru fylgir meiri ást

Að sögn Björns höfum við á síðustu árum verið í funkissveiflu þar sem einföld form og mikið notagildi hafa verið ráðandi. „Ég held að það muni áfram verða ofan á en nú mun rómantíkin lauma sér inn. Þannig mun blómstrandi gróður verða meira áberandi auk þess sem formin munu að einhverju leyti mýkjast. Með fleiri gróðurhúsum verður ræktun meira áberandi og hlutfall á heimaræktuðu grænmeti og ávöxtum í mataræðinu mun aukast. Útieldhúsið mun einnig skipa stærri sess enda ekkert leiðinlegt að taka upp grænmeti, skola það og skella beint á pönnuna.

Timburveggir með einfalt útlit og sléttir steyptir veggir hafa verið áberandi þegar kemur að skjólveggjum í görðum. Það er einn og einn sem hefur klætt vegg með annars konar klæðningu eins og bárujárni eða flísum. Ég held að það muni aukast. Það eru æ fleiri að sjá hvað það skiptir miklu máli að útlit hússins fái að teygja sig út á við. Sérstaklega þegar kemur að litum." Björn er líka viss um að litavalið eigi eftir að mýkjast í ár. „Það stefnir allt í náttúrulegt litaval. Við höfum síðustu árin séð rekaviðargrátt eða óvarið timbur verða áberandi. Á næstu árum munum við leita meira í náttúruna og því munu brúnir og grænir tónar lauma sér í inn. Í fyrstu verða það gráu litirnir sem taka á sig grænan og brúnan blæ en eftir nokkur ár munum við sjá liti sem spila með litum laufblaða og trjábarkar auk ýmissa jarðartóna."

Árið 2020 var ár gufubaðsins og ótrúlega margir að koma sér upp litlum sánahúsum úti í garði. „Fullkomin samsetning er svo sána og skiptiaðstaða, útisturta, heitur og kaldur pottur. Innan um þessi fínheit má svo koma fyrir litlum útibar með þaki og bjórkæli eða jafnvel skyrbar. Svo eru útiæfingatæki að verða vinsælli og líklegt að úrvalið þar muni færast í aukana."

Gamalt fær nýtt líf

„Mikið af erlendri pallaklæðningu er að hluta til úr endurunnu timbri og plasti og það væri mjög spennandi að sjá slíka framleiðslu hér á landi." Einnig vonar Björn að skógrækt og timburframleiðsla hér á landi aukist þannig að hægt verði að fá palla- og skjólveggjatimbur innanlands. „Það gæti minnkað kolefnissporið verulega en mörg skógræktarverkefni síðustu áratuga ættu að fara að skila nothæfu efni. Svo binda menn miklar vonir við gróður eins og bambus eða hamp sem hægt er að vinna lífmassa úr, þannig að úr verði þétt byggingarefni. Bambus hefur verið nýttur á þann hátt um árabil og hér á landi er fyrirtækið Flexi með nokkrar skemmtilegar lausnir fyrir palla."

Björn Jóhannsson landslagsarkitekt prófar hér pott og lætur fara vel um sig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fallegt garðhús í garðinum sem getur verið hentugt.

Timburpallar og steyptir veggir og bekkir. Kemur vel út.

Gróðurhús þar sem hægt er að rækta rósir eða annað.

Hér hefur verið valið að hafa steyptan pott í garði. Kemur vel út.

Hýsi-Merkúr verður

RÚKO Vinnuvélar

Lyftum okkur upp

Við fögnum nýju nafni og hlökkum til bjartari tíma og aukinnar uppbyggingar innanlands. Rúko hf. býður upp á allt sem þarf í stóru verkin til sölu eða til leigu. Allt frá smávélum og steypudælum til rafstöðva og loftpressa.

LIEBHERR YANMAR

Liebherr vinnuvélar og byggingarkranar
Yanmar smávélar
Tæki og búnaður í stóru verkin

Skoðaðu úrvalið á ruko.is

Rúko hf. | Lambhagavegi 6 | 113 Reykjavík | 534 6050 | ruko@ruko.is | **ruko.is**

Góður árangur af Allir vinna

Átakið „Allir vinna“ var sett í gang síðasta vor til að minnka efnahagslega höggið af heimsfaraldrinum. Átakið hefur haft góð áhrif á byggingariðnaðinn og gefið sveitarfélögum ný tækifæri.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Átakið „Allir vinna“ var sett í gang til að stemma stigu við neikvæðum efnahagsáhrifum kórónaveirufaraldursins í vor og var svo framlengt í haust þannig að það verður í gildi út þetta ár. Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs hjá Samtökum iðnaðarins, segir að átakið hafi skilað góðum árangri og að ástæða sé til að framlengja það enn frekar.

„Í sögulegu samhengi hefur byggingariðnaðurinn verið atvinnugrein þar sem sveiflur hafa verið tvöfalt meiri en almennt gerist í hagkerfinu,“ segir Jóhanna. „Eftir efnahagshrunið 2008 virtist ekki vera nægilegur skilningur á mikilvægi þess að halda áfram stöðugri uppbyggingu og viðhaldi húsnæðis og innviða, sem á endanum leiddi til húsnæðisskorts og mikillar uppsafnaðrar viðhaldsþarfar á innviðum. Í kjölfar faraldursins á síðasta ári var ríkisstjórnin meðvituð um mikilvægið og greip strax til ýmissa aðgerða til að örva bygginga- og mannvirkjagerð. Við sjáum að þær aðgerðir hafa haft áhrif og byggingariðnaðurinn hefur þess vegna ekki sveiflast eins mikið og áður. En það má gera meira.“

Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs hjá Samtökum Iðnaðarins, segir að Allir vinna hafi skilað góðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tækifæri fyrir sveitarfélög

„Einn liður í þessum efnahagslegu aðgerðum stjórnvalda var átakið „Allir vinna“, sem felur í sér að endurgreiðsla fæst af öllum virðisaukaskatti af vinnu við uppbyggingu og viðhald íbúðar- og frístundahúsnæðis,“ segir Jóhanna. „Endurgreiðslan nær líka til hönnunar, þannig að það er hægt að nýta tækifærið til að fá arkitekta og verkfræðinga til að fullhanna verkefni, jafnvel þó ekki sé hægt að byrja á þeim strax.

Sveitarfélög fá líka endurgreiðslu virðisaukaskatts við uppbyggingu fasteigna í þeirra eigu og þau ættu því að nýta tækifærið núna,“ segir Jóhanna. „Samkvæmt nýrri skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga um ástand og framtíðarhorfur innviða landsins eiga sveitarfélögin um 1.900 fasteignir sem eru um 453 milljarða króna virði og um 5.500 félagslegar íbúðir sem eru um 160 milljarða króna virði. En talið er að uppsöfnuð viðhaldsþörf á fasteignum sveitarfélaga sé um 25 milljarðar króna. Þannig að „Allir vinna“ átakið býður upp á gríðarleg tækifæri fyrir sveitarfélög til að sinna nýbyggingum og nauðsynlegu viðhaldi á sínum fasteignum.“

> **Í sögulegu samhengi er byggingariðnaður mjög viðkvæmur og þar verða tvöfalt meiri sveiflur en almennt gerist.**

Mikill árangur

„Landsmenn tóku vel í þetta átak, sem margir þekktu frá efnahagshruninu 2008 og tilkynning þess hafði jákvæð áhrif á atvinnulífið, sem stóð frammi fyrir mikilli óvissu. Margir atvinnurekendur voru reiðubúnir að halda áfram starfsemi og taka áhættuna að geta haldið starfsfólki í vinnu,“ segir Jóhanna. „Við vonumst líka til að þessi aðgerð hafi þau áhrif að dregið verði úr fúski og svartri atvinnustarfsemi.

Vissulega erum við ekki komin í gegnum þetta erfiða tímabil, en við sjáum það glöggt á ágætri stöðu byggingariðnaðarins í dag að þetta, ásamt aðgerðum eins og aukin innviðafjárfesting getur skilað árangri,“ segir Jóhanna. „Það er bráðnauðsynlegt að sinna innviða- og íbúðafjárfestingu. Ef það er ekki stöðug uppbygging og viðhald erum við að skella skuldinni á komandi kynslóðir.“

Gæti nýst til framtíðar

„Við hjá SI hefðum viljað sjá alla virðiskeðjuna fellda undir átakið. Jarðvinna er til dæmis næsta skrefið á eftir hönnun en hún fellur ekki undir átakið og ekki heldur vinna á verkstæðum sem er tengd framkvæmdum, heldur bara vinna sem fer fram á staðnum,“ segir Jóhanna. „Við viljum auðvitað líka helst að það sem felst í átakinu verði látið gilda til frambúðar, eða í það minnsta að það verði framlengt enn frekar. Við teljum mikla þörf á því, enda tekur það tíma að hanna og koma upp fullbyggðu húsi.

Ef horft er til framtíðar er svo hægt að hugsa sér að nýta svona átak til að styðja við umhverfisvæna uppbyggingu,“ segir Jóhanna. „Þannig væri hægt að skapa jákvæða hvata fyrir byggingariðnaðinn til að fara í þá vegferð.“

Vitundarvakning varðandi hljóðvist

Mikil þróun hefur verið hjá framleiðendum Áltaks og fyrirtækið fengið margar nýjungatengdar hljóðvistarlausnir, að sögn Stefáns Ragnars Magnússonar, viðskiptastjóra hljóðvistarlausna.

Áltak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum byggingarmarkaði og hefur verið frá stofnun þess árið 1997. Alla tíð hefur megináhersla fyrirtækisins verið á að veita heildarlausnir í álklæðningum og undirkerfum ásamt hljóðvistarlausnum innanhúss.

Að sögn Stefáns hefur vöruúrval hjá Áltaki aukist verulega á undanförnum árum og í því sambandi má til dæmis nefna vöruhúsalausnir, Weland flóttastiga, jarðvegsskrúfur sem og steypumót og margt fleira.

„Mikil vitundarvakning hefur orðið á síðustu árum varðandi hljóðvist – hvort sem um er að ræða á heimilum fólks eða í vinnuumhverfi. Slæm hljóðvist skerðir athygli og veldur þreytu hjá fólki án þess að það átti sig á orsökum vanlíðunarinnar. Í mörg ár höfum við selt Ecophon solo-plöturnar okkar sem slegið hafa í gegn inni á heimilum og á vinnustöðum.“

Kröfur um gæði og fagurfræði

„Mikil þróun hefur verið hjá framleiðendum okkar og því erum við búin að fá margar nýjungar tengdar hljóðvistarlausnum. Má þar meðal annars nefna danska fyrirtækið Tripplex. Frá þeim erum við til dæmis komin með viðarpanela sem henta í nánast öll rými. Möguleikarnir í þeim efnum eru margir og við erum með á lager nokkrar viðartegundir, eins og eik og hnotu.

Annar framleiðandi á okkar snærum er Topakustik sem býður upp á mjög margar og skemmtilegar lausnir. Báðir þessir framleiðendur einblína á betri hljóðvist innandyra auk þess sem hönnun fyrirtækjanna uppfyllir miklar kröfur um fagurfræði.

> **Við erum með fjölmargar lausnir varðandi hljóðvist á lager og reynum okkar allra besta til þess að verða við óskum viðskiptavina.**

Mörgum finnst mjög gaman að vera skapandi og vilja hanna sitt eigið form á veggi og þá erum við einmitt með framleiðendur sem uppfylla þeirra kröfur. Decibel og Acústica integral bjóða upp á ýmiss konar form sem notuð eru á veggi jafnt sem og frístandandi á gólfi og getur hver sem er notað vöruna í sköpunargleði sinni.

Við erum með fjölmargar lausnir varðandi hljóðvist á lager og reynum okkar allra besta til þess að verða við óskum viðskiptavina. Einnig er fullt af hljóðvistarlausnum til sýnis í sýningarsal okkar og er öllum velkomið að kíkja til okkar.“

Áltak er að Fossaleyni 8, sími 577 4100. Heimasíðan er altak.is

Hljóðeinangrandi veggir eru fáanlegir í nokkrum útfærslum.

Stefán Ragnar Magnússon, viðskiptastjóri hljóðvistarlausna, segir að Áltak bjóði mikið úrval lausna varðandi hljóðvist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slæm hljóðvist skerðir athygli og veldur þreytu hjá fólki en hana er hægt að bæta með ýmsum hætti.

Viðarpanelar eru fallegir og henta í nánast öll rými. Þeir hafa verið mjög vinsælir en möguleikarnir í þeim efnum eru mjög margir.

Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stilhrein sturta.
Sturtubotn fáanlegur í mörgun stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng, 8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Dineout Iceland – nýjar höfuðstöðvar

Dineout.is er hugbúnaðarfyrirtæki þar sem framkvæmdastjórinn Inga Tinna Sigurðardóttir starfar með nokkrum forriturum sem þróuðu Dineout. Húsnæði fyrirtækisins var tekið í gegn.

Arnar Gauti Sverrisson
arnargauti@sirarnargauti.is

Hugsað var fyrir öllum þægindum og litirnir tóna vel við parketið og stólana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dineout Iceland appið gerir fólki kleift að sjá hvar sé laust borð á flestum veitingastöðum landsins auk þess að ganga frá bókun í rauntíma með einföldum hætti dineout.is. Til viðbótar er hægt að panta mat til að sækja eða fá heimsendan og hefur það verið mjög vinsælt á tímum COVID. Líðandi tími kallaði á aðgerðir af hálfu Dineout til að þróa þá lausn og sjá viðskiptavinir hvaða staðir bjóða upp á að taka matinn heim og geta gengið frá pöntun með auðveldum hætti.

Undanfarið ár vann starfsfólk mikið að heiman en einnig var Dineout með skrifstofuaðstöðu sem nýttist því. Í enda janúar tók Inga Tinna ákvörðun um að sameina allt undir einu þaki og leigði hæð í Skútuvogi 13a. Ég var fenginn í að hanna umgjörð sem hentaði öllum starfsmönnum fyrirtækisins, bæði forriturum góða vinnuaðstöðu og einnig aðstöðu þar sem allir geta sest niður saman, farið yfir verkefni sín og framtíðarplön.

Það magnaða við þetta verkefni er að við náðum að klára framkvæmdir og flytja alla í nýju höfuðstöðvar Dineout á sjö dögum. Það var allt tekið í gegn, ég setti nýtt gólfefni en tvær tegundir voru fyrir, dúkur á öðru rýminu og hálfónýtt parket á hinu. Við sprautuðum loftið matt svart og settum innfelld svört ljós, öll skrifstofan var máluð í París gráu með 1% gljástigi sem gerir allt ótrúlega hlýlegt og tekur vel utan um mann.

Pælingin var að fremra rýmið myndi nýtast fyrir fundi og kynningar á þeim fjölmörgu verkefnum sem fyrirtækið vinnur að, en einnig sem slökunarrými fyrir starfsmenn og forritararnir fengu Playstation og stórt sjónvarp á vegginn. Svo stendur til að fá fleiri „leiktæki“ til að brjóta upp daginn. Þar er einnig hægt að bjóða upp á gott Nespresso-kaffi og spjall fyrir gesti.

Ingu Tinnu er margt til lista lagt, hún er listáhugakona og fagurkeri, veggirnir fá að njóta sín með fallegri list til að skapa þessa upplifun sem við sóttumst eftir.

Seinna rýmið var síðan sett upp sem vinnurými með nokkrum starfsstöðvum, bæði fyrir fasta starfsfólkið og þá sem síðan geta komið inn í verkefni í styttri tíma.

Inga Tinna rekur einnig fyrirtækið Icelandic Coupons sem er starfrækt í höfuðstöðvunum í Skútuvogi. Það er vinsælasta afsláttarapp Íslendinga og hafa rúmlega 40.000 landsmenn sótt sér aðgang að því appi. Það er mikið líf í þessu framsækna fyrirtæki. Það var ótrúlega gaman að koma að þessu verkefni í hönnun með Ingu Tinnu og svo sannast það enn og aftur hvað góður verktaki getur gert með góðri samvinnu. Verktakafyrirtækið Bestverk sá um allar framkvæmdir við þetta nýja húsnæði og gerði það listavel á aðeins sjö dögum.

limtrevirnet.is

ÁLKLÆÐNINGAR EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Fullvinnsla og sérsmíði á klæðningum og áfellum

Hafðu samband:
sala@limtre.is | 412 5300



LímtréVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

Öll skrifstofan var máluð í París gráu með 1% gljástigi sem gerir allt ótrúlega hlýlegt.

Hugguleg aðstaða fyrir starfsmenn eða gesti sem eiga erindi á staðinn.



Notalegt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn og mikið hugsað um hlýleika. Takið eftir litnum á veggnum.

Þannig leit salurinn í Skútuvogi út áður en hann var tekinn í gegn.

ÍSLENSK NÁTTÚRA. OKKAR Á MILLI.

Veldu örugga milliveggi úr íslenskum vikri.



Myglar ekki
Hljóðvist allt að 48 Db
Gott bruna- og rakaþol
Lágt kolefnisspor
Auðvelt í uppsetningu

Hlaðinn og múrhúðaður veggur er sígild lausn sem byggir á handverki og áratugalangri og traustri hefð. Hann er laus við öll samskeyti og hefur gott naglhald, góða hljóðeinangrun og gott bruna- og rakaþol.

Við mælum með vikur- eða gjallplötum þar sem meiri hljóðeinangrunar er krafist – og þær henta báðar einkar vel í votrými, enda myglufrítt efni.

VOTTAD GÆÐAKERFI ÍST ISO 9001

Hafðu samband við ráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma **412 50 50** eða á netfanginu **sala@bmvalla.is**

bmvalla.is

BM·VALLÁ

Dóttirin himinlifandi með nýja eldhúsið

Inga Heinesen setti sér það markmið í febrúar að endurgera herbergi yngstu dóttur sinnar. Eitt af því sem hún gerði var að taka IKEA-dótaeldhús í gegn og er útkoman hreint út sagt stórkostleg.

Inga er búsett á Akureyri þar sem hún starfar sem hjúkrunarfræðingur ásamt því að gera augnháralengingar. Inga er þriggja barna móðir og segist alla tíð hafa búið yfir framtaks- og útsjónarsemi, enda hafi hún átt sér frábærar fyrirmyndir hvað það snertir.

„Það hefur alltaf verið ríkt í mér að gera hlutina sjálf og velja hagkvæmari leiðir. Það er eitthvað sem ég hef lært af foreldrum mínum, ömmum og afa en ég hef fylgst með þeim í gegnum tíðina laga, breyta og bæta.“

Besta ráðið að drífa í þessu

Inga setti sér metnaðarfull áramótaheit í upphafi árs. „Markmiðið árið 2021 er að hætta að fresta hlutum sem mig langar til gera. Þess vegna setti ég mér það markmið að fara í eitt verkefni á mánuði. Í janúar breytti ég og málaði stofuna hérna heima og verkefni febrúar var síðan herbergi yngri dóttur minnar.“

Hún segir Pinterest hafa veitt sér mikinn innblástur í ferlinu sem tók um þrjá daga. „Ég var búin að skoða alls konar hugmyndir á Pinterest og þar sá ég ýmsar útfærslur af IKEA-barnaeldhúsum. Ég keypti öll efni í Slippfélaginu og fékk líka mjög góða aðstoð og leiðbeiningar. Þetta tók alveg þrjá daga en það er aðallega vegna þess að maður þarf að gefa lakkinu góðan tíma til að þorna á milli umferða.“

Þetta barnaeldhús er vinsælt á íslenskum heimilum en með útsjónarsemi og elju er hægt að gjörbreyta því eins og sjá má hjá Ingu.

Inga segir dóttur sína hafa verið himinlifandi með breytingarnar. „Dóttirin var alveg ótrúlega ánægð með útkomuna. Hún er ein bleikasta týpa sem ég þekki þannig að það kom lítið á óvart,“ segir hún létt í bragði. „Næst ætla ég að lakka hurðakarmana og hurðirnar og svo ætla ég að lakka eldhúsborðið.“

Inga ráðleggur þeim sem langar að fara í framkvæmdir að vera óhrædd við að taka fyrsta skrefið. „Ég held að besta ráðið sé bara að drífa í þessu. Þetta er oftast ekki eins mikið mál og maður heldur. Undirbúningurinn skiptir þó öllu máli og það er mikilvægt að gefa sér tíma í hann til þess að útkoman verði sem best.“

Inga ásamt eldhúsinu sem er gjörólíkt eftir breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Auðveldari aðgangur að úrgangstölum

Bygging nýs Landspítala markar þáttaskil í stafrænum lausnum í úrgangsstjórnun. Terra sér um úrgangsstjórnunina í samvinnu við Eykt og NLSH. Gerðar eru miklar kröfur um endurnýtingu.

Farnar eru nútímalegar og vistvænni leiðir í byggingu nýs Landspítala, stærstu byggingarframkvæmd næstu ára á Íslandi. Meðan á framkvæmdum stendur er allur úrgangur sem fellur til flokkaður í að lágmarki sjö flokka samkvæmt BREEAM-staðli. Einnig eru gerðar reglulegar mælingar á loftslags- og umhverfisáhrifum í sambandi við úrgang sem berst frá svæðinu. Terra, sem er umhverfisfyrirtæki atvinnulífsins 2020, sér um úrgangsstjórnun í samvinnu við Eykt sem sér um uppsteypuna og NLSH ohf. sem stýrir heildarframkvæmdinni.

„Þetta verkefni markar þáttaskil þegar kemur að stafrænum lausnum í úrgangsstjórnun til þess að fylgjast með endurvinnsluhlutfalli og kolefnisfótspori af akstrinum,“ segir Jónína Guðný Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri viðskipta- og þjónustusviðs Terra. „Það eru miklar kröfur gerðar varðandi úrgangsstjórnun, flokkun, endurvinnslu og mælingar í þessari gríðarmiklu framkvæmd; allt skal miðast við BREEAM-staðalinn. Það hefur verið sönn ánægja fyrir Terra að fara í þessa vinnu með Eykt. Til að mynda skal endurnýta 95% af hættulausum byggingarúrgangi frá vinnusvæði; hann skal endurnýttur á staðnum, endurnýttur á öðrum verkstað eða þá geymdur til síðari endurnýtingar. Það fellur vel við kjörorð okkar: Skiljum ekkert eftir.“

Rauntímagögn um endurvinnsluhlutfall og kolefnisfótspor

Er þetta framtíðin í byggingariðnaði?

„Það er klárt mál. Flokkun er ekki einungis samfélagslega ábyrgari leið fyrir verktaka og byggingarfyrirtæki heldur getur líka verið mun hagkvæmari. Hvatarnir gera flokkun hagkvæmari ef miðað er við eyðingargjöld úrgangsins. Einnig gera flest útboð í dag einhverja kröfu um endurnýtingar- og endurvinnsluhlutfall og skráningu kolefnisspors. Terra skilar af sér upplýsingum til Eyktar, sem eru uppfærðar í rauntíma á Mínum síðum Terra, um hvernig þau standa sig í lágmörkun og flokkun úrgangs og spilliefna með því að gefa upp magn hvers flokks og heildarendurvinnsluhlutfall. Einnig kemur þar fram fjöldi ferða, keyrsla í kílómetrum og meðaleyðsla hvers bíls, svo auðvelt er að reikna út kolefnisspor af akstrinum samkvæmt BREEAM.“ Búið er að koma upp verkreglum og aðbúnaði á framkvæmdarstað til að flokka, endurnýta og endurvinna byggingarúrgang og annan úrgang. Allir gámar á svæðinu eru kyrfilega merktir á þremur tungumálum og myndrænt.

Jónína Guðný Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri viðskipta- og þjónustusviðs Terra, segir flokkun og endurnýtingu vera framtíðina í byggingariðnaði og samfélagslega ábyrga leið fyrir verktaka- og byggingarfyrirtæki. MYND/AÐSEND

Farnar eru nútímalegar og vistvænar leiðir í byggingu nýs Landspítala.

Smáhýsi – hagkvæm og umhverfisvæn

Terra sér einnig um uppsetningu á vinnubúðum og tímabundnu skrifstofurými á svæðinu. Nú er þar risið smáhúsaþorp sem er hentug og hagkvæm lausn í stórum framkvæmdum. Um er að ræða einingar sem auðvelt er að taka niður í lok verkefnis. „Smáhýsi henta ekki einungis tímabundnum framkvæmdaverkefnum heldur er þetta einnig til dæmis vel þekkt lausn fyrir skóla. Fjöldi barna getur verið misjafn eftir árgöngum, hverfi eldast einnig og yngjast til skiptis og þá getur oft munað mörgum tugum barna. Þá er hagkvæmt og umhverfisvænt að nota smáhýsi sem hægt er að flytja burt og endurnýta í öðrum tilgangi þegar þeirra er ekki lengur þörf,“ segir Jónína.

„Frá samfélagslegu og lagalegu sjónarmiði munu kröfurnar um lágmörkun og stöðuga upplýsingagjöf varðandi úrgang aukast. Það skiptir máli að fá tölur í rauntíma til bregðast hratt og rétt við og Terra er sannarlega með í þeirri vegferð.“

Jesús á smíðaverkstæði Jósefs og María fylgist með. Verk frá 1891.

Fjórir frægustu smiðir allra tíma

Frægasti smiður allra tíma er án efa Jesús Kristur frá Nasaret. Í Biblíunni vísuðu nágrannar Jesú til hans sem „smiðsins“, en líka sem „sonar smiðsins Jósefs“. Ekki er vitað hvernig verk Jesús vann sem smiður en líklegast er að hann hafi lært handtök og aðferðir við smíðarnar af Jósef og unnið við hlið hans við smíðar og tilfallandi handverk. Vitað er að smiðir á tímum Jesú Krists smíðuðu mikið af hurðum og gluggahlerum, húsgögnum og þökum, auk þess að sinna alls konar viðhaldsvinnu.

Bandaríski forsetaframbjóðandinn Bernie Sanders vann sem smiður í New York eftir að hann útskrifaðist úr framhaldsskóla heima í Brooklyn, og svo aftur í Vermont þangað sem hann flutti heillaður af sveitalífinu.

Leikarinn Mark Harmon, sem farið hefur með hlutverk Leroy Jethro Gibbs í sjónvarpsþáttunum NCIS síðan 2003, starfaði sem smiður áður en hann sló í gegn sem leikari. Smíðahæfileikar hans fá að njóta sín í NCIS þar sem persóna hans smíðar báta sér til gamans í kjallaranum.

Á meðan bitastæð hlutverk létu standa á sér ákvað stórleikarinn Harrison Ford að mennta sig sem smiður og vann hörðum höndum við húsasmíðar til að framfleyta fjölskyldunni eða þar til hlutverk buðust sem honum hugnaðist að taka að sér.

Kínamúrinn er tímafrekasta mannvirki sögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tímafrekustu mannvirkin

Það tekur mislangan tíma að reisa byggingar og önnur mannvirki en hér eru þrjú söguleg mannvirki sem tóku hvað lengstan tíma í framkvæmd. Í fyrsta sæti er Kínamúrinn en framkvæmdir á honum eru sagðar hafa hafist um 400 árum fyrir Krist og endað um 1600. Það þýðir að bygging hans hafi tekið um 2.000 ár sem verður að teljast ansi tímafrekt. Í næsta sæti er hið dularfulla Stone Henge en talið er að 1.600 ár hafi farið í byggingu þess, eða frá því um það bil 3100 til 1500 árum fyrir Krist. Þriðja sætið vermir síðan hin forna borg Petra í Jórdaníu en framkvæmdir á henni hófust um það bil 600 árum fyrir Krist og þeim lauk ca. 250 árum eftir Krist og er því um 850 ár að ræða.

Litirnir breytast á heimilum

Árið 2021 mun einkennast af hlýlegum litum á heimilum. Fjólublár, myntugrænir og ljósbláir munu bætast í flóru hinna náttúrulegu lita sem hafa verið allsráðandi undanfarið ár. Sterk áhrif verða frá áttunda áratugnum í hönnun heimila með handgerðum hlutum eins og keramiki og endurunninni vefnaðarvöru.

Fólk dvaldi mikið inni á heimilum sínum á síðasta ári. Þess vegna er áhuginn meiri en nokkru sinni áður á þróun í innanhússhönnun. Hjá mörgum þarf heimilið nú að virka sem bæði heimili og vinnustaður.

Náttúrulegu litirnir og efni eru enn ráðandi í innréttingunum. Á þessu ári verða þau form brotin upp með öðrum litum. Hið bóhemíska víkur fyrir meiri glæsileika og mögulega snert af japönskum áhrifum.

Róandi og notalegt andrúmsloft mun einkenna innanhússhönnun á árinu 2021. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hugtakið „Slow Living“ gæti orðið áberandi þar sem lögð er áhersla á sjálfbærara daglegt líf. Fólk mun hægja á hraðanum og skreyta heimilin með hlutum sem gleðja og skipta máli, hlutum sem hafa persónulegt gildi í stað óþarfa.

Grænir, róandi tónar verða áberandi en pastellitir gætu líka komið sterkir inn, til dæmis gulur og rauður.

EINANGRAÐU MEÐ ÍSLENSKRI STEINULL

INNLEND FRAMLEIÐSLA MEÐ EPD UMHVERFISYFIRLÝSINGU

Steinull hf er fyrsti byggingavöruframleiðandinn á Íslandi sem látið hefur útbúa umhverfisyfirlýsingu fyrir sínar vörur.

Umhverfisyfirlýsing vöru stendur fyrir „Environmental Product Declaration“ eða EPD.



STEINULL

SAUÐÁRKRÓKI • Sími 455 3000 • steinull@ steinull.is • www.steinull.is

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI

HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070

Finndu okkur á Facebook

Fagleg ráðgjöf fyrir íbúðarhúsnæði, skrifstofur, atvinnuhúsnæði og fleira.

HLJÓÐVIST

RÁÐGJÖF & HÖNNUN

hljodvist.is • hljodvist@hljodvist.is

Stangarstökk nýtist við allt sem ég geri í lífinu

Þórey Edda Elísdóttir, verkfræðingur og stangarstökkvari, ræðst ekki á garðinn sem hann er lægstur og hannar nú og útfærir Svansvottað einbýlishús fyrir fjölskyldu sína.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Þórey Edda með Guðmundi eiginmanni sínum á lóðinni þar sem Svansvottaða húsið við Völuskarð í Hafnarfirði mun rísa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ég fann minn draumastað í Völuskarðinu. Húsið mun rísa stutt frá æskustöðvunum og foreldrar mínir, bræður og fjölskyldur þeirra búa enn öll í Hafnarfirði. Svo er þetta alveg í jaðri við náttúruna og þar líður mér best,“ segir stangarstökkvarinn frækni og landsfrægi Þórey Edda Elísdóttir.

Þórey er menntaður umhverfisverkfræðingur, búsett á Hvammstanga en hefur nú ákveðið að reisa fjölskyldunni Svansvottað hús í gamla heimabænum.

„Flutningarnir til Hvammstanga voru alltaf hugsaðir tímabundnir, á meðan börnin væru lítil. Við höfum ekki tekið endanlega ákvörðun með flutningana suður en þó er líklegt að af þeim verði innan nokkurra ára og Guðmundur, maðurinn minn, hefur samþykkt ósk mína um að staðsetja framtíðarhús fjölskyldunnar í Hafnarfirði. Við höfum þó tengst Hvammstanga tryggðarböndum og þar mun okkar annað heimili alltaf verða.“

Afsláttur af lóðarverði

Það sem heillaði Þóreyju ekki síst við byggja sér hús á heimaslóð var að Hafnarfjarðarbær gefur afslátt af lóðarverði fyrir vottuð hús.

„Það finnst mér til fyrirmyndar og eftirbreytni fyrir önnur sveitarfélög. Þá eru göturnar svokallaðar vistgötur og umhverfið allt heillandi,“ segir Þórey sem er mikill náttúruunnandi.

„Strax á barnsaldri fannst mér gaman að læra um líffræði, náttúrufræði og stærðfræði. Því lá eiginlega beinast við að læra umhverfisverkfræði. Í henni er unnið með lausnir í umhverfismálum og er því jákvæður vinkill inn í umhverfismálin sem geta oft verið íþyngjandi,“ segir Þórey og heldur áfram:

„Við eigum bara eina jörð, en Vesturlandabúar lifa eins og þær séu allt að fimm. Það endar ekki vel nema við breytum lifnaðarháttum okkar og venjum, og komum með lausnir sem stuðla að aukinni sjálfbærni.“

Flókið verkefni í fyrsta sinn

Þórey stefnir að opnun verkfræðistofunnar Visthönnunar á næstu dögum. Hún hannar Svanshús fjölskyldunnar frá grunni, fyrir utan raflagnir og loftræstingu sem hún hefur ekki kunnáttu né leyfi fyrir.

„Samkvæmt deiliskipulagi á húsið að vera á tveimur hæðum með hallandi þaki aftur og það verður með svalir yfir bílskúr. Meginklæðning verður hitameðhöndlað timbur sem er endingargott og viðhaldslítið,“ upplýsir Þórey.

Hún segir snúið að vinna að svo flóknu verkefni í fyrsta sinn og sitthvað vefjast fyrir í hönnunarferli og framkvæmd hússins.

„Skyldukröfur Svansins eru 41 talsins og stigakröfur fjórtán, svo það er að mörgu að huga. Þetta verður auðveldara þegar ég fer í gegnum ferlið í annað og þriðja sinn. Það var þó nákvæmlega út af þessu sem ég vildi fara út í þessa framkvæmd. Mér fannst ég ekki

Svansvottað einbýlishús Þóreyjar.

getað boðið öðrum upp á þjónustu á einhverju sem ég hefði aldrei gert áður, þótt ég hafi í raun öll réttindi til þess. Svo vildi ég líka fara að huga að því að eignast húsnæði í Hafnarfirði.“

Hægt er að fylgjast með framkvæmdunum frá upphafi til enda undir nafninu Visthönnun á Facebook og Instagram, og vefsíðan visthonnun.is er í vinnslu.

„Með því að hafa ferlið opið vil ég sýna fólki að það er vel mögulegt að byggja sér umhverfisvænna hús. Hjónin Finnur Sveinsson og Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir ruddu veginn og byggðu fyrsta Svansvottaða húsið á Íslandi. Þau hafa gefið út mikið af efni sem hjálpar mér og öðrum að fara sömu leið og ég vona svo sannarlega að ég geti líka hvatt aðra til að fara þessa leið,“ segir Þórey.

Verðmæti hússins er meira

Á Íslandi hafa hingað til verið byggð hús með tvenns konar vottanir, Svansvottun og BREEAM-vottun. „Ég þekki Svansvottunina betur og vildi sem hönnuður byrja á að læra meira um hana. Seinna vil ég kynna mér BREEAM-vottunina betur og vonandi koma að hönnun slíkra bygginga. Svansvottun gerir ekki bara kröfur um umhverfisvernd heldur eru heilsuspillandi efni ekki heldur leyfð í bygginguna. Það fannst mér líka vega þungt í þessari ákvörðun.“

Að byggja Svansvottað hús krefst mun meiri eftirfylgni á öllum stigum framkvæmda.

„Í því felst að byggingin fær líka aukin gæði. Til dæmis þarf að halda utan um öll efni sem notuð eru í húsið, alveg niður í tegundir kíttis, og þarf að skila inn efnalista yfir öll efni til Svansins. Jafnframt þarf að vera með rakavarnarfulltrúa sem gengur úr skugga um að raki sé ekki innilokaður í byggingarferlinu, en það er gert til að lágmarka myglu,“ útskýrir Þórey.

Sömuleiðis þarf að framkvæma loftþéttleikapróf til að orkunotkun hússins verði sem minnst.

„Orkunotkun þarf að vera 70 prósent minni en í venjulegum húsum og til að ná því markmiði þarf að nota loftræstikerfi með varmaendurvinnslu í húsið. Það sparar ekki bara orkunotkun heldur eykur líka gæði innivistar. Allt hjálpar þetta við að gæði hússins verði meiri,“ segir Þórey.

Í gegnum Visthönnun vill hún geta boðið upp á umsjón með þessu öllu. „Ég vil geta séð um hönnun (aðaluppdrætti, burðarvirki og lagnir), alla umsýslu vegna Svansvottunar, eftirlit og prófanir.“

Þórey segir byggingu Svansvottaðs húss ekki eins kostnaðarsama og margur heldur.

„Hönnunarkostnaður og utanumhald er eitthvað dýrara vegna fleiri þátta sem verkfræðingur eða arkitekt sinnir, og einnig þarf að bæta við loftræstihönnun og loftræstikerfi. Efniskostnaður er lítið meiri og fullt af efnum í venjuleg hús ganga líka í Svansvottuð hús. Við bætist krafa Svansins um flokkun á byggingarstað og því fylgir einhver aukinn kostnaður. Á móti kemur að verðmæti hússins er meira.“

Svansvottunin heillar mest

Þórey vinnur nú að fyrstu fjórtán skyldukröfunum í Svansvottuninni og er alveg við að skila inn aðaluppdráttum af húsinu.

„Síðan taka við burðarþolsreikningar. Ég hef einnig hafið samvinnu við BYKO og verða flest efni í húsið keypt þar. Þar er mikill metnaður að bjóða fjölbreytt efni sem eru leyfileg í vottuð hús og mikil þekking að byggjast upp hjá starfsmönnum þegar kemur að efnisvali. Það hjálpar mikið að fá slíka þjónustu í mínu fyrsta verkefni,“ segir Þórey, full tilhlökkunar fyrir framhaldinu.

„Það er sjálf Svansvottunin sem heillar mig mest við nýja húsið. Ég er líka spennt að sjá hvernig verður að vera með loftræstikerfi. Svo er húsið úr krosslímdum timbureiningum og ég er mjög spennt að upplifa hvernig er að búa í húsi úr því byggingarefni,“ segir Þórey hvergi bangin fyrir krefjandi verkefni, enda býr hún að hugrekki stangarstökkvarans sem nýtist eflaust líka við smíðarnar.

„Stangarstökkið nýtist mér við allt sem ég tek mér fyrir hendur í lífinu,“ segir hún og brosir.

Fasteignablaðið

8. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 23. FEBRÚAR 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115

VALHÖLL FASTEIGNASALA
STOFNUÐ 1995

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali.
899 9083

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala



Dalbrekka 23

Einstök og stórglæsileg 188,5 fm. íbúð í "New York Loft" stíl, í hjarta Kópavogs, þar sem glamúrinn er alls ráðandi.

Opið hús miðvikudaginn 24 febrúar kl 16:30-17:30

Elínborg s 861-6866

FAGVIS FASTEIGNASALA HVERAGERÐIS

fagvis.is Breiðumörk 13, Hveragerði. s 483-5900

Einbýlishús í Vorsabæ er til sölu en því hefur verið vel haldið við.

Einbýli í grónu hverfi

Fold fasteignasala kynnir einbýlishús á einni hæð + bílskúr: Vorsabær 5, 110 Reykjavík, samtals 191,6 fm. Húsið er 160 fm og bílskúrinn 31,6 fm. Til viðbótar er ca. 25 fm herbergi úti á palli með hita og rafmagni.Stór og mikil verönd umlykur húsið. Heitur pottur og lóð í góðri rækt. Lóðin er 825 fm. Hiti í bílaplani. Bílskúrinn er með vatni, hita og rafmagni.

Húsið var klætt að hluta fyrir ca. 30 árum. Búið að skipta út þakplötum og endurnýja gler í gluggum eftir þörfum. Þetta er vel staðsett einbýli á einni hæð í rótgrónu hverfi sem fengið hefur gott viðhald í gegnum tíðina. Sömu eigendur frá upphafi. Stór og góð heimreið með hita í plani. Áhugasömum er bent á að skoða eignina vel.

Þegar inn er komið tekur við flísalögð forstofa, fatahengi og fataskápur. Gestasalerni með glugga, innrétting og flísar á gólfi. Hol, stofa og borðstofa renna saman í opnu rými. Gegnheilt og niðurlímt parket. Voldugur arinn. Tvö þrep niður í skála/sjónvarpsherbergi sem er flísalagður.

Útgengt þaðan á verönd. Önnur lokuð verönd fyrir aftan hús með heitum potti og þriðja veröndin á hliðinni. Eldhúsið er uppgert með fallegri innréttingu og tækjum ásamt háfi. Flísar á gólfi og góðir gluggar. Inn af eldhúsi er þvottahús og útgengt þaðan á heimreiðina. Sturtuklefi er í þvottahúsinu og kyndiklefi sömuleiðis.

Á herbergjagangi eru fjögur herbergi á teikningu en hafa alltaf verið þrjú. Fataskápur í hjónaherbergi. Baðherbergið er með glugga og endurnýjað. Flísalagt í hólf og gólf, innrétting, handklæðaofn og sturtuklefi. Í heildina góð eign á eftirsóknarverðum stað nálægt útivistarparadís.

Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf lgf., gustaf@fold.is / 895-7205. Panta þarf tíma fyrir skoðun en húsið verður sýnt eftir hádegi í dag.

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

Einstök útsýnisíbúð með tvöföldum bílskúr

Freyjubrunnur 23 í Úlfarsárdal

Sýnum daglega hafið samband **Guðbjörg sími 899 5533**

Tveggja herbergja 120.5 fm þakíbúð
Skjólgóðar útsýnissvalir
Tvöfaldur bílskúr, innangengt í stigagang
Verð 58,9 m.

FJÖLHÚS FASTEIGNASALA

www.fjolhus.is Ármúla 3 sími 511 1020

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

FOLD FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson viðskiptafr. og lögg. fast. vidar@fold.is / 694-1401
Gústaf Adolf Björnsson íþróttafræðingur og lögg.fast gustaf@fold.is / 895-7205
Anna Ólafía Guðnadóttir íslenskufræðingur
Rakel Viðarsdóttir viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi rakel@fold.is / 699-0044
Einar Marteinsson lögg. fast. einarm@fold.is / 893-9132
Hlynur Ragnarsson löggildingarnemi
Sævar Bjarnason löggildingarnemi

Krummahólar 41, 111 Rvk., raðhús á einni hæð.

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 23/2 KL. 17:00-17:30.

Krummahólar 41: 3ja herbergja raðhús á einni hæð með sérbílastæði fyrir fram hús. Sérafnota reittur fyrir framan og aftan hús. Forstofa með flísum, baðherbergi með flísum og gólfhita. Stofa og tvö svefnherbergi með parketi á gólfum.
Opið hús þriðjudaginn 23. febrúar kl. 17:00-17:30, verið velkomin.
Bóka þarf tíma: einarm@fold.is.

Snorrabraut 35, 2.hæð.:

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 23.2. KL. 16:30-17

Snorrabraut 35, 2.hæð: Þriggja herbergja íbúð á annari hæð, ásamt herb í kjallara með aðagangi að snyrtingu og sturtu. Íbúðin er björt og falleg með suðaustursvölum. Gott herbergi er í kjallara sem hentar vel sem vinnuherbergi, unglingaherbergi eða til utleigu.
Opið hús er á þriðjudag 23.2. kl. 16:30-17, Alexandra á bjöllu.
Vinsamlegast bókið komu. á fold@fold.is eða í síma 5521400.

Jörfagrund 50, 116 Reykjav./Kjalarnes. 4ra herbergja.

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 24.2. KL. 17:00-17:30.

Vorum að fá í sölu. Ca. 92 fm. fallega 4ra herbergja íbúð með sérinngangi frá svölum á rólegum stað á Kjalarnesi. Þrjú svefnherbergi, eldhús opið í stofu. Þvottaaðstaða á baði. Geymsla innan íbúðar. Suðursvalir. **Gott verð 33,9 millj.**
Opið hús miðvikudaginn 24.2. kl. 17:00-17:30.
Vinsamlegast tilkynnið komu á fold@fold.is eða í síma 552-1400.

Fellsmúli 5, 3.hæð:

OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 24.2. KL. 16:30-17

Fellsmúli 5, 3.hæð: Góð 4ra herbergja íbúð á 3.hæð í mikið endurnýjuðu húsi við Fellsmúla í Reykjavík. Íbúðin er vel skipulögð. Tengt er fyrir þvottavél á baði. Frá stofu eru vestursvalir. Blokkin er nýlega viðgerð að utan.
Opið hus miðvikud. 24.2. kl. 16:30-17.
Vinsamlegast tilkynnið komu á fold@fold.is og í síma 5521400.

Álfaheiði 1, 200 Kóp., 3ja herbergja á 2 hæð.

3ja herbergja 79,3 fm íbúð á 2. hæð (íbúð 203) ásamt geymslu á jarðhæð fyrir utan birta fm + sameiginlegt þvottahús og vagna- og hjólageymsla. Sérmerkt bílastæði. Parket, korkur og flísar á gólfum. Ísskápur og uppþvottavél fylgja með í kaupunum. Íbúðin er laus við kaupsamning.
Verð 44,9 millj. **Bókið skoðun hjá: gustaf@fold.is / 895-7205.**

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Einbýlishús óskast í Garðabæ fyrir trausta kaupendur

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir.

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 4ra herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Byggingaraðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir.

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Byggingaraðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Ólafsgeisli. Einbýlishús á útsýnisstað.

- Einstaklega fallegt og vandað 320,0 fm. einbýlishús á þremur hæðum á einstökum útsýnisstað við Ólafsgeisla í Grafarholti.
- Miklar fastar sérsmíðaðar innréttingar eru í húsinu. Fataskápar í öllum herbergjum, miklar innréttingar í þvottaherbergi og í baðherbergjum. Eikarparket og flísar eru á gólfum.
- Fimm herbergi. Samliggjandi stofur. Opið eldhús. Þrjú baðherbergi.
- Eignin stendur á 660,0 fm. lóð með hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan og norðan við húsið og skjólsælli verönd til suðurs og vesturs.

Grettisgata – Heil húseign



- Um er að ræða sex 2ja herbergja íbúðir auk geymslna, samtals 245,8 fermetrar.
- Eignin er öll í langtímaútleigu í dag og skráð sem íbúðarhúsnæði en endurnýjun á gistileyfi í flokki II er í venjubundinni endurnýjun og því væri hægt að færa eignina í ferðamannaleigu þegar þar að kemur.
- Um er að ræða virkilega fallega og nýlega uppgerða 6 íbúða húseign, sem var að öllu leyti endurbyggð árið 2010, á virkilega rólegum og góðum stað í hjarta miðborgarinnar. Svalir eru á 4 íbúðum hússins.

Bræðraborgarstígur. 3ja herbergja íbúð.

- Virkilega góð 119,3 fm. íbúð á tveimur hæðum, jarðhæð og kjallara, í nýlega viðgerðu og steinuðu fjölbýlishúsi við Bræðraborgarstíg.
- Bæði er sérinngangur í íbúðina og sameiginlegur um stigahús.
- Jarðhæðin er mjög björt með aukinni lofthæð og stórum gluggum. Góður stigi er á milli hæða og kjallarinn er með gluggum til suðurs.
- Stór og björt stofa með frönskum gluggum til suðurs og vestur og útgengi á verönd. 2 svefnherbergi.
- Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

Verð 54,9 millj.

Leifsgata 9. Tvær íbúðir- 3ja – 4ra herb. íbúð og studióíbú.

Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 94,4 fm. nýlega innréttuð og vönduð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð.
- 41,2 fm. nýlega innréttuð 2ja herbergja íbúð á baklóð í sérstæðu húsi.
- Báðar íbúðirnar eru mikið endurnýjaðar og eru í góðu ástandi. Möguleiki á góðum leigutekjum.
- Íbúðunum fylgir sér innkeyrsla/bílastæði við Leifsgötuna sem þinglýst er eingöngu á þessar íbúðir.
- Frábær staðsetning í miðborginni.

Verð 62,9 millj.

Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.

- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

Verð 73,9 millj.

Vatnsstígur 16. 2ja herbergja íbúð.



- Virkilega vönduð 112,5 fm. íbúð á 1. hæð við Vatnsstíg nr. 16 í Reykjavík auk sér bílastæðis í bílageymslu.
- Stór og björt stofa með tveimur gólfsíðum gluggum og útgengt á yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs sem eru með svalalokun.
- Allar innréttingar, innihurðir og parket í íbúðinni eru úr eik.
- Sameign hússins er öll til fyrirmyndar og umgengni einstaklega góð.

Verð 66,9 millj.

Lyngháls 10. Nýlega innréttaðar stúdióíbúðir.

- 10 nýlega innréttaðar og vandaðar stúdióíbúðir á 3. hæð í steinsteyptu og álklæddu húsi við Lyngháls 10 í Reykjavík.
- Íbúðirnar voru allar innréttaðar fyrir um 7 árum síðan og þá sett upp eldhús í hverri íbúð og baðherbergi í hverja íbúð.
- Baðherbergi eru öll flísalögð og með flísalögðum sturtum, handklæðaofnum og vegghengdum salernum. Harðparket er á gólfum alrýma og herbergja. Eldvarnarhurðir eru frá öllum íbúðum við gang.

Verð 189,0 millj.

Íbúðirnar eru allar í útleigu í dag. Nánari uppl. á skrifstofu.

Laugavegur 86-94. 2ja og 3ja herbergja íbúðir.



- 3ja herbergja 93,7 fm. íbúð á 4. hæð. Svalir til suðurs með útsýni yfir miðborgina. Íbúðin er virkilega vönduð og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími. <B>Verð 64,9 millj.<BL>
- 2ja herbergja 70,7 fm. íbúð á 3. hæð. Svalir til norðurs þaðan sem nýtur útsýnis. Þvottaherbergi innan íbúðar. Baðherbergi með marmarasteini á gólfum og veggjum.

Verð 47,9 millj.

Íbúðir eru sérstaklega hljóðeinangraðar sem og hluti sameignar. Stæði fyrir íbúðir á baklóð og stórt bílastæðahús er undir húsinu.

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

NÝTT Í SÖLU

Stangarholt 14
105 Reykjavík

OPIÐ HÚS
þriðjudaginn 23. febrúar
milli kl. 17:00 - 17:30

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Mjög vel staðsett 159 fm eign í Stangarholtinu

- Miðhæðin er 3ja herbergja 70,2 fm með suðursvölum.
- Jarðhæð/kj.íbúðin er 49,1 fm, tveggja herbergja með útgengi út á verönd til suðurs
- Í bílskúrnum er 39,7 fm tveggja herbergja íbúð.
- Íbúðirnar er allar mjög bjartar og vel skipulagðar.

Verð: **79,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Drápuhlíð 27
105 Reykjavík

OPIÐ HÚS
þriðjudaginn 23. febrúar
milli kl. 17:00 - 17:30

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

Sérlega falleg og mikið endurnýjuð 5 herbergja 126 fm sérhæð

- Tvær góðar stofur
- 3 svefnherbergi
- Hús nýlega steinað og í mjög góðu standi

Verð: **72,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Brekkulækur 6
105 Reykjavík

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jason í síma **775 1515**



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Björt og vel skipulögð 114 fm 4 herbergja hæð

- Tvær stofur
- Þrjú svefnherbergi
- Eldhús
- Þvottaherbergi
- Nýtt baðherbergi
- Vestursvalir
- Sameiginlegur inngangur
- Sérgeymsla

Verð: **64,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Eskivellir 3
221 Hafnarfjörður

OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 25. febrúar
milli kl. 12:00 - 12:30




Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Falleg og vel skipulögða 4ra herb. íbúð á 2. hæð

- 103,2 fm íbúð og 6 fm geymsla
- Íbúðarrýmið skiptist í forstofu, herbergisgang, stofu, eldhús, 3 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi og rúmgott þvottahús innan íbúðar.
- Góð staðsetning á Völlunum þar sem stutt er í skóla og þjónustu

Verð: **49,5 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

569 7000
www.miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 24. feb. kl. 16:30 - 17:00

Dynsalir 14
201 Kópavogur

Skemmtileg og vel skipulögð 111 fm 3ja herbergja íbúð á annarri hæð með sérinngangi

- Stofa og borðstofa samliggjandi bjart rými með útgengi á 15,6 m² yfirbyggðar svalir
- Tvö góð svefnherbergi
- Rúmgott eldhús
- Geymsla
- Þvottahús innan íbúðar

Verð: **56,9 millj.**

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 24. feb. kl. 17:45 - 18:15

Álfaskeið 94
220 Hafnarfjörður

Sérlega björt og vel skipulögð 122 fm 4ra herb. endaíbúð á 4. hæð með bílskúr

- Stofa og borðstofa eru samliggjandi, bjart rými og suðvestursvalir
- 3 svefnherbergi
- Í okt. 2020 var skipt um gler, opnanleg fög og svalahurð. Rafmagn endurnýjað að mestu innan íbúðar

Verð: **46,9 millj.**

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is







OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 25. feb. kl. 17:00 - 17:30

Laufásvegur 19
101 Reykjavík

Björt og vel skipulögð 4ra herbergja 94 fm íbúð á frábærum stað í miðbænum

- Í virðilegu húsi á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur
- Þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi.
- Íbúðin er á efstu hæð með glugga á þrjá vegu og útsýni yfir tjörnina.

Verð: **52,5 millj.**

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 25. feb. kl. 16:45 - 17:45

Kirkjuvellir 12 B
221 Hafnarfjörður

Björt og vel skipulögð 81,2 fm 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð með suðursvölum

- Samliggjandi eldhús og stofa, baðherbergi, hjónaherbergi, barnaherbergi og sér geymsla í sameign.
- Stutt er í helstu þjónustu, skóla, leikskóla, sundlaug, íþróttamiðstöð Hauka verslun og fallega náttúru.

Verð: **44,9 millj.**

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is



Sogavegur 73-75
108 Reykjavík

PANTIÐ SÖLUSKOÐUN
hjá sölumönnum Mikluborgar

TILBÚNAR NÝJAR ÍBÚÐIR

Nýjar og vandaðar íbúðir í 3ja hæða lyftuhúsi

- Stæði í bílageymslu
- Margar íbúðir með sérinngangi
- Tilbúnar íbúðir
- Afhending við kaupsamning

Verð frá: **39,9 millj.**

Bókið skoðun hjá sölumönnum og fáið nánari upplýsingar:

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is

Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og aðst. fasteignas
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450
ingi@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 25. feb. kl. 17:00 - 18:00

Snæland 4 (202)
108 Reykjavík

Falleg 113 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð til vinstri

- Stórar bjartar stofur
- Svalir eftir endilangri íbúðinni
- Stór herbergi á jarðhæð (möguleiki á útleigu)
- Geymsla á jarðhæð
- Afhending við kaupsamning

Verð: **59,5 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 24. feb. kl. 17:00 - 17:30

Dúfnahólar 2
111 Reykjavík

Vel skipulögð 5 herb. 148 fm íbúð með óviðjafnalegu útsýni á 6. hæð ásamt bílskúr

- Rúmgóð stofa með útgengi á yfirbyggðar svalir með víðu útsýni yfir borgina og hafið
- Fjögur góð svefnherbergi
- Eldhús, baðherbergi og geymslu í kjallara.

Verð: **54,9 millj.**

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 616 1313

Nesjar
805 Grafningur

115 fm sumarhús við Bæjarvík í landi Nesja á Þingvöllum.

Verð: **49,9 millj.**

- Eldri hluti húss er 56 fm. Nýleg sólstofa með gólfhita og rennuhurð út á suðurverönd er 27,6 fm
- 31 fm kjallari með stórri innkeyrsluhurð og 220 cm lofth.
- Fallegt útsýni til norðurs á Þingvallavatn og fjallahringinn í norður

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 773 6000

Valshlíð 2 (303)
102 Reykjavík

Ný glæsileg 60,2 fm 2ja herb. íbúð á 3. hæð

Verð: **49,9 millj.**

- Fullbúin með gólfefnum
- Sérmerkt stæði í bílageymslu
- Vestursvalir og mjög gott skipulag
- Þvottaaðstaða á baðherbergi
- Stór björt stofa með gólfsíðum gluggum

Nánari upplýsingar:
s. 773 6000 **Þórunn Pálsdóttir** löggiltur fasteignasali

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 899 5856

Grandavegur 42 F
107 Reykjavík

Vel skipulögð 3ja herbergja 118,1 fm íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu

Verð: **76 millj.**

- Stofa, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og gestasalerni.
- Yfirbyggðar 21,3 fm svalir sem snúa í suður
- 13,1 fm geymsla í kjallara

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Drápuhlíð 27
105 Reykjavík
OPIÐ HÚS
þriðjudaginn 23. febrúar
milli kl. 17:00 - 17:30

Sérlega falleg og mikið endurnýjuð 5 herbergja 126 fm sérhæð

- Tvær góðar stofur
- 3 svefnherbergi
- Hús nýlega steinað og í mjög góðu standi

Verð: **72,9 millj.**

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is





MIKLABORG
569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

NÝTT
Í SÖLU
Eskivellir 3
221 Hafnarfjörður
OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 25. febrúar
milli kl. 12:00 - 12:30

Falleg og vel skipulögða 4ra herb. íbúð á 2. hæð

- 103,2 fm íbúð og 6 fm geymsla
- Íbúðarrýmið skiptist í forstofu, herbergisgang, stofu, eldhús, 3 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi og rúmgott þvottahús innan íbúðar.
- Góð staðsetning á Völlunum þar sem stutt er í skóla og þjónustu

Verð: **49,5 millj.**

Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



MIKLABORG
569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar


job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

ALLT UM

DALAHRAUN 9 & 11

HJÁ OKKUR

NÝTT Í SÖLU Í HVERAGERÐI

Dalahraun 9 og 11
- nýtt hverfi í Kambalandi
Fimm íbúðir í hverju húsi, frá 68-107,2 fm.

Kambaland - Hveragerði. Nýtt hverfi er í uppbyggingu.
Dalahraun 9 og 11 – nýbyggingar í Hveragerði.

Stærð íbúða frá 63-107 m²
Verð frá kr. 35.200.000,- til kr. 48.200.000,-.

Nánari upplýsingar hjá Byr fasteignasölu sími 483-5800 og byr@byrfasteign.is

byr
fasteignasala

Elín Káradóttir
Löggiltur fasteignasali

Byr fasteignasala • Austurmörk 4, 810 Hveragerði • s. 483 5800 • byr@byrfasteign.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Retta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Málarar

221 Málarar ehf geta bætt við sig verkum inni. Sími 772 1765

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Múrarar

Get bætt við mig flísalögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

HÚSA - VIÐGERÐIR
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN
* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNSLA
TILBOÐ - TÍMAVINNA
UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38
Húsaviðgerðir Tröppuviðgerðir Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn Málningarvinna-Þakmálun o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi.
Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Flísalagnir
Múrvinna
Málningarvinna
Smíðavinna
Tréverk
Blikkvinna
bpbyggehf@gmail.com
Sími 844 5469

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

ALLT Á EINUM STAÐ
Viðgerðarþjónusta fyrir heimilin
S 888 4322 eða Facebook
Viðgerðarmaðurinn Albert

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Einn staður – allur pakkinn

Starfsemi Landstólpa samanstendur af mannvirkja-, landbúnaðar-, þjónustu- og vélasviði ásamt vélsmiðju. Síðustu ár hefur verið lögð aukin áhersla á að veita viðskiptavinum alhliða þjónustu.

Sævar Örn Gíslason, sölustjóri Mannvirkjasviðs hjá Landstólpa, hefur starfað hjá fyrirtækinu í 13 ár. Hann segir starfsemi Landstólpa upphaflega hafa verið bundna við landbúnað en vera nú orðna fjölbreyttari.

„Landstólpi er 20 ára gamalt fyrirtæki sem er í grunninn landbúnaðarfyrirtæki og var í upphafi fyrst og fremst að veita bændum ráðgjöf og þjónustu við breytingar á eldri básafjósum í legubásafjós ásamt því að útvega búnað í þau. Smátt og smátt stækkaði vöruflóran er varðar búnað í fjós og fljótlega varð þörf á því að geta útvegað yfirbygginguna líka. Árið 2004 var fyrsta stálgrindarhúsið flutt inn frá H.Hardeman í Hollandi, sem var fjós, en stálgrindarhúsin eru orðin nærri 200 í dag fyrir alls konar iðnað. Landbúnaðarhliðin hefur líka vaxið samhliða og erum við með sífellt breiðari vörulínur á þeim vettvangi á borð við tæknibúnað, heyvinnsluvélar, sáðvöru, fóður og svo framvegis.“

Sævar Örn segir mikinn vinskap og traust hafa myndast á milli starfsfólks og viðskiptavina Landstólpa í gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Alverk í auknum mæli

Sævar Örn segir starfsemina afar fjölbreytta. „Hvað mannvirkjasviðið varðar þá bjóðum við allt frá hönnun og sölu á stálgrindarhúsum til þess að rétta fólki lyklana að fullbúnu húsi. Strax frá upphafi var ákveðið að bjóða reisningu á húsunum með í pakkanum og var því fjárfest í viðeigandi búnaði til þess, þ.e. kranabíl, vinnulyftum og allskyns handverkfærum til þess að geta unnið hratt og örugglega ásamt því að bæta við starfsfólki,“ útskýrir hann.

„Síðastliðin ár höfum við svo í auknum mæli verið að taka að okkur alverk þar sem við sjáum um verkin frá A-Ö. Því höfum við bætt enn við okkur tækjakosti til þess að vera sem mest sjálfum okkur nóg og ber þar að nefna þrjár gröfur, fleiri kranabíla, vinnulyftur og steypumót ásamt því að ráða til okkar úrvals starfsfólk sem er lykillinn að farsælum árangri.“

Þessi þróun geri Landstólpa kleift að veita viðskiptavinum sínum enn betri þjónustu. „Okkar sérstaða er að vera sölu- og innflutningsaðilar á stálgrindarhúsum, klæðningum, hurðum, gluggum og svo framvegis en vera þá einnig með vinnuliðinn sem fylgir á eftir. Það veitir viðskiptavinum okkar ákveðið öryggi og þægindaauka. Það er við eitt fyrirtæki að eiga sem er með allan pakkann og verkkaupi þarf því ekki að vera að tengja allt saman, til dæmis birgja og iðnaðarmenn ásamt mögulegum deilum um hver beri ábyrgð á hverju, heldur bara einn staður – allur pakkinn.“

Þakklát fyrir samstarfsaðila

Starfsemi Landstólpa einkennist ekki síst af mikilli skilvirkni, þökk sé dýrmætri reynslu og þekkingu. „Þá er áralangt samstarf okkar við sama framleiðanda og reynslumikið starfsfólk til þess að húsin rísa svo hratt að eftir því er tekið. Menn hafa talað um að þeir hafi keyrt til vinnu fram hjá grunni að morgni og það er komið hús þegar þeir fara heim síðdegis.“

Viðskiptavinir og samstarfsaðilar Landstólpa eru af ýmsu tagi. „Bændur eru og verða alltaf okkar helstu viðskiptavinir en af þeim erum við sprottin. En vitaskuld hefur viðskiptavinahópurinn stækkað og þá einmitt helst í gegnum mannvirkjasviðið. Stórfyrirtæki í alls konar iðnaði og þjónustu hafa lagt sitt traust á okkur og mörg hver aftur og aftur eftir ánægjulegt samstarf. Þá eru verktakar víðs vegar um landið sem hafa verið að byggja upp iðnaðarhverfi í sinni heimabyggð og hafa þá keypt hjá okkur aftur og aftur hús í gegnum tíðina sem þeir reisa sjálfir. Með þessu hefur skapast ánægjulegur vinskapur og gagnkvæmt traust. Fyrir þessa aðila og samstarf erum við gríðarlega þakklát. Þá er fiskeldi í miklum blóma þessi misserin og erum við að fara að reisa þriðja og fjórða húsið fyrir þá grein á einu ári á næstu vikum og mánuðum.“

Markmið fyrirtækisins eru skýr. „Ef horft er fram á við þá er alltaf markmiðið að gera enn betur, tryggja mannauðinn og stækka hópinn með hæfu og skemmtilegu fólki. Þá viljum við gjarnan auka fjölbreytileika í okkar framboði til þess að geta brugðist enn betur við ólíkum verkefnum. En fyrst og fremst að skila góðum verkum og gera sífellt betur.“

Landstólpi hefur frá upphafi boðið upp á reisingu á stálgrindarhúsum.

Landstólpi þjónustar fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

Starfsfólk Landstólpa býr yfir dýrmætri reynslu og þekkingu sem skilar sér í góðum verkum.

LANDSTÓLPI
Sterkir í stálgrindarhúsum

Lærði mikið í sumarvinnunni

Vigfús Kristinn Vigfússon er nemi í húsasmíði í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Hann hefur alltaf haft gaman af verklegri vinnu og að búa til hluti og er því mjög ánægður með námið.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Vigfús er 18 ára gamall og kemur frá Hellissandi á Snæfellsnesi. Hann kemur úr fjölskyldu þar sem margir eru húsasmiðir svo hann á áhugann á faginu ekki langt að sækja. Hann er nemi á þriðja ári í húsasmíði og mun því ljúka námi í FVA að lokinni þessari önn ef allt fer eftir áætlun.

„Ég þarf svo að ljúka 72 tímum af vinnu við smíði til að geta tekið sveinsprófið," útskýrir hann.

„Ég hef alltaf haft gaman af verklegri vinnu og að búa til hluti. Þess vegna heillaði nám í húsasmíði," segir Vigfús aðspurður að því hvers vegna hann valdi námið.

„Mér finnst mjög gaman í náminu. Það sem mér finnst áhugaverðast er að það er meira sem ég þarf að læra en bara smíðina. Til dæmis þarf ég að læra lög varðandi húsasmíði," segir Vigfús.

En í náminu eru líka ýmsar fleiri bóklegar greinar sem koma að gagni í húsasmíðinni.

Vigfús er ekki alveg blautur á bak við eyrum þegar kemur að húsasmíði en síðustu fjögur sumur hefur hann unnið við smíðar á Snæfellsnesi þar sem hann hefur að mestu leyti verið að gera upp hús og breyta þeim.

Vigfús lærir húsasmíði í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og stefnir á að klára í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það hefur hjálpað mér mikið við námið finnst mér," segir Vigfús. „Við fáum líka verklega þjálfun í skólanum. Við smíðum lítinn sumarbústað og gerum alls konar verkefni til að læra á verkfærin og kunna nauðsynlega hluti."

Vigfús segir að andinn í FVA sé mjög góður og félagslífið sé gott.

„Ég mæli 100 prósent með þessu námi fyrir þá sem hafa áhuga og vilja starfa við húsasmíði í framtíðinni."

Vigfús hefur alla tíð haft áhuga á að vinna í höndunum. MYND/AÐSEND

Rannsóknir á byggingarefnum lykilatriði

Rannsóknarstofa Mannvits er vel tækjum búin til að þjóna öllum sviðum mannvirkjagerðar. Prófanir sem þar eru gerðar tryggja að byggingarefni standist kröfur um öryggi, endingu og gæði.

Verkfræðistofan Mannvit hefur í nærri þrjá áratugi starfrækt prófunar- og rannsóknarstofu. Þar starfar hópur sérfræðinga og tæknifólks með áralanga reynslu og þjálfun við ýmiss konar rannsóknir og prófanir á sviðum steinsteypu, sands og malar sem og prófunum á jarðefni, bergi og stáli, auk þess að bjóða upp á sérfræðimat og ráðgjöf við túlkun, segir Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, fagstjóri rannsóknarstofu Mannvits. Einnig eru í boði þjöppupróf en þá mætir rannsóknarfólk á staðinn og mælir þjöppun í fyllingum eða púðum undir byggingar og önnur mannvirki. Margar þessar prófanir eru lögbundnar prófanir á byggingarefnum.

Lögbundnar prófanir

„Það er líklegt að almenningur tengi mest við prófanir sem eru gerðar í tengslum við húsbyggingar, þá helst prófanir á aðalefnunum í steypunni, nefnilega á sandi, möl og sementi og svo að sjálfsögðu á steinsteypunni sjálfri. Við prófum ferska steypu og við getum líka tekið sýni úr eldri steypu og gert margvíslegar prófanir til að meta ástand hennar." Aðrar prófanir sem tengjast húsbyggingum eru þjöppupróf á púða undir plötu til að athuga hvort þjöppun standist kröfur og prófun á togstyrk steypustyrktarjárns.

Á rannsóknarstofunni eru einnig gerðar prófanir fyrir framleiðendur sands, malar og steinsteypu þannig að þeir geti fylgst með vörunni á framleiðslutíma, bætir Þorbjörg við. Þær prófanir eru meðal annars notaðar til að CE-merkja efnið en það er lögbundin krafa á flestum byggingarvörum. „Á byggingartíma mannvirkja og við vegagerð er algengt að verktakar og eftirlitsaðilar komi með sýni af steinsteypu, sandi og möl til að fylgjast með eiginleikum efnisins sem fer í mannvirkin. Við þjónum í raun verktökum, hönnuðum, eftirlitsaðilum, framleiðendum og einstaklingum."

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir er fagstjóri rannsóknarstofu Mannvits en fyrirtækið hefur starfrækt prófunar- og rannsóknarstofu í nærri þrjá áratugi. Á stofunni starfar hópur sérfræðinga og tæknifólks. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

» Við prófum ferska steypu og við getum líka tekið sýni úr eldri steypu og gert margvíslegar prófanir til að meta ástand hennar.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Steinsteypa er framleidd í nokkrum styrkleikaflokkum og fylgjast þarf reglubundið með steypuframleiðslu og -vinnu til að tryggja að þessar kröfur séu uppfylltar. „Alkalívirkni var mikið vandamál á áttunda áratugnum þegar nýleg hús grotnuðu niður en með stífum kröfum og réttri efnisnotkun var hægt að kveða þann draug niður. Alkalívirknin er hins vegar eiginleiki sem hverfur ekki svo fylgst er með henni og gripið til fyrirbyggjandi aðgerða eins og þörf er á."

Starfsfólk rannsóknarstofunnar gerir líka sértækari prófanir sem eru notaðar til að meta sig jarðvegs undan álagi, segir Þorbjörg. „Fólk tengir örugglega við Norðurmýrina þar sem steyptar girðingar standa langt fyrir ofan garðana eða hæðir og lægðir á vegum og götum eins og í Skeifunni. Ef sigspár liggja fyrir er hægt að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til draga úr líkum á sigi og þeim skemmdum og kostnaði sem fylgir viðgerðum ef ekkert er að gert."

Samfélagsábyrgð og umhverfismál

Fylgt er eftir alþjóðlegum stöðlum og verklagi við allar prófanir. „Sjálfbærni og viðmið Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð skipta okkur miklu máli. Með prófunum erum við ekki aðeins að tryggja að byggingarefni standist kröfur um endingu og gæði. Það er ekki síður mikilvægt að hægt er að nota niðurstöður til að auðvelda skynsamlega nýtingu á auðlindum sem eru samfélaginu okkar afskaplega nauðsynlegar en eru um leið takmarkaðar."

Hún segir það vera skyldu okkar að fara vel með þær auðlindir sem við höfum aðgang að. „Jafnframt að leitað sé í auðlindir í næsta nágrenni framkvæmda til að draga úr akstri og tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum og óþarfa álagi og sliti á vegakerfinu. Allar aðgerðir sem við sem samfélag grípum til í þessum tilgangi eru jákvæðar fyrir framtíðina."

Erum að bóka málningarvinnu og múrviðgerðir fyrir sumarið!

ÖLL ALLMENN MÁLNINGARVINNA ÚTI OG INNI

FÖST VERÐTILBOÐ

NÁKVÆMAR VERKLÝSINGAR

MARGRA ÁRA REYNSLA

RAFRÆN TILBOÐ OG SAMNINGAR

FAGMENNSKA

HJÓL ATVINNULÍFSINS

Hjól atvinnulífsins ehf. – alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

Heildarþjónusta í framkvæmdum

AQ-rat er ungt og framsækið byggingarfyrirtæki sem stofnað var í Hafnarfirði árið 2015. Hópur reynslumikilla og fagmenntaðra starfsmanna starfar hjá AQ-rat og veitir fjölbreytta þjónustu.

Verktakafyrirtækið AQ-rat er ungt og framsækið byggingarfyrirtæki sem stofnað var í Hafnarfirði árið 2015. Hjá fyrirtækinu starfar hópur fagmenntaðra iðnaðarmanna, iðnmeistara og byggingarfræðinga sem allir hafa víðtæka reynslu og þekkingu á sínu sviði, segir Rúnar Haraldsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

„AQ-rat veitir heildarþjónustu þegar kemur að framkvæmdum. Hvort sem verkið sem farið er í krefst flísalagningar, málningar-, múr- eða smíðavinnu, þá er AQ-rat góður kostur. Það er mikilvægt þegar ráðast á í framkvæmdir að keðjan slitni ekki einhvers staðar í verkferlinu með tilheyrandi töfum og kostnaði fyrir verkkaupa.“

Einn aðili sér um verkið

Hann segir mikinn tímasparnað og fjárhagslega hagkvæmni fólgna í því að hafa einn aðila sem heldur utan um verkið fyrir verkkaupa með allar iðngreinar á sínum vegum. „Þetta vita hönnuðir og hefur AQ-rat átt í auknu samstarfi við innanhússarkitekta á undanförnum árum.

Við erum einmitt nýbúnir að ljúka við endurgerð á glæsilegu baðherbergi í Garðabæ í samstarfi við Ernu Geirlaugu Árnadóttur innanhússarkitekt og byrjaðir á öðru í Hafnarfirði.“

„AQ-rat veitir heildarþjónustu þegar kemur að framkvæmdum,“ segir Rúnar Haraldsson framkvæmdastóri, lengst til hægri. Með honum eru frá vinstri Hafsteinn Sveinsson og Torfi Finnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nauðsynlegur búnaður

Fyrir utan að sinna hefðbundnum byggingarframkvæmdum hefur AQ-rat frá stofnun sinnt útkallsþjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir þegar kemur að vatns- og brunatjónum. „Við höfum yfir að ráða öllum nauðsynlegum þurrkbúnaði, ozontækjum og fleiri tækjum sem til þarf þegar kemur að slíkum tjónum. Þar skiptir öllu máli að bregðast hratt og örugglega við.“

Rétt vinnubrögð skipta máli

Umræðan um myglu hefur verið hávær í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Rúnar segir það skipta gríðarlega miklu máli hvernig farið er inn í slík verk því með röngum vinnubrögðum er auðveldlega hægt að valda meira tjóni en það sem fyrir er. „Hjá AQ-rat starfa fagmenn með áratuga reynslu í málum er tengjast rakaskemmdum og myglu og hafa setið námskeið bæði hér heima og erlendis. Fyrirtækið hefur komið að mörgum verkefnum tengdum myglu fyrir ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir. Við lítum björtum augum til framtíðarinnar og hlökkum til að kynnast nýjum viðskiptavinum og takast á við ný og krefjandi verkefni.“

Starfsmenn AQ-rat eru snillingar í að breyta gömlum baðherbergjum í ný.

AQ-rat
Byggingaverktakar
Þegar fagmennska skiptir þig máli

Nánari upplýsingar má finna á www.aqrat.is.

Velsæld íbúa fyrir mestu

Á fyrri hluta tuttugustu aldar komu út tvær bækur sem mótuðu ásamt fleiru þá stefnu sem fylgt var í húsbyggingum í Reykjavík á þeim tíma.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Í upphafi tuttugustu aldar var Reykjavík að breytast úr þorpi í borg með tilheyrandi vaxtarverkjum og skipulagsbreytingum. Garðbæjarhreyfingin svonefnda sem hafði náð fótfestu í Evrópu hlaut hljómgrunn meðal skipulagsyfirvalda enda þar lagt upp með að setja andlega og líkamlega heilsu almennings í forgang. Einna fyrstur til að kynna þær hugmyndir hér á landi varð Guðmundur Hannesson læknir í merku riti sínu, Um skipulag bæja, er út kom árið 1916.

Guðmundur lagði stund á læknisfræði í Danmörku þar sem læknar létu iðulega til sín taka þegar kom að umbótum í húsnæðis- og skipulagsmálum en rannsóknir í heilsufræði höfðu leitt í ljós samhengi milli þéttleika byggðar og útbreiðslutíðni farsótta. Dönsku læknasamtökin beittu sér um miðja nítjándu öld fyrir byggingu ódýrra íbúða fyrir almenning þar sem lagt var upp með að öll herbergi væru sólrík og auðvelt að lofta í gegn um þau auk þess sem rennandi vatn og salerni var í öllum íbúðum. Hérlendis voru aðstæður vissulega ólíkar en Guðmundur sá þó að hér myndu gilda sömu reglur og annars staðar varðandi mikilvægi þess að huga að heilbrigði og vellíðan íbúa þegar kom að hönnun húsnæðis og skipulagningu bæja og borga.

Í bókinni lagði hann til að íbúðarsvæði yrðu greind frá atvinnusvæðum og skipulögð þannig að sólarljós myndi nýtast eins vel og mögulegt væri í öllum íbúðum. Hann lagði einnig til að litlum raðhúsum gætu mögulega fylgt garðar til að rækta grænmeti. Þá var lagt upp með að húsum yrði raðað á lóðir með tilliti til sólarátta, þar sem óbyggður hluti lóðar lá ætíð út frá sólarhlið hússins, óháð því hvorum megin götu það var. Þessi regla var tekin upp í skipulagi nýrra íbúðargatna í Reykjavík um og eftir 1920.

Eitt af því sem Guðmundur Hannesson sagði frá í bókinni voru kostir þess að byggja samfelldar húsaraðir með fram íbúðargötum í stað sundurlausrar byggðar stakra húsa en áður var stórum lóðum úthlutað þó fólk gæti mögulega ekki byggt nema smáhús af litlum efnum. Guðmundur sýndi fram á að lóðir myndu nýtast betur með lágum, samfelldum húsum auk þess sem það myndi lækka byggingarkostnað og tók nýskipaður húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, undir þessi sjónarmið og má sjá útfærslu hans á þessum hugmyndum meðal annars í Bankahúsunum svonefndu við Framnesveg og ekki síst í Hringbrautarhúsunum sem hann teiknaði árið 1931 og standa vestan Hofsvallagötu. Þar myndar samfelld tveggja hæða húsaröð hring umhverfis húsagarð og skiptist í sjálfstæð stigahús með fjórum íbúðum þar sem áherslan var á að nýta sólarljós og birtu og að hægt væri að lofta vel gegnum húsið og nýta einnig sameiginlega kosti eins og til dæmis húsagarðinn.

Húsin vestan Hofsvallagötu teiknaði Guðjón Samúelsson, þau eru dæmi um stefnu í byggingarlist á þessum tíma.

Árið 1939 kom út hjá Máli og menningu greinasafnið Húsakostur og híbýlaprýði, leiðbeiningarit fyrir almenning um húsbyggingar og íbúðir. Meðal umfjöllunarefna voru leiðbeiningar um vandaðan frágang, hentuga herbergjaskipan, hentug húsgögn, smekkvísi í húsbúnaði, skrúðgarða, hollustuhætti og fleira enda tilgangur útgáfunnar að vekja fólk til umhugsunar um að gera heimili sín að smekklegum vistarverum eftir því sem efni hvers og eins frekast leyfðu.

Ein greinin var eftir Skarphéðinn Jóhannsson húsgagnaarkitekt. Tók hann dæmi um hvernig búa mætti tveggja herbergja íbúð í verkamannabústöðunum hentugum og ódýrum húsgögnum, þannig að verkamannafjölskyldan eignaðist fallegt heimili þar sem smáatriði, viðartegundir, litaval og æskilegur frágangur á gluggatjöldum skipti máli.

Einnig var ráðlagt um hollustuhætti, hvernig ætti að fá lán til framkvæmda og svo skrifaði Halldór Kiljan Laxness grein sem hann kallaði Sálarfegurð í mannabústöðum en þar setur hann fram hugmyndir sínar um hlutverk og áhrifamátt byggingarlistar og heimilis í því samfélagi sem þá var í mótun. Í greininni segir hann meðal annars að samspil megi finna „milli ytri ásýndar og framkomu annars vegar og innra sálarlífs hins vegar“.

Það voru því margar hugmyndir uppi um hvernig best væri að haga húsum, bæði utan- og innanstokks til að fólki liði vel og dafnaði fallega á fyrri hluta 20. aldar og vonandi að sömu hugmyndir um lýðheilsu og vellíðan íbúa séu enn í forgrunni í byggingariðnaði nútímans.

Heimildir: Grein Péturs Ármannssonar arkitekts, „Stórir draumar um íbúð alþýðumannsins“ eins og hún birtist í bókinni Hæg breytileg átt sem kom út árið 2016, gljufrasteinn.is og Tímarit Máls og menningar 1939.

Fyrirtæki sem dekkar allan pakkann

Þekking, gæði og fagmennska eru í fyrirrúmi hjá Fagverk verktökum og Malbikstöðinni sem búa að áratuga reynslu í faginu. Fyrirtækið hóf að framleiða eigið malbik í nýrri stöð á síðasta ári.

Fagverk verktakar sérhæfa sig í malbikun og malbiksfræsun og framleiða líka eigið malbik undir merkinu Malbikstöðin. Fyrirtækin þjónusta sveitarfélög og verktaka og hafa innan sinna raða starfsfólk sem býr yfir áratuga reynslu við malbikun og undirbúningsvinnu.

Fagverk verktakar var stofnað árið 2004 af Vilhjálmi Þór Matthíassyni. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar í Mosfellsbæ og starfsmannafjöldinn hefur vaxið jafnt og þétt með stækkun fyrirtækisins. Í dag eru starfsmenn 30, en þeim fjölgar í 40 yfir háannatíma malbikunar á sumrin.

Hófu framleiðslu í vor

„Við erum fyrirtæki sem dekkar allan pakkann þegar kemur að malbikun, allt frá gröfu upp í malbikunarstöð, en við höfum framleitt malbik frá því síðasta vor," segir Vilhjálmur Þór, framkvæmdastjóri og stofnandi. „Malbiksframleiðslan fer fram í nýrri stöð að Koparsléttu 6-8 í Reykjavík, stutt frá höfuðstöðvum fyrirtækisins. Malbikstöðin stefnir á að vera leiðandi í umhverfisvænni framleiðslu malbiks á Íslandi, sem meðal annars kemur fram í minni kolefnislosun með því að nýta metan við vinnslu og endurvinnslu malbiks í samstarfi við Sorpu."

Juku samkeppnishæfnina

„Við ákváðum að hefja framleiðslu malbiks til að gera okkur samkeppnishæfari, en við höfum verið í klemmu vegna samkeppni við Reykjavíkurborg, sem framleiðir og leggur malbik," segir Vilhjálmur Þór. „Borgin hefur selt okkur malbik á sama tíma og hún hefur verið í samkeppni við okkur. Við reistum því malbikunarstöð, sem gerði okkur samkeppnishæfari á markaði og tryggði okkur fleiri verkefni en áður."

Hann segir árangurinn ekki hafa látið á sér standa „Þetta hefur skilað miklum árangri, vegna þess að þrátt fyrir að COVID-19 hafi valdið frestun verkefna og uppskiptingu á mannskap fyrirtækisins var árið 2020 mesta framfaraár í sögu þess, sem styður við markmið fyrirtækisins um að stækka markaðshlutdeild sína."

Hörð samkeppni frá borginni

Vilhjálmur segir sérkennilegt að Reykjavíkurborg sé í samkeppni við sjálfstæða aðila þegar kemur að framleiðslu og framkvæmdum.

„Við teljum að Reykjavíkurborg ætti ekki að reka sams konar malbikunarfyrirtæki og okkar og keppa við okkur á markaði," segir hann. „Borgin er núna að fara að loka sinni malbiksverksmiðju vegna skipulagsmála og í staðinn tryggði hún sér lóð við hliðina á okkar malbikunarstöð. Þannig að Reykjavíkurborg ætlar að reisa nýja malbiksverksmiðju fyrir marga milljarða við hliðina á okkar," bætir hann við og bendir á að þannig verði opinbert fé borgarinnar notað til að vera í samkeppni við smærri aðila í sama rekstri. „Það er verið að nota peninga Reykjavíkurborgar til að vera í samkeppni við okkur."

Það sé vissulega erfitt að skilja hvað þarna býr að baki. „Ég velti því fyrir mér hvernig á að fá fé Reykvíkinga aftur í svona harðri samkeppni. Hvert er næsta skref eftir byggingu malbiksverksmiðjunnar? Á að selja hana? Eða halda áfram í samkeppni við einkaaðila, jafnvel næstu áratugi? Hver er tilgangurinn með þessu?"

Vilhjálmur Þór Matthíasson við höfuðstöðvar fyrirtækisins í Mosfellsbæ.Fagverk hefur verið að færa út kvíarnar að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hér eru starfsmenn Fagverks að störfum og faglega er gengið til verks.

Fyrirtækið leggur mjög mikla áherslu á gæði og öryggi á öllum sviðum.

Fagverk verktakar og Malbikstöðin leggja líka mikið upp úr því að gefa til baka til samfélagsins og segja framtíðina bjarta og spennandi.

Áhersla á öryggi og gæði

Fagverk og Malbikstöðin láta þó engan bilbug á sér finna og halda áfram að leggja metnað í að veita góða þjónustu í hvívetna. „Fyrirtækið leggur mjög mikla áherslu á gæði og öryggi á öllum sviðum og leggur mikinn metnað í öruggt starfsumhverfi, starfsfólki og viðskiptavinum til heilla," segir Vilhjálmur Þór. „Fyrirtækið rekur líka eigið verkstæði, sem tryggir að allur aðbúnaður og tæki séu í eins góðu ástandi og hugsast getur. Samhliða stækkun á fyrirtækinu hefur tækja- og bílakosturinn líka vaxið og við erum nú með vel yfir 100 vélar og bíla."

Fagverk verktakar og Malbikstöðin leggja líka mikið upp úr því að gefa til baka til samfélagsins og er Vilhjálmur stoltur af þeim árangri sem náðst hefur í þeim efnum.

„Við höfum til að mynda styrkt fótboltann undanfarin ár og nafn knattspyrnuvallar Aftureldingar árin 2020-2023 er Fagverksvöllurinn," segir Vilhjálmur Þór. „Það er gaman að gefa af sér og styðja íþróttafélagið okkar hérna í Mosfellsbæ. Þá er fyrirtækið einnig félagi í ýmsum samtökum, svo sem Samtökum iðnaðarins og Félagi vinnuvélaeigenda."

Framtíðin er því björt og verkefnin spennandi hjá Fagverki og Malbikstöðinni með hækkandi sól.

Allar nánari upplýsingar um Fagverk má finna á heimasíðunni: www.malbikstodin.is.

Frá vinstri eru Jóhann Þór Kristjánsson sölumaður, Jón Ragnarsson viðskiptastjóri , Þórður M. Kristinsson framkvæmdastjóri og Skúli Ásgeirsson verslunarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allt til að vinna verkið

Í desember á síðasta ári flutti Sindri alla starfsemi sína á höfuðborgarsvæðinu í eina verslun að Smiðjuvegi 11. Sindri selur rafmagnsverkfæri frá DeWalt sem fagfólk á Íslandi þekkir mjög vel.

Verslunin er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Samfara flutningum var þjónustan aukin með fjölbreyttara vöruúrvali, rýmri opnunartíma og með því að hafa allt vöruúrval og sérhæft starfsfólk undir einu og sama þakinu.

Að sögn Þórðar M. Kristinssonar framkvæmdastjóra flytur Sindri inn, selur og þjónustar handverkfæri, rafmagnsverkfæri, vinnufatnað, loftpressur og festingavörur frá þekktum framleiðendum, svo sem DeWalt, Toptul, Blákläder, Stanley, Ridgid, Kraftwerk, Scangrip, Projahn og Atlas Copco:

„Vöruúrval Sindra miðast við að útvega allt sem þarf fyrir iðnaðarmanninn til að vinna verkið. Margir einstaklingar sjá hag sinn í að versla hjá Sindra en fyrst og fremst erum við að þjónusta fagfólk, eins og iðnaðarmenn, verktaka, verkstæði og framleiðslufyrirtæki.

Í dag er Sindri hluti af Fagkaupum ehf. og býður fyrirtækið nú upp á allt sitt vöruúrval á einum stað að Smiðjuvegi 11 undir merkjum Sindra en vörur frá Sindra eru einnig fáanlegar

Hér eru þeir í versluninni þar sem er mikið úrval vandaðra verkfæra.

í verslunum Johan Rönning á Akureyri, Reyðarfirði, Selfossi og í Reykjanesbæ.

Sindri rekur jafnframt öflugt þjónustuverkstæði sem annast uppsetningu, viðgerðir og fyrirbyggjandi viðhald á þeim tækjum sem fyrirtækið er með umboð fyrir. Þjónustuverkstæði Sindra er einnig að Smiðjuvegi 11.“

Fyrirtækið Sindri var stofnað árið 1949 á grunni járnsmiðju Einars Ásmundssonar sem sinnti meðal annars innflutningsstarfsemi á stáli, byggingarvörum og verkfærum fyrir örtvaxandi byggingarmarkað á Íslandi. „Á þessum langa tíma hefur fyrirtækið eignast stóran hóp traustra viðskiptavina og í dag eru helstu viðskiptavinir Sindra iðnfyrirtæki, verktakar, vélsmiðjur, verkstæði og einstaklingar.

Sindri hefur nýlega hafið innflutning á vörum frá fyrirtækjunum Sika og Simpson Strong Tie. Bæði þessi vörumerki er vel þekkt á meðal fagfólks.“

Ört stækkandi og öflug netverslun

„Sindri státar af öflugri netverslun sem hefur verið í miklum vexti. Þess má geta að reikningsviðskiptavinir geta skráð sig inn á sitt svæði á vefnum.

Sindri selur rafmagnsverkfæri frá DeWalt sem fagfólk á Íslandi þekkir mjög vel.

DeWalt er með breiða línu rafmagnsverkfæra sem henta fagfólki við krefjandi aðstæður. Hægt er að fá vélar frá 12V til 54V. Nýjung frá DeWalt er Flexvolt Advantage verkfæralínan sem býr yfir allt að 77% meira afli ef notaðar eru 54V hleðslurafhlöður.

Sindri Vinnuföt býður upp á hágæða vinnu- og öryggisfatnað, meðal annars frá Blákläder og Havep, eldvarnarfatnað frá Tranemo, öryggisskó frá Bata, Airtox og HKSDK. Boðið er upp á sérmerkingar á fatnaði með lógói fyrirtækja á meðan beðið er. Sindri selur allar gerðir persónuhlífa, allt frá skóm og hönskum til hjálma og rykgríma. Sindri Vinnuföt er einnig með verslun á Akureyri.

Sindri er með á boðstólum mikið úrval af sýnileikafatnaði. Sýnileikafatnaður sem seldur er hér á landi þarf að uppfylla evrópskar öryggiskröfur samkvæmt staðlinum EN ISO 20471. Staðlinum er skipt í þrjá flokka af sýnileika þar sem farið er eftir flúrljómun og endurskini efnisins. Viðskiptavinir/verktakar þurfa að vera rétt klæddir þegar haldið er inn á vinnusvæði og/eða þegar verið er að vinna úti á vegum. Fatnaðurinn þarf einnig að vera lipur og þægilegur og í því sambandi hefur „stretch“ efni í vinnufatnaði verið að ryðja sér til rúms. Til eru vottanir meðal annars fyrir vatnsheldni, öndun og kuldafatnað og er því mikilvægt að skoða vel merkingar á fatnaði og kalla eftir upprunavottorðum vörunnar ef svo ber undir.“

Sindri hefur nú opið frá kl. 7.30 til kl. 18.00 alla virka daga og einnig er opið á laugardögum frá kl. 8.00 til 12.00.

AUKIÐ VÖRUÚRVAL - AUKIN ÞJÓNUSTA

TILBOÐ

VERKFÆRASETT 96 HLUTA

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

28.059 m/vsk

Fullt verð 37.412

TILBOÐ

VERKFÆRASETT 150 HLUTA

Toppar: 1/4" & 1/2" 4 - 32mm
Toppar djúpir: 1/4" & 1/2" 6 - 22mm
Fastir lyklar: 6 - 24mm
E- Toppar, framlengingar, kertatoppar, tangir, skrúfjárn, hamar .o.fl.

vnr IBTGCAI150R

40.894 m/vsk

Fullt verð 58.420

TILBOÐ

LÍNULASER TVEGGJA LÍNU

Sjálfstillandi laser skekkjumörk +/-0,3 mm/m og réttir sig af við 4° yfirborðshalla. Segull til að festa við stályfirborð.

vnr 94DW088K

29.998 m/vsk

Fullt verð 36.392

TILBOÐ

GEIRUNGSSÖG 216MM

Afl: 1400 Wött
Blaðastærð: 216mm
Mesta skurðardýpt: 62mm
Þyngd: 11,5 kg

vnr 94DWS774

49.998 m/vsk

Fullt verð 62.589

PRJÓNAÐUR HIVIZ JAKKI

Vel hannaður og þægilegur prjónjakki sem jafnframt. Uppfyllir sýnileikastaðal EN ISO 20471 Class II.

vnr BLA-492321203399

24.160 m/vsk

TILBOÐ

BORÐ FYRIR GEIRUNGSSAGIR

Létt og þægilegt Borð fyrir allar gerðir geirungsaga.
Fætur brjótast undir borð í flutningi.
Borðið er 1,2m samanbrotið en 2,6m útbreitt. Festingar fyrir geirungsög fylgja.

vnr 94DE7033

29.990 m/vsk

Fullt verð 47.103

SOFTSHELL JAKKI

Léttur softshell-jakki sem er einstaklega mjúkur og þægilegur. Auk þess er efnið vatnshelt og hægt að fjarlægja hettuna. Vottað samkvæmt EN ISO 20471, flokki 2. Samsett vottun C.

vnr BLA-449125133399

26.271 m/vsk

NÝTT

VÖRURNAR FRÁ SIKA FÁST Í SINDRA

NÝTT

ÞÚ FÆRÐU BMF FESTINGAR Í SINDRA

SIMPSON Strong-Tie



EIN VERSLUN
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
• AUKIÐ VÖRUÚRVAL
• AUKIN ÞJÓNUSTA
• ALLT Á SAMA STAÐ!

SINDRI
Smiðjuvegi 11 | Sími 575 0000 | www.sindri.is

Opið 7:30–18:00 virka daga | Opið 8:00–12:00 laugardaga

Öruggar lausnir í framkvæmdum

Vinnupallar ehf. bjóða upp á síaukið úrval áhalda og tækja fyrir alls kyns framkvæmdir, til leigu og sölu. Þar er lögð áhersla á öryggi og persónulega og lausnamiðaða þjónustu á sanngjörnu verði.

Vinnupallar ehf. bjóða hnitmiðað vöruúrval öruggra áhalda og tækja sem og þjónustu á hagstæðu verði, til að styðja við bætta öryggismenningu í mannvirkjaiðnaði. Þrátt fyrir að vera með fjölbreytt vöruúrval sem þjónustar meðal annars öryggisbúnað fyrir vegavinnu og jarðvinnuframkvæmdir, sérhæfðan öryggisbúnað, fallvarnakerfi og að reka öfluga tækjaleigu, eru kjarnavörur Vinnupalla enn í nafni fyrirtækisins: hágæðavinnupallar frá Plettac og fallvarnabúnaður frá Protekt.

„Vinnupallar eru í örum vexti og það gengur afar vel að byggja upp fyrirtækið," segir Sigríður Hrund Pétursdóttir, eigandi Vinnupalla. „Mannvirkjaiðnaðurinn hefur fengið gott aðhald frá bönkunum og stjórnvöldum í gegnum COVID, sem þýðir að mannvirkja- og vegaframkvæmdir hafa haldið ágætum takti og veitir það margfeldisáhrif í aðfangakeðjunni, til dæmis fyrir fjölda smærri fyrirtækja eins og Vinnupalla.

Einnig var fólk duglegt við viðhaldsvinnu á síðasta ári og sást það vel í sölu og leigu á ál- og stálpöllum hjá fyrirtækinu. Í ár verðum við með aukið vöruúrval, bæði í kjarnavöruflokkum en einnig nokkrar viðbætur sem allar styðja við gildin okkar: „Öruggar lausnir"," segir Sigríður Hrund. „Má þar helst nefna öfluga tækjaleigu sem býður meðal annars upp á hitablásara, ryksugur, hita- og þurrktæki frá Biemmedue, ruslarennur, vinnustaðagirðingar, álpalla frá Euroscaffold og útleigu á vörubíl, svo dæmi séu tekin. Nýtt vöruúrval tekur einnig til persónuhlífa, trappa, stiga og vegavinnumerkinga. Allt til að sinna öryggi vinnustaðarins sem best."

Sölustjóri Vinnupalla, Ásgeir Þórðarson, sést hér ásamt eiganda fyrirtækisins, Sigríði Hrund Pétursdóttur. Sigríður segir að það hafi gengið afar vel að byggja upp fyrirtækið og að það sé í örum vexti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áhersla á öryggi og sanngirni

„Við leggjum mjög mikla áherslu á öryggi vinnustaða og persónulega og lausnamiðaða þjónustu. Við kennum viðskiptavinum á vörurnar okkar og viljum styðja við og auka þekkingu þeirra á öryggismenningu í byggingariðnaði," segir Sigríður Hrund. „Vöruúrvalið endurspeglar það, okkar hlutverk er að bjóða hágæða öryggisbúnað fyrir byggingarsvæði á hagstæðu verði.

Á undanförnum árum og áratugum hafa öryggismál á byggingarsvæðum tekið miklum framförum öllum til heilla. Við viljum styðja við áframhaldandi þróun í þá átt með auknu vöruframboði á vinnuverndar- og öryggisbúnaði á Íslandi," segir Sigríður Hrund. „Segja má að starfsemi Vinnupalla sé tvíþætt, þar sem við bjóðum flestar okkar vörur bæði til leigu og sölu. Þannig teljum við okkur koma sem best til móts við þarfir viðskiptavina okkar.

Við erum með góða verðstefnu og hvikum ekki frá henni. Vinnupallar munu alltaf bjóða góð, sanngjörn verð með langtíma viðskiptasamband í huga," segir Sigríður Hrund að lokum.

Vinnupallar eru til húsa í glæsilegu húsnæði að Smiðsbúð 10 í Garðabæ. Þar er verslun, skrifstofa, lager og allt sem þarf til að fyrirtækið dafni og þroskist. Í fyrra var ný heimasíða sett í loftið, vpallar.is, sem aðstoðar við markaðssetningu og miðlun á efni til viðskiptavina.

Vinnupallar ehf. taka á móti viðskiptavinum alla virka daga frá 8-18 og hægt er að ná sambandi alla daga í síma 787 9933 og í gegnum netfangið vpallar@vpallar.is. Vefsíðan er www.vpallar.is.



Bygging safnaðarheimilis Ástjarnarkirkju á Völlunum í Hafnarfirði er eitt þeirra verkefna sem Siggi og Jón ehf. hafa tekið að sér. Safnaðarheimilið byggist í kringum þrjú garðrými. MYND/AÐSEND



Siggi og Jón hafa mikið unnið fyrir bæjarfélög. Þessi bygging er sambýli í Austurkór í Kópavogi.

Sigurður og Jón hjá Sigga og Jóni ehf. vinna á útboðsmarkaði við fjölbreytt byggingarverkefni. Þeir vinna eftir ströngu gæðakerfi og eru hoknir af reynslu í faginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áhersla á að skila vönduðu verki

Fyrirtækið Siggi og Jón ehf. var stofnað árið 2012 af húsasmíðameisturunum Sigurði Þórðarsyni og Jóni Inga Gunnarssyni en þeir hafa áratuga reynslu af vinnu við ýmiss konar húsbyggingar.

Siggi og Jón ehf. varð til við samruna tveggja fyrirtækja, S.Þ. verktaka ehf. og Linda ehf. Stofnendur eru þeir Sigurður Þórðarson og Jón Ingi Gunnarsson. Sigurður er menntaður húsasmíðameistari og byggingarstjóri. Hann stofnaði S.Þ. verktaka ehf. árið 1993 og rak fyrirtækið í tæplega 30 ár á sömu kennitölu. Fyrirtækið hefur mestmegnis verið aðalverktaki að stærri byggingum fyrir bæjarfélög og sveitarfélög.

Jón Ingi er menntaður húsasmíðameistari og fasteignamatsfræðingur. Jón hefur starfað í byggingariðnaði í um 40 ár en unnið sjálfstætt við fagið síðustu 30 ár og öðlast mikla reynslu í flestu er við kemur fasteignum. Jón stofnaði Lindar ehf. árið 2006 og vann jafnt að nýbyggingum, viðhaldsverkefnum og matsstörfum byggingariðnaðar.

„Ég myndi segja að við værum lítið til meðalstórt fyrirtæki. Við erum að jafnaði 15-20 manns og vinnum á verktakamarkaði. Við vinnum eftir ströngu gæðakerfi og reynum að vera virkir á útboðsmarkaðnum. Við höfum mikla reynslu enda búnir að vera í þessu í tugi ára, bæði í íbúðarhúsnæði og öðrum byggingum," segir Jón.

Starfsstöð fyrir HS veitur í Hafnarfirði var eitt verkefna Sigga og Jóns ehf.

„Áður en samruninn varð vorum við í því að byggja og selja en síðan við fórum að vinna saman höfum við bara verið á útboðsmarkaði og höfum byggt mikið fyrir bæjarfélög og fyrirtæki," bætir hann við.

Fyrirtækið hefur sem dæmi byggt mikið fyrir Hafnarfjarðarbæ og unnið að verkefnum fyrir bæjarfélagið.

„Við höfum líka unnið mikið fyrir kirkjuna og erum einmitt núna að byggja þjónustuhús fyrir kirkjugarðana. Það er við Lindakirkjugarð sem er aðalverkstaðurinn okkar eins og er," segir Jón.

Það hefur verið nóg af verkefnum hjá fyrirtækinu frá stofnun en Jón segir að stefnan sé að halda sig við verkefni í minni kantinum en þó ekki í þeim allra minnstu.

„Við viljum frekar taka að okkur minni verk og skila af okkur vönduðu verki, en við reynum samt að vera þar sem eitthvert kjöt er á beinunum. Það er það sem við leggjum áherslu á."

Nánari upplýsingar á siggiogjon.is

Safnaðarheimili Ástjarnarkirkju er falleg smíði, hér séð að innanverðu.

Loftið hjá HS veitum er listasmíð.

Gömul ljósastöð fær nýtt hlutverk

Nýir eigendur eru að breyta gömlu ljósastöðinni á Siglufirði í spennandi samfélags- og menningarhús. Þau vonast til þess að húsið eigi eftir að gegna mikilvægu hlutverki í bæjarlífinu.

Gamla ljósastöðin á Siglufirði hefur öðlast nýtt hlutverk undanfarinn áratug eftir að hjónin Helena Stefáns Magneudóttir og Arnar Steinn Friðbjarnarson keyptu húsið og eru að breyta í samfélags- og menningarmiðstöð sem auk þess hýsir litla íbúð. Hjónin eru bæði sjálfstætt starfandi listamenn sem starfa að mestu leyti innan kvikmyndageirans og hafa að eigin sögn brallað ýmislegt gegnum tíðina, meðal annars gert upp Rínhúsið að Frakkastíg 16 í Reykjavík auk þess að reka ásamt fleirum Kaffi Hljómalind, lífrænt kaffihús í miðborg Reykjavíkur.

Helena segir að þau hafa leitað að afdrepi úti á landi árum saman og ferðast til allra landshluta til að skoða hús og jarðir. „Þegar okkur var bent á Ljósastöðina árið 2012 af góðri vinkonu, húsi sem ekki var lengur í notkun, vissum við strax að þetta væri rétta húsið. Við vorum í masternámi í Svíþjóð á þessum tíma og það var því mjög gaman að koma heim, fara beint til Siglufjarðar og heimsækja hús sem við höfðum keypt án þess að skoða. Ekki leið á löngu þar til við urðum ástfangin af Siglufirði, bæði staðnum og fólkinu."

> **Húsið hefur sterka menningarlega sögu og okkur hefur frá upphafi langað að opna stöðina aftur fyrir almenningi.**

Deila með öðru fólki

Hún segir að þegar þau hafi gengið inn í Ljósastöðina í fyrsta sinn hafi þau strax fengið þá tilfinningu að þessu rými þyrfti að deila með öðru fólki og opna það fyrir einhvers konar starfsemi.

„Rýmið hreinlega kallar á það. Húsið hefur sterka menningarlega sögu og okkur hefur frá upphafi langað að opna stöðina aftur fyrir almenningi. Þannig kviknaði hugmyndin um samfélags- og menningarmiðstöð. Við sjáum fyrir okkur endalausa möguleika en viljum helst að hugmyndirnar komi frá fólkinu sem óskar eftir því að nota húsið, til að fjölbreytnin verði sem mest og að húsið þjóni sem breiðustum hópi fólks. Einnig gefst listafólki kostur á dvelja hér í styttri og lengri tíma meðan það sinnir list sinni."

Helena Stefáns Magneudóttir og Arnar Friðbjarnarson eru að breyta ljósastöðinni á Siglufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útsýnið úr svefnherberginu í suðurbíslaginu er fallegt.

Svalir sem þau smíðuðu í sal ljósastöðvarinnar.

Olían mesta áskorunin

Þau hafa unnið í húsinu frá fyrsta degi, en vinnan hófst þó fyrir alvöru á síðasta ári, þegar þau keyptu meðeigendur sína út.

„Við höfum meðal annars tekið inn heitt og kalt vatn, hent rúmlega tveimur tonnum af málmi úr húsinu, hreinsað olíu og tjöru í tuglítratali, skipt út þakinu, pússað glugga og málað. Einnig höfum við gert upp suður-bíslagið og meðal annars útbúið þar þrjú svefnherbergi ásamt eldhúsi og salerni, rifið allt út úr norður-bíslaginu, tengt kamínu og margt fleira.

Mesta áskorunin hefur þó verið olían en hana höfum við hreinsað í áföngum síðan við keyptum húsið. Hún hefur smogið inn í alla króka og kima hússins og við erum mjög nálægt því núna að vera laus við olíulyktina. Rörin og tankarnir hafa líka verið áskorun, vegna stærðar og þyngdar, en með aðstoð góðra Siglfirðinga hefur okkur tekist að hreinsa það allt út úr húsinu."

Bæjarbúar hjálplegir

Þáttur bæjarbúa hefur líka verið ómetanlegur að hennar sögn. „Móttökurnar sem við höfum fengið á Siglufirði eru með ólíkindum. Hlýju, hjálpsemi og velvild fólks eru engin takmörk sett og margir hafa boðist til að

Góður Siglfirðingur hjálpaði þeim að koma rörunum úr salnum í gám.

Ljósastöðin var ekki í notkun þegar hjónin festu kaup á henni árið 2012. MYND/SIGLO.IS

leggja okkur lið á ýmsan hátt. Við höfum líka fengið ótal heimsóknir fólks sem hefur sögur að segja af Ljósastöðinni, eða langar að forvitnast um framkvæmdirnar og þykir gaman að húsið sé að fá tilgang aftur."

Hjónin deila ástríðu fyrir endurbótum eldri bygginga og segir Helena það vera ólýsanlega tilfinningu að sjá fegurðina sem felst í gömlum húsum birtast smám saman í ferlinu og nostra við að skapa ný og falleg rými. „Auk þess deildum við líka þeirri löngun að leggja af mörkum til samfélagsins og við höfum verið dugleg við að reka samfélags- og menningarmiðstöðvar sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni."

Við hjá Front-X sérhæfum okkur í bílskúrs- og iðnaðarhurðum

Sendu okkur tilboðsbeiðni af vefsíðunni okkar **www.frontx.is** eða sendu okkur póst á **frontx@frontx.is**

FRONTX
www.frontx.is

SAUTER

GÓLFHITA-STÝRINGAR

Stilltu hitann með Sauter

Sendið verðfyrirspurn á rafstjorn@rafstjorn.is

SAUTER
Creating Sustainable Environments.

RAFSTJÓRN ehf
Virkni loftræstikerfa er okkar fag
www.rafstjorn.is

SGHÚS
sghus@sghus.is

ÍBÚÐARHÚS - FJÖLNOTAHÚS
KRAFTSPERRUR - SUMARHÚS

SGHÚS
sghus@sghus.is

VERKSMIÐJUFRAMLEIDD TIMBURHÚS Í YFIR 50 ÁR

ÍSLENSK HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA

Íslensk hönnum og framleiðsla tryggir vönduð hús sem standast íslenskt veðurfar.

Fjölbreytt úrval glugga, hurða, utanhúsklæðninga, þakklæðninga og vindskeiða.

Burðarviður í okkar framleiðslu er úr sjálfbærum skógum og við veljum vistvæn byggingarefni.

Hafið samband. Reynsla okkar er ykkar hagur.

SG HÚS EHF - HÁHEIÐI 3 - 800 SELFOSS - S: 578 3344

Úr smábæ í borg á stuttum tíma

Reykjavík hefur tekið ótrúlegum breytingum á hálfri öld. Skoðum nokkrar gamlar myndir frá framkvæmdum við þekktar byggingar sem flestir landsmenn þekkja en voru reistar fyrir nokkrum áratugum.

Ráðhús Reykjavíkur var hannað af Margréti Harðardóttur og Steve Christer hjá Stúdíó Granda. Húsið var fullbyggt árið 1992 og tekið í notkun árið 1994. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/SVEINN ÞORMÓÐSSON

Landsbókasafn Íslands – Háskólasafn var opnað 1. desember 1994 í Þjóðarbókhlöðunni, í vesturbæ Reykjavíkur. Myndin er frá 1980. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR BRYNJAR GAUTI

Myndin sýnir Hallgrímskirkju í byggingu 1965. Kirkjan var byggð 1945–1986 og teiknuð af Guðjóni Samúelssyni. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Framkvæmdir hafnar við byggingu Hótel Sögu en hótelið var tekið í notkun árið 1962. Myndin er tekin árið 1961. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/INGIMUNDUR MAGNÚSSON

Háskólabíó var byggt á árunum 1956–1961 en byggingin er hönnuð af arkitektunum Gunnlaugi Halldórssyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni. MYND AÐSEND/HÁSKÓLI ÍSLANDS

Valhöll, sem hýsir meðal annars höfuðstöðvar Sjálfstæðisflokksins, er hönnuð af arkitektunum Halldóri H. Jónssyni og Garðari Halldórssyni og var reist á árunum 1973–1975. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR-BRAGI GUÐMUNDSSON

HÝSI

FJÖLÞÆTTAR BYGGINGALAUSNIR

Bogahýsi frá Rundebuehaller. Færanleg eða varanleg.

Trimo gámahús, geymslur, WC eða vinnubúðir

Trimo húseiningar. Vönduð lausn fyrir færanlegar byggingar.

Límtrésbyggingar. Sterkbyggð og hagkvæm.

CLT einingahús. Traustir samstarfsaðilar. Svansvottun.

Z-Strúktúr stálgrindarhús. Léttbyggð og vönduð.

Yleiningar. Með steinullar eða PIR kjarna.

Gabion vírkörfur. Glæsileg lausn við landmótun.

Girðingar, hlið og öryggislár. Fjölþættir möguleikar.

Hýsi-Verkheimar ehf. • Smiðjuvegi 44-46 • Kópavogi • S. 497 2700 • netfang hysi@hysi.is • hysi.is

Vörumerkið Hýsi er þekkt á íslenskum markaði fyrir bæði góðar vörur og vandaða þjónustu, segir nýlega ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Dagur Indriðason. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bjartir tímar í vændum

Nýir reynslumiklir eigendur tóku við Hýsi um áramótin. Fyrirtækið byggir á traustum grunni og hyggjast eigendur þess vaxa jafnt og þétt næstu árin í takt við þróun á markaðnum.

Um síðustu áramót tók Hýsi – Verkheimar ehf. yfir reksturinn á Hýsi sem hefur undanfarin fimmtán ár verið öflugur seljandi að margs konar byggingarlausnum fyrir fyrirtæki, stofnanir, verktaka og einstaklinga. Vörumerkið Hýsi er þekkt á íslenskum markaði fyrir bæði góðar vörur og vandaða þjónustu, segir nýlega ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Dagur Indriðason. „Félagið er í samstarfi við afar öfluga og trausta erlenda birgja og hefur á fimmtán ára starfstíma sínum selt á þriðja hundrað byggingar, bæði litlar og stórar, úti um allt land.“

Það voru eigendur og stjórnendur Iðnvéla og Innvals í Kópavogi sem keyptu reksturinn á Hýsi. Félagið mun hafa aðsetur að Smiðjuvegi 44-46 í Kópavogi og vera rekið sem sjálfstætt fyrirtæki, en með stuðningi systurfélaganna. Dagur Indriðason mun jafnframt koma inn í hluthafahóp félagsins.

Fjölbreytt vöruúrval

Hýsi býður upp á mjög fjölbreytt vöruúrval og þjónustu að sögn Dags. „Þar má meðal annars nefna bogahýsi af öllum stærðum og gerðum, Trimo húseiningar, bílastæðahús, límtréshús, stálgrindarhús og CLT krosslímdar timbureiningar. Á verkefnaskránni eru líka mörg spennandi verkefni, til dæmis færanlegar skólabyggingar, hótelbyggingar, geymsluhúsnæði, vinnubúðir, veiðihús, iðnaðarhúsnæði, fjárhús, fjós, reiðhallir og margt fleira. Vöruúrval félagsins er mjög fjölbreytt því auk framangreindra byggingalausna býður félagið jafnframt upp á vinnugirðingar, öryggisslár, Gabion vírkörfur, yleiningar og stálklæðningar.“

Reiðhöll á Ármóti. Flestar byggingalausnir Hýsis eru sérhannaðar.

Límtréshús í reisingu. Hýsi er öflugur seljandi margs konar byggingalausna.

Flestar byggingalausnir Hýsis eru sérhannaðar í samstarfi við viðskiptavini, arkitekta og verkfræðinga þeirra. „Við bjóðum jafnframt upp á verkfræði- og arkitektaþjónustu ef þess er óskað, og í stærri verkefnum getur félagið jafnframt boðið viðskiptavinum sínum reisingu á þeim byggingum sem það selur.“

Traustið skiptir öllu

Öll viðskipti byggjast á trausti, segir Dagur, og lykillinn að vel heppnuðum viðskiptum í byggingargeiranum er að afhenda umbeðna vöru í réttu magni, á réttum tíma og í þeim gæðum sem krafist er. „Segja má að ef gerð eru smávægileg mistök í ferlinu þegar vara er pöntuð geti það haft miklar afleiðingar fyrir framkvæmdaraðilann síðar meir. Við búum á eyju og því er ekki alltaf auðvelt að skila vörum ef rangar pantanir berast auk þess sem við viljum ekki auka kolefnissporið meira en nauðsynlegt er.“

Hér er verið að flytja færanlegar kennslustofur frá Trimo.

Dagur horfum björtum augum til næstu ára og kvíðir ekki verkefnaskorti. „Fjölbreytt vöruúrval Hýsis tryggir okkur góða stöðu á markaðnum enda erum við með mjög öfluga birgja sem útvega okkur góða vöru og frábæra þjónustu. Við byggjum því á mjög góðum grunni og hyggjumst vaxa jafnt og þétt næstu árin í takt við þróun á markaðnum. Okkur hefur verið afar vel tekið frá því við tókum við rekstrinum um áramót og við erum í senn bjartsýn og full þakklætis fyrir frábærar viðtökur.“

Fjölbreyttur bakgrunnur

Bakgrunnur Dags er athyglisverður en hann hefur lokið framhaldsmenntun í bæði búfræði og viðskiptafræði. Hann ólst upp við búrekstur en hefur síðan unnið margs konar störf heima og erlendis. „Það að hafa unnið fjölbreytt störf veitir mér þau forréttindi að hafa innsýn í ólíka heima. Ég hef meðal annars unnið við tamningar og bústörf, fiskvinnslu, stál- og trésmíðar, sölumennsku, verið framkvæmdastjóri flutningafyrirtækis og unnið hjá einu af stærstu verktakafyrirtækjum landsins. Í dag kemur þetta allt að afar góðum notum. Ég hef unnið með frábæru fólki á ólíkum sviðum sem ég á mikið að þakka.“

Nánari upplýsingar má finna á www.hysi.is.

Frá vinstri: Óskar Ólafsson, Einar Sveinsson, Örn Bragason, Ólafur J. Lúðvíksson og Einar Ingason deildarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Allt fyrir verkefnið í BAUHAUS

Fyrirtækjasvið BAUHAUS er með aðstöðu milli timbursölu og verslunar, sem skapar einstök þægindi við innkaup. Með þessu móti er hægt, með auðveldum hætti, að sameina innkaup í einni ferð.

Einar Ingason, deildarstjóri fyrirtækjasviðs BAUHAUS, segir að Íslendingar séu farnir að þekkja hið stórkostlega vöruúrval sem boðið er upp á í BAUHAUS. „Verslunin er vel sótt og fjölmargir sem koma oft í okkar glæsilega vöruhús sem við erum afar stolt af. Við erum með 22 þúsund fermetra undir okkar fjölbreytta vöruúrval. Margir hafa skráð sig hjá fyrirtækjasviðinu en þeir sem það gera eiga kost á alls kyns sérkjörum í gegnum tilboð og fá föst afsláttarkjör," bendir Einar á. „Allir eru velkomnir að skrá sig, það er einfalt og kostar ekki neitt. Kíkið til okkar eða sendið á okkur línu á sala@bauhaus.is," heldur hann áfram.

BAUHAUS er aðili að rammasamningum Ríkiskaupa og eru fjölmargar stofnanir og félög að nýta sér bæði hið gríðarlega vöruúrval sem BAUHAUS hefur upp á að bjóða sem og þau góðu kjör sem fást. „Það má segja að lausnirnar sem við erum að veita séu eins mismunandi og aðilar rammasamninga geta verið," segir Einar og bætir við að hjá fyrirtækjasviði sé selt þvert á deildir. „Ég get til dæmis bent á nokkur dæmi.

Timbur: BAUHAUS hefur lengi verið þekkt fyrir gæða timbur, bæði hvað varðar styrkleika, flokkaða efnið sem og gagnvarið efni. Það er ekki síst að þakka þeirri fyrirtaks aðstöðu sem við búum yfir í rakastýrðri timbursölu okkar. Sömuleiðis eigum við gott samstarf og fáum gæðaúttektir frá birgja reglulega, Frøslev, sem hefur stuðlað að því að viðskiptavinir koma langar leiðir að versla timbrið sem við höfum að bjóða.

Sumarhús þar sem lerki er notað. Kemur sérstaklega vel út.

Hér hefur hjólaleiga verið byggð með lerki sem hefur reynst mjög vel.

Aukinn áhugi á lerki

Vaxandi áhugi er fyrir lerki sem klæðningarefni hér á landi og sömuleiðis fyrir pallasmíðar. „Viðskiptavinir hafa sótt mikið í lerkið undanfarið, ekki aðeins vegna útlitsins heldur einnig vegna þess að það er endingarbetra og viðhaldsminna en annað timbur. Lerkið sem við bjóðum upp á í BAUHAUS er hágæða Síberíulerki," segir Einar Ingason.

„Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða hágæðalerki frá Síberíu en það er ein algengasta viðartegundin í Rússlandi. Aðstæður í Rússlandi eru mjög sérstakar þar sem sumrin eru stutt og veturnir langir. Það þýðir að trén vaxa hægt og hafa því mjög þéttan vaxtarhring og stöðugan kjarnaviður. Hlutfall kjarnaviðarins í trénu er hátt og því mun endingarbetra efni en til dæmis fura og greni. Síberíulerkið er mest notað í pallaefni og utanhússklæðningar.

Í klæðningar bjóðum við upp á efni sem er heflað á annarri hlið og bandsagað á hinni og því getur hver og einn ákveðið hvora áferðina hann notar eftir því hvaða eiginleikum er leitast eftir. Við bjóðum upp á ýmsar stærðir svo að allir ættu að finna klæðningu við hæfi. Í pallaefni bjóðum við upp á bæði rásað og alheflað efni."

Timbursalan er aðgengileg bílum sem og gangandi og því lítið mál að setja efnið beint úr hillu inn í bíl eða á kerru í skjóli.

Gluggar og hurðar: Það er gaman að kíkja í glugga- og hurðadeild okkar, en þar höfum við fjölmargar tegundir af gluggum og hurðum í hinum ýmsu stærðum á lager. Það hefur komið okkur verulega á óvart hve margir geta nýtt sér þær stöðluðu lausnir sem við höfum upp á að bjóða. Við bjóðum einnig upp á sérpantanir á gluggum og hurðum eftir máli, og höfum við verið mjög ánægðir með gæðin sem og afhendingartíma.

Parket: Í BAUHAUS er að finna eitt mesta úrval landsins af gólfefnum. Við bjóðum upp á harðparket, vínylparket og viðarparket og kappkostum að eiga til mikinn lager af gólfefni. Auk þess sem auðvelt er að sérpanta fyrir þá sem óska þess.

Flísar: Flísadeildin er ein sú stærsta hér á landi og hefur fengið endurnýjað vöruúrval. Við bjóðum viðskiptavinum okkar til dæmis flísar frá gæða framleiðendum eins og Marazzi, Atlas Concord og 120x240 flísar frá Baldocer. Baðland okkar var nýlega endurbyggt með mjög góðum árangri og eru nýjar og frábærar línur í sýningarsal okkar eins og til dæmis Laufen. Þá hafa Duravit Stark salernin notið vinsælda ásamt HansGrohe blöndunartækjum okkar," segir Einar og bætir við að sömuleiðis sé hægt að finna mikið úrval verkfæra í BAUHAUS. „Við erum með eitt mesta úrval hér á landi, má þar nefna verkfæri frá DeWalt, Makita, AEG, Ryobi og Bosch svo eitthvað sé nefnt," segir hann.

„Besta leiðin til að skoða úrvalið er að kíkja til okkar í verslunina og tala við starfsfólkið sem gefur góðar upplýsingar. Einnig erum við með nýuppfærða heimasíðu þar sem mögulegt er að skoða vörurnar okkar heima í stofu, með aðstoð Google Street View. Og hafir þú áhuga á að hringja og panta þá getum við auðvitað sent út um allt land," segir Einar.

Þá er hægt að ná sambandi við starfsmenn fyrirtækjasviðs BAUHAUS í síma 515 0869 eða með því að senda þeim tölvupóst á sala@bauhaus.is

bauhaus.is

BAUHAUS®

VIRKA DAGA 8:00 - 17:00

Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is
Fyrirtækjasvið: sala@bauhaus.is, sími 515-0869

Bubbi byggir er vinsæll smiður.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Best að laga það!

Bubbi byggir eru breskir barnaþættir sem voru fyrst sýndir í sjónvarpinu árið 1997. Þættirnir fjalla um smiðinn Bubba og ævintýri hans. Þættirnir gengu í mörg ár og urðu samtals 250 auk tíu sérstakra aukaþátta. Bubbi byggir og félagar unnu að ýmiss konar byggingarverkefnum og viðhaldi í hverjum þætti en það eftirminnilegasta við þættina er líklega titillag þeirra. Þau eru eflaust mörg sem ólust upp við að horfa á þættina sem fá laglínuna Bubbi byggir, best að laga það! á heilann í hvert sinn sem þau sjá smið eða þurfa að sinna einhverju viðhaldi. Það mætti segja að í dag væri Bubbi byggir þekktasti smiður í heimi. Eða í það minnsta í þeim löndum þar sem þættirnir voru sýndir.

Glæsileg húsgögn frá Mater.

Úrgangur lúxusefni framtíðarinnar

Danska hönnunarfyrirtækið Mater sem Henrik Marstrans stofnaði árið 2006 hefur vakið athygli fyrir að nýta úrgangsefni í glæsileg húsgögn. Hann segir í samtali við Jyllands-Posten að næsta kynslóð sjálfbærra húsgagna verði gerð úr sorpi. Það hljómar kannski ekki eins og lúxus en Henrik segir að úrgangur gæti orðið næsta stóra útflutningsævintýri Danmerkur. Fagurfræðilega hönnuð húsgögn sem gerð eru úr því sem hefur verið litið á sem úrgang eða sorp.

Árið 2018 ákvað fyrirtækið að starfa með sjálfbærum hætti. Fyrirtækið setti þá aftur í framleiðslu garðstól sem var upphaflega hannaður árið 1955 af Jørgen og Nönnu Ditzels. Þá var stóllinn gerður úr timbri en í nýrri útgáfu frá Mater er efnið unnið úr plastúrgangi úr heimshöfunum. Hugmyndin er að við skilum jörðinni til afkomenda okkar á sjálfbæran hátt. „Frá upphafi hef ég lagt áherslu á að framleiðslan íþyngi ekki umhverfinu meira en bráðnauðsynlegt er. Við þurfum öll að velta því fyrir okkur hvað við leggjum til umhverfisins þegar við kaupum nýjan stól," segir hann.

Mater hefur alltaf framleitt viðarhúgöng úr FSC-vottuðum viði og undanfarið hefur fyrirtækið notað endurunnin efni eins og brædd fiskinet og úrgang frá stórum dönskum iðnaðarfyrirtækjum eins og Carlsberg, Novo Nordisk og BKI kaffi.

Leikur sem snýst um að gera upp hús

Þeir sem hafa brennandi áhuga á framkvæmdum og hönnun og byggingu heimila gætu vafalaust eytt ófáum klukkustundum í tölvuleiknum House Flipper, sem snýst um að gera upp illa farin heimili svo þau verði glæsileg á ný.

Leikmenn kaupa illa farin hús, gera þau upp með því að þrífa þau, gera við þau og skipta um innréttingar og selja húsin svo með góða. Leikmenn hafa aðgang að alls kyns verkfærum og geta dundað sér við innanhússhönnun og prófað sig áfram með ólíkan stíl. Að lokum þarf svo að koma upp innbúi svo að heimilið sé tilbúið til notkunar. Leikmenn geta bæði einblínt á hönnun og útlit hússins eða viðgerðir eða blandað þessu saman.

House Flipper er til fyrir PC, Mac, Xbox One, PlayStation 4, Nintendo Switch og snjallsíma. MYND/STEAM

Leikmenn geta bæði einblínt á hönnun og útlit hússins eða viðgerðir.

House Flipper kom fyrst út árið 2018 en síðan hafa komið út viðbætur við hann og sú nýjasta kom í maí í fyrra. Leikurinn hefur fengið góða dóma hjá gagnrýnendum og notið mikilla vinsælda. Hann fær líka afar góða dóma á leikjavefnum Steam, þar sem 91% af 34 þúsund notendum segir hann góðan. Leikurinn er til fyrir PC, Mac, Xbox One, PlayStation 4, Nintendo Switch og snjallsíma.

Friform

Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11—15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is

25% afsláttur af öllum legsteinum* út febrúar
Allt að 12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur
Sjá nánar á www.granithollin.is

~~214.900 KR.~~ 161.175 KR.

~~287.900 KR~~ 215.925 KR.

~~415.900 KR.~~ 311.925 KR.

~~353.900 KR.~~ 265.425 KR.

~~451.900 KR.~~ 338.925 KR.

~~343.900 KR.~~ 257.925 KR.

~~367.900~~ 275.925 KR.

~~355.900 KR.~~ 266.925 KR.

~~369.900 KR~~ 277.425 KR

~~430.900 KR.~~ 323.175 KR.

~~455.900 KR.~~ 341.925 KR.

Ath: Áletrun og fylgihlutir eru ekki inn í verði

VETRAROPNUN JAN TIL APRÍL 12:00 TIL 17:00

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.

Aksturgjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Ódýrasti smájeppinn fyrir **íslenskar** aðstæður

AÐEINS
33.830
Á MÁNUÐI*

DACIA 4x4 DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS

2.790

ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

Listaverð hjá umboði: **4.450** þús

Komið og reynsluakið

* m.v 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

FRÉTTABLAÐIÐ

88,4%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

ÞETTA GERÐIST 23. FEBRÚAR 532

Jústiníanus 1. fyrirskipar byggingu Ægisifjar

Árið 532 skipaði Jústiníanus, keisari austrómverska keisaraveldisins, fyrir um byggingu basilíkunnar Ægisifjar (einnig kölluð Hagia Sófía) í Konstantínópel. Uppbyggingin tók um fimm ár og þótti kirkjan sannkallað þrekvirki á sviði byggingarlistar. Hún er þekkt fyrir tilkomumikla þakhvelfingu og bænaturna sína og stóð sem stærsta dómkirkja heims og miðpunktur rétttrúnaðarkirkjunnar í yfir þúsund ár.

Þegar Konstantínópel féll árið 1453 fyrirskipaði Mehmed keisari Ottómanveldisins að Ægisif skyldi gerð að mosku. Þá voru allir munir með kristnu myndefni eyðilagðir og nýir settir inn sem samræmdust íslamstrú. Ægisif var lengi vel mikilvægasta moska Ottómanveldisins og sóttu margir arkitektar nýrra moska innblástur til hennar. Ægisif stóð sem moska til ársins 1935 þegar Ataturk, forseti Tyrklands og stofnandi lýðveldisins, breytti henni í safn.

Ægisif var lengi vel einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna í Tyrklandi. Þann 10. júlí 2020 tilkynnti Erdogan Tyrklandsforseti að Ægisif skyldi gerð að mosku á ný. Sú ákvörðun vakti ónægju meðal stjórnarandstöðunnar í Tyrklandi, hjá þjóðarleiðtogum víða um heim og Frans páfa. Stjórn Erdogans hefur leyft gestum að heimsækja moskuna utan bænatíma.

Ægisif var lengi vel stærsta dómkirkja heims. MYND/GETTY

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Rafn Magnússon

vélfræðingur og kennari,
Löngulínu 7, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold Garðabæ mánudaginn 15. febrúar.
Útförin fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13.00. Innilegustu þakkir til alls starfsfólks dvalarheimilisins Ísafoldar Garðabæ.

Eva Guðmundsdóttir
Vilborg Rafnsdóttir
Kristinn Rafnsson **Sólborg Tryggvadóttir**
Elsa Rafnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Júlíus Rúnar Högnason

(Júlli Högna)
Kirkjuvegi 11, Keflavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu, laugardaginn 13. febrúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 26. febrúar kl. 11.00. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina.
Athöfninni verður streymt á facebook.com/groups/jullihogna

Guðmunda Kristín Reimarsdóttir
Júlíana Guðrún Júlíusdóttir **Árni Jens Einarsson**
Jóhann Reimar Júlíusson **María Jóhannesdóttir**
Regína Júlíusdóttir Buchanan **Alexander E. Buchanan**
Högni Þorsteinn Júlíusson **Amy Greenberg**
Hulda María Einarsdóttir **Einar Már Atlason**
afabörn og langafabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Marísson

bifreiðastjóri,
Maríubakka 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut föstudaginn 12. febrúar.
Útför hans fer fram í Árbæjarkirkju föstudaginn 26. febrúar kl. 13 að viðstöddum nánustu fjölskyldu og vinum. Við þökkum auðsýndan hlýhug og samúð. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Árbæjarkirkju (Reikningur: 0113-26-577, kennitala: 420169-4429).

Kári Marís Guðmundsson **Anna Karen Arnarsdóttir**
Anna María Guðmundsdóttir **Bjarni Aron Þórðarson**
Sveinn Ingi Ágústsson **Charlotte Simonsen**
og barnabörn.

†

Okkar ástkæra

Kristín Helga Waage

Skógarbæ,

lést 16. febrúar. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13. Athöfninni verður streymt á heimasíðu Seljakirkju.

Matthías Waage **Bryndís F. Sigmundsdóttir**
Yngvi Ármannsson
Elísabet Arnardóttir
Helga Arnardóttir **Ragnar Friðbjarnarson**
ömmubörn.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurbjörn Björnsson

Skálanesgötu 5, Vopnafirði,

lést þriðjudaginn 16. febrúar. Útförin fer fram frá Vopnafjarðarkirkju laugardaginn 27. febrúar kl. 14.00.

Unnur Margrét Sigurbjörnsdóttir
Björn Heiðar Sigurbjörnsson
Eygló Sigurbjörnsdóttir
og fjölskyldur.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ásmundur Eyjólfsson

flugstjóri,

lést á Hrafnistu Skógarbæ 17. febrúar. Útför hans fer fram frá Seljakirkju 26. febrúar kl. 13.00.

Þuríður Ísólfsdóttir
Hjördís Ásmundsdóttir **Ágúst Sigurðarson**
Ríta Kristín Ásmundsdóttir **Kjartan Norðdahl**
Ísólfur Ásmundsson **Íris Björg Jónsdóttir**
Kristín Birna Rítudóttir og barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

†

Eiginkona mín,

Bergljót Thoroddsen Ísberg

Gullsmára 7,

lést á heimili sínu 16. febrúar sl. Hún verður kvödd í kyrrþey.

Arngrímur Ísberg
Óttar Ísberg
Gerður Ísberg **Viðar Geirsson**

†

Hjartkær eiginkona mín,

Ingibjörg Bergsveinsdóttir

Sævargörðum 7,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Seltjörn þann 21. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd vandamanna,
Magnús Erlendsson

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðjón Örn Kristjánsson

Lækjasmára 8, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13.
Allir hjartanlega velkomnir meðan húsrúm og aðstæður leyfa.

Guðbjörg Kristjana Guðjónsdóttir **Stefán Þórisson**
Ólafur Jón Guðjónsson **Eyrún Ásta Bergsdóttir**
Katrín Guðjónsdóttir
Erla Björk Guðjónsdóttir **Gunnar Ólafsson**
Örn Már Guðjónsson **Sigrún Svava Gísladóttir**
og barnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halla Benediktsdóttir

Lindasíðu 2,
Akureyri,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlíð miðvikudaginn 17. febrúar.
Útförin fer fram frá Glerárkirkju fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13.30.
Ekki verður streymt frá útförinni en ættingjar og vinir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.
Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Grenihlíðar á Hjúkrunarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun.

Björgvin Runólfsson
Benedikt Björgvinsson
Vilborg Björgvinsdóttir **Davíð Stefánsson**
Jón Björgvinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásgerður Ásmundsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, miðvikudaginn 10. febrúar sl.
Útför fer fram í kyrrþey.

Kristín Hreinsdóttir **Sigurður Viðar Jónasson**
Guðrún Hreinsdóttir **Friðbjörn Óskarsson**
Margrét Guðfinna Hreinsdóttir
Hrefna Hreinsdóttir **Stefán Axelsson**
Ásmundur Sveinsson **Þorgerður Guðmundsdóttir**
Þorbjörn Gerðar Þorbjörnsson **Dögg Ingimundardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar elskaði

Hannes Hall

Stigahlíð 43,

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 16. febrúar.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 26. febrúar kl. 13.

Ragnheiður Hall
Steinunn Hall
Jón Ingi Jónsson **Jóhanna Sveinsdóttir**
María Eir og Anna Sigríður

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 8 ←	2 °C | 9 ↙	0 °C | 4 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-1 °C | 8 ↓	4 °C | 11 ←	-1 °C | 12 ↙

Gengur í norðaustan 13-20 í dag með rigningu eða slyddu S- og A-lands, hvassast við SA-ströndina, en annars þurrt að kalla. Hiti 1 til 6 stig að deginum, en kringum frostmark fyrir norðan.

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5 °C | 3 ↙	2 °C | 10 ↙	1 °C | 2 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 2 ↙	5 °C | 2 ↓	-4 °C | 8 ↓

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 1 ←	2 °C | 4 ↙	3 °C | 1 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
1 °C | 2 ↘	4 °C | 1 ↘	-4 °C | 4 ↘

LÉTT

	4	8	1	5				9
	6	9				5		
	2			3			7	
		6	5			8	9	
				9		6		
	1	4	7	8				5
	9			1				6
		3						
5			8		4		3	

MIÐLUNGS

		1				2		
	9	4		2	3	5		
	8		6		9			1
5	7	6			1	9		
		2		8	4			5
			3	1			7	2
7				4				
		5		7	6	3	4	

ÞUNG

	1		8					
5	8	9		1				
	3	7	4			8	1	
				5				8
	7		9		1			4
		3					9	2
			5			3	6	
								9
8		1			9		2	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 átök
5 missir
6 átt
8 málaleitun
10 tveir eins
11 umyrði
12 betur
13 eind
15 sköpun
17 plata

LÓÐRÉTT
1 laumast
2 maður
3 gargi
4 samtíða
7 orðastaður
9 einhver
12 höndlun
14 málmur
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 skæra, 5 tap, 6 nv, 8 erindi, 10 ll, 11 orð, 12 skár, 13 stak, 15 tilurð, 17 narra.
LÓÐRÉTT: 1 stelast, 2 karl, 3 æpi, 4 andra, 7 við-ræða, 9 nokkur, 12 sala, 14 tin, 16 rr.

Skák

Gunnar Björnsson

Jakob Alexander Petersen (1.490) átti leik gegn Mikael Jóhanni Karlssyni (2.130) á Yrðlingaskákmóti TR.

22. Dc4! Kb7 23. Ha4 (23. Hxf6! gxf6 24. Dxf7+ er enn betra). **23...Dxa4** (23...Dxb5! 24. Hxb5 Hxd6 og svartur getur barist). **24. Dxa4 e3 24. Bg3 Hd1 25. Hf1 e2 26. He1** og hvítur vann. Iðunn Helgadóttir varð stúlknameistari Reykjavíkur.

www.skak.is: Þriðjudagsmót TR.

Hvítur á leik

2	1	7	3	6	8	5	4	9
8	5	6	4	1	9	3	2	7
4	9	3	5	2	7	8	6	1
6	8	4	2	9	3	7	1	5
3	2	5	7	4	1	9	8	6
9	7	1	6	8	5	4	3	2
5	6	8	9	3	2	1	7	4
1	4	9	8	7	6	2	5	3
7	3	2	1	5	4	6	9	8

2	9	5	1	7	6	4	8	3
1	8	4	3	9	5	2	7	6
3	6	7	4	8	2	5	9	1
9	4	6	5	2	7	3	1	8
5	3	2	8	1	9	7	6	4
7	1	8	6	3	4	9	2	5
8	5	9	7	6	3	1	4	2
4	2	1	9	5	8	6	3	7
6	7	3	2	4	1	8	5	9

3	4	9	7	5	6	8	2	1
2	1	6	9	4	8	3	5	7
5	8	7	2	1	3	9	4	6
4	6	1	8	9	7	5	3	2
7	9	5	3	2	1	4	6	8
8	2	3	5	6	4	7	1	9
6	3	4	1	7	9	2	8	5
9	5	8	6	3	2	1	7	4
1	7	2	4	8	5	6	9	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR

LAYLA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR

VERÐ 179.880 KR

VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR

VERÐ 217.920 KR

VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

WWW.REKKJAN.IS

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

DORMA
Láttu drauminn rætast

Ameríkskir dagar



Sealy Styður við bakið á þér!

Ameríkskir DAGAR 20% AFSLÁTTUR

Sealy SEATTLE
heilsurúm með classic botni

Frá einum stærsta framleiðanda heilsudýna í heimi.

Vönduð og góð, millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og því mýkri á okkar þyngstu stöðum eins og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latexi í bland við mismunandi svamptegundir gefur henni gott loftflæði..

Stærð í cm	Fulltverð m/Classic botni og löppum	AD-tilboð m/ botni og löppum
90x200	109.900 kr.	**87.920 kr.**
120x200	145.900 kr.	**116.720 kr.**
140x200	159.900 kr.	**127.920 kr.**
160x200	174.900 kr.	**139.920 kr.**
180x200	189.900 kr.	**151.920 kr.**
200x200	229.900 kr.	**183.920 kr.**

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Sealy PORTLAND
heilsurúm með classic botni

Gæði á góðu verði.

Portland er með góðum og sterkum pokagormum og kantstyrkingum. Dýnan er millistíf og með pillow top úr mismunandi stífum svamplögum og trefja lagi. Mýkt á móti stífum og góðum gormum. Áklæðið er mjúkt og gott bómullaráklæði sem andar einstaklega vel. Dýna sem hentar öllum sem vilja gæða vörumerki og vandaða vöru.

Ameríkskir DAGAR 20% AFSLÁTTUR

Stærð í cm	Fulltverð m/Classic botni og löppum	AD-tilboð m/ botni og löppum
120x200	155.900 kr.	**124.720 kr.**
140x200	169.900 kr.	**135.920 kr.**
160x200	184.900 kr.	**147.920 kr.**
180x200	199.900 kr.	**159.920 kr.**
180x210	214.900 kr.	**171.920 kr.**
192x203	224.900 kr.	**179.920 kr.**

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Þú finnur blað dagsins, Markaðinn, Atvinnublaðið, sérblöð og safn eldri blaða á frettabladid.is

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Matur og heimili Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Lífið er lag Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Heyrnin Heyrnin er tveggja þátta fræðsluröð um þau úrræði sem bjóðast fólki sem glímir við heyrnartap.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Spaugstofan 2008-2009
09.35 Kastljós
09.50 Menningin
10.00 Af fingrum fram Magga Stína.
10.40 Íslendingar María Markan.
11.25 Íslenskur matur
11.50 Baráttan - 100 ára saga Stúdentaráðs
12.05 Heimaleikfimi
12.15 Eldað með Ebbu
12.45 Lifað í voninni
13.40 Leyndardómar mannslíkamans
14.35 Tobias og sætabrauðið - Skotland
15.05 Baðstofuballettinn
15.35 Eystrasaltsfinnarnir
16.05 Sitthvað skrítið í náttúrunni
16.55 Tímaflakk Doctor Who
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargardýr
18.29 Hönnunarstirnin
18.46 Hugarflug Galdrar!
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Okkar á milli
20.35 Eldað úr afskurði
21.05 Síðasta konungsríkið Last Kingdom
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 DNA DNA Danskir sakamálaþættir um lögreglumanninn Rolf Larsen. Fimm árum eftir hvarf barnungrar dóttur hans finnur hann sönnun þess að mögulega sé hún enn á lífi. Hann leitar svara um leið og hann vinnur að svipuðu máli með aðstoð fransks rannsóknarlögreglumanns. Aðalhlutverk: Anders W. Berthelsen, Zofia Wichlacz og Charlotte Rampling. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.00 Vesalingarnir Les Misérables
00.00 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá CME Group Tour Championship.
10.55 European Tour 2020 Útsending frá lokadegi South African Open.
12.40 European Tour 2020 Útsending frá lokadegi Oman Open.
18.05 PGA Tour 2021 Útsending frá Genesis Invitational.
23.35 PGA Highlights 2021

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.45 The Late Late Show
14.30 American Housewife
14.55 The Block
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Speechless
19.30 mixed-ish
20.00 The Block
21.00 FBI
21.50 Dark Money Bresk þáttaröð um átakanlegt mál. Breskur táningspiltur slær í gegn í leiklistarheiminum eftir að hann fær hlutverk í Hollywood-mynd. Eftir að hann snýr til baka kemur í ljós að hann var misnotaður af frægum kvikmyndaframleiðanda.
22.50 Fosse/Verdon
23.25 The Late Late Show
00.10 Station 19
00.45 The Resident
02.00 Chicago Med
02.30 The Great
03.25 The Arrangement
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti.
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið Páll Óskar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Grettis saga (6 af 21)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.09 Lestur Passíusálma (18 af 50)
22.15 Samfélagið
23.10 Segðu mér
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.55 Gold
12.55 A Dog's Way Home
14.25 Dodgeball. A True Underdog Story
15.55 Gold
17.55 A Dog's Way Home
19.25 Dodgeball. A True Underdog Story
21.00 Jackie Mögnuð mynd frá 2016 byggð á sönnum atburðum með Natalie Portman í aðalhlutverki.
22.35 Una
00.10 Journey to the End of the Night
01.35 Jackie

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Logi í beinni
10.45 The Village
11.30 NCIS
12.10 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 The Diagnosis Detectives
13.55 Ísskápastríð
14.25 Poppsvar
15.05 Hannað fyrir Ísland
15.45 10 Ways To Lose 10 Years
16.35 Framkoma
17.00 PJ Karsjó
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 MasterChef Junior
19.45 The Grand Party Hotel
20.55 Mom
21.15 Magnum P.I.
22.00 Gary Gulman. The Great Depresh
23.15 Last Week Tonight with John Oliver
23.50 The Wire
00.50 Limetown
01.15 I Love You, Now Die
02.15 Veronica Mars
02.55 The O.C.
03.40 The Village
04.20 NCIS Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs of félaga hans í rannsóknardeild bandarískra sjóhersins sem glíma við flókin og hættuleg verkefni.

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 The Bold Type
21.55 Wyatt Cenac's Problem Areas
22.25 Orange is the New Black
23.20 Our Girl
00.10 Friends
00.30 Friends
00.55 The Office

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Valur - Afturelding Útsending frá leik í Olís-deild karla.
10.25 Seinni bylgjan - karla
11.40 Þór Ak. - Þór Þ. Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
13.20 KR - Stjarnan
15.00 Dominos Tilþrifin 10. umferð
15.50 Njarðvík - ÍR
17.30 Valur - Keflavík
19.10 Dominos Körfuboltakvöld
20.25 Seinni bylgjan - karla
21.40 Valur - Afturelding
23.05 Davíð Viðars og Haukur Páll
23.45 Steven Lennon og Heimir G.
00.25 Atili Viðar og Patrick P.

STÖÐ 2 SPORT 2

07.30 Atlético Madrid - Levante
09.10 Valencia - Celta Vigo
10.50 Real Valladolid - Real Madrid
12.30 Barcelona - Cádiz
14.10 Osasuna - Sevilla
15.50 Juventus - Crotone
17.30 Ítölsku mörkin
18.20 Spænsku mörkin
19.15 Meistaradeildin - upphitun
19.50 Atlético Madrid - Chelsea Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
22.00 Meistaradeildarmörkin
22.30 Real Sociedad - Alavés
00.10 Lazio - Bayern München

UEFA CHAMPIONS LEAGUE®

MEISTARADEILDIN

16 LIÐA ÚRSLITIN HALDA ÁFRAM Í KVÖLD

EKKI MISSA AF BESTA SJÓNVARPI Í HEIMI!

ÁSKRIFT AÐEINS **3.990** kr./mán.

STÖÐ 2 SPORT ERLENT

STÖÐ 2 SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

Þáttaskil hjá Disney+

Í dag verður Star opnað, sem er nokkurs konar undirflokkur fyrir efni ætlað fullorðnum á streymisveitunni Disney+. Hingað til hefur veitan fyrst og fremst einbeitt sé að fjölskylduvænu efni. Fjöldi kvikmynda og sjónvarpsþátta verður aðgengilegur á Star.

Það er af sem áður var þegar við neyddumst öll að horfa á línulega dagskrá. Nú eru flest heimili komin með streymisveitur á borð við Netflix, Viaplay og Amazon Prime. Á síðasta ári ákvað Disney að opna sína eigin streymisveitu, Disney+. Margir hafa haft á orði að veitan hjá Disney sé að mörgu leyti miðuð að börnum og efnið allt fjölskyldumiðað. Að sama skapi er lítið um sjónvarpsþætti, sem gerir manni síður kleift að hámhorfa.

Disney+ hefur til þessa til að mynda kosið að birta stærstu þætti sína, The Mandolorion og Wandavision frá Marvel, vikulega, en ekki alla þættina í einu. Þetta breytist allt í í dag því nú fer undirstreymisveitan Star í loftið og er henni ætlað að fylla upp í skarðið sem áður var í efni fyrir fullorðna. Fjöldi nýrra kvikmynda bætist í sarpinn og margir af stærstu sjónvarpsþáttum síðari ára verða nú aðgengilegir á Disney+. Hér er samantekt á nokkrum slíkum sem eru kjörnir í hámhorf. **steingerdur@frettabladid.is**

RAISING HOPE

Bráðskemmtilegir gamanþættir sem sýndir voru á Fox. Raising Hope náðu ekki endilega miklum vinsældum þegar þeir voru upphaflega sýndir, það átti eftir að breytast því þeir öðluðust nokkurs konar költ-status eftir að sýningu þeirra lauk. Þættirnir gerast í sama heimi og My name is Earl, sem eru einnig út smiðju Greg Garcia. Þættirnir fjalla um Jimmy sem barnar raðmorðingjann Lucy. Jimmy þarf því að ala dóttur þeirra upp með dyggri aðstoð foreldra sinna, hinna kostulegu Burt og Virginu. Á heimilinu býr einnig móðir Virginiu, sem leikin er af hinni goðsagnakenndu grínleikkonu Cloris Leachman en hún lést fyrir skömmu. MYND/SKJÁSKOT



SCRUBS

Þættirnir Scrubs, eða Nýgræðingar eins og þættirnir voru kallaðir á sínum tíma þegar þeir voru sýndir á RÚV, verða aðgengilegir á Star. Í þeim fylgjumst við læknanemanum John Dorian, alltaf kallaður J.D., vinum hans og samnemendum Christopher Turk og Eliott Reid, ásamt hjúkrunarfræðingnum Carla Espinosa. Þau starfa öll á háskólasjúkrahúsinu Sacred Heart og lenda í ýmsum ævintýrum, í einkalífinu og starfi sínu á spítalanum. Þættirnir eru úr smiðju Bill Lawrence, sem gerði Spin City, Cougar Town og þættina Ted Lasso, sem hafa slegið í gegn. MYND/CHANNEL 4

HOW I MET YOUR MOTHER

Gamanþættir sem sýndir voru á CBS og fjalla um ástir og líf vinanna Marshall, Lily, Ted, Robin og Barney, en þau búa öll á Manhattan í New York og hittast gjarnan í drykk á barnum McLaren's. Þáttarformið er á þann veg að árið 2030 er Ted að segja börnunum sínum frá því hvernig hann hitti móður þeirra. Leikarinn Bob Saget ljær Ted rödd sína í framtíðinni. Þættirnir voru gífurlega vinsælir á sínum tíma og eru þægilega léttir áhorfs. Seinasta serían fékk þó síðri viðtökur en það verður hver að dæma fyrir sig. MYND/SKJÁSKOT



SCANDAL

Flestir ættu að kannast við þessa þætti úr smiðju Shondu Rhimes, sem er einna þekktust fyrir að hafa gert þættina Grey's Anatomy, sem koma einnig inn á streymisveituna í dag. Scandal fjallar um spunameistarann og ráðgjafann Oliviu Pope og teymi hennar, en hún rekur fyrirtæki í Washington D.C. sem sér um að láta skandala og ýmis vandamál viðskiptavina sinna „hverfa". Það flækir málin að Olivia á í ástarsamband með forsetanum sjálfum, Fitzgerald Grant III, sem er giftur. Kerry Washington fer með hlutverk Olivu og hefur hún fengið einróma lof fyrir frammistöðu sína. MYND/WIKIMEDIA COMMONS

ATLANTA

Þættir frá Donald Glover, sem gerði garðinn fyrst frægan í þáttunum Community og sem handritshöfundur fyrir 30 Rock. Þættirnir fjalla um Earn, barnsmóður hans Vanessu, frænda hans Alfred „Paper boi" og vin Alfreds, Darius. Earn flosnar upp út námi við Princeton-háskóla á sínum tíma. Hann reynir að hjálpa frænda sínum að hefja rappferil. Earn er klár og sjarmerandi, en á það til að taka lélegar ákvarðanir. Lakeith Stanfield hefur hlotið sérstakt lof fyrir frammistöðu sína sem Darius Epps. Atlanta tekst að flétta saman húmor, alvarlegum málefnum og hálf súrum aðstæðum á listilegan hátt. Þættirnir hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda og hlutu Golden Globe-verðlaunin sem besti gamanþátturinn fyrir fyrstu seríuna. Von er á þriðju seríunni núna í ár. MYND/KYNNINGAREFNI FRÁ FX

X-FILES

Goðsagnakenndur vísindaskáldskapur í þáttum sem hófu göngu sína árið 1993. Þeir fjalla um alríkislögreglumennina Fox Mulder, leikinn af David Duchovny, og Dana Scully sem er leikin af Gillian Anderson. Flestir ættu að kannast við upphafsstefið sem vakti hroll meðal ófárra barna á 10. áratugnum. Mulder og Scully glíma við erfið mál sem oft eru tengd yfirnáttúrulegum og dularfullum fyrirbærum í þáttunum. Þeir luku göngu sinni upphaflega árið 2001 en Mulder og Scully snéru aftur á skjáinn í tveimur seríum sem út komu 2016 og 2018. Allar seríurnar verða aðgengilegar á Star. MYND/SKJÁSKOT

LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn.
Snertilausar afgreiðslur.

APÓTEK LYFSALANS

Glæsibær

Vesturlandsvegur Bílaapótek - bakhlið

Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ	**Opið 8.30 - 18.00**	**Sími 517 5500**	/ glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI	**Opið 10.00 - 22.00**	**Sími 516 5500**	/ vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI	**Opið 8.30 - 18.00**	**Sími 516 5505**	/ urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

CLASSICO

YORK

LIGNE

MAGNIFIQUE

FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTELRÚM – HEIM TIL ÞÍN –

Fimm stjörnu Hótel-rúmalínan frá Serta er fáanleg í verslunum Betra Baks í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði. Metsölubókin „Þess vegna sofum við“ í íslenskri þýðingu fylgir rúmunum.

5 STJÖRNU HÓTELRÚMIN frá Serta eru framleidd til að fullnægja ýtrustu kröfum. Fjaðrandi botn gefur 5 svæða heilsudýnunni óviðjafnanlega fjöðrun og stuðning, lúxus yfirdýnan lagast að þér og þér líður eins og þú svífir. Velkomin í þitt 5 stjörnu heilsurúm, heima hjá þér – allar nætur – alltaf.

CLASSICO, YORK OG LIGNE eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta. Hún er fimm svæðaskipt pokagormadýna með góðum stuðningi við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjaðmasvæði. Hægt er að velja um tvo stífleika á dýnunni eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf, úr kaldpressuðum svampi og vinnur vel á móti fjöðruninni í botni og dýnu.

MAGNIFIQUE rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fáanlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að velja mismunandi fætur og einnig eru fáanleg náttborð í stíl.

Verðdæmi: Classico 160 x 200 cm

Verð: 349.900 kr (botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafl)

(Bókin **Þess vegna sofum við** fylgir í kaupunum)

Bókin **Þess vegna sofum við**, eftir dr. Matthew Walker fylgir kaupum á rúmum úr 5 stjörnu hótelrúmalínunni frá Serta. Bókin hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur. **Matthew Walker** er prófessor við Harvard og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífeðlisfræði.

Verðmæti: 3.490 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Vilhelm sökkti sér á kaf í samsæriskenninguna í þáttunum sem verða aðgengilegir allir í einu í Sjónvarpi Símans Premium fyrir þá sem vilja ekki þurfa að engjast í spennu en verða einnig sýndir í línulegri dagskrá. MYND/SÍMINN

Villi Netó og afhjúpun hins falska Frikka Dórs

Fullviss um að Friðrik Dór sé allur og því ekki sá sem hann virðist vera hikar **Vilhelm Netó** ekki við að gera sig að fífli og leggja sig í hættu til þess að sanna kenningu sína í nýjum sjónvarpsþáttum.

Grínistinn Vilhelm Netó hefur undanfarið reynt að upplýsa ráðgátuna um afdrif og örlög söngvarans góðkunna Friðriks Dórs Jónssonar sem hann gengur út frá að hafi horfið sporlaust eftir tónleikana Í síðasta skipti árið 2018. Sá Friðrik Dór sem fólk þekki í dag sé því alls ekki Frikki Dór heldur einhver allt annar.

Kvikmyndatökufólk hefur fylgt Vilhelm eftir í leitinni að hinum eina sanna Frikka Dór og afraksturinn verður gerður opinber í þáttunum Hver drap Friðrik Dór? í Sjónvarpi Símans frá og með næsta fimmtudegi.

„Ég er hér. Á lífi,“ segir Vilhelm, sem telur sig ekki geta sagt það sama um Frikka Dór, þegar Fréttablaðið ber undir hann dularfull veggspjöld sem hanga víða um borgina með óskum um upplýsingar um afdrif söngvarans dáða.

„Ég vil meina að sá Friðrik Dór sem er núna sé ekki sá sem við höldum að hann sé. Þetta er ekki sami Friðrik Dór og í gamla daga. Ekki sama manneskjan,“ heldur Vilhelm áfram nokkuð óðamála. Hann telur Frikka af og er viss um að hann hafi horfið fyrir um það bil þremur árum.

Síðasta skiptið

„Þetta eru sirka þrjú ár, já. Það gerðist eitthvað eftir lokatónleikana hans í Kaplakrika 2018 og eftir þá er hann bara farinn,“ segir Vilhelm og segist hafa sannanir fyrir því að Frikka hafi verið ráðinn bani og að hann muni leggja fram sönnunargögn og afhjúpa viðkomandi í þáttunum.

Tónleikarnir örlagaríku voru haldnir þann 6. október 2018 þegar söngvarinn fagnaði þrítugsafmæli sínu og nefndust Í síðasta skipti enda ætlað að „endurspegla ákveðin leiðarlok á ferli Friðriks“. Nokkuð sem þeir hafa svo sannarlega gert ef eitthvað er að marka samsæriskenningar Vilhelms.

„Ég náttúrlega var risastór aðdáandi, sko, en ég vil bara komast til botns í þessu máli og hvað hefur komið fyrir hann,“ segir Vilhelm þegar hann er spurður hvernig hann geti verið svo viss í sinni sök um að Frikki Dór sé ekki Frikki Dór.

Innrás líkamsþjófanna?

„Hann er ekkert með í þessu. Ekki svo ég viti. Hann er frekar kannski bara, hvernig segir maður það, victim?“ segir Vilhelm og svarar með spurningu þegar hann er inntur eftir því hvort Jón Jónsson, bróðir Frikka, eða aðrir nákomnir honum ættu ekki að hafa séð í gegnum svikin.

Hvað erum við þá að tala um hérna? Eitthvað í líkingu við vísindahrollvekjuna Innrás líkamsþjófanna, eða Invasion of the Body Snatchers, þar sem geimverur yfirtóku líkama og vitund fólks?

„Ég veit ekki hvað við erum að tala um en þetta mun allt koma í ljós þegar við frumsýnum þættina núna á fimmtudaginn,“ segir Vilhelm og fullyrðir að þetta ferðalag hans hafi allt verið skrásett vandlega.

„Ég upplifði mig mjög oft í hættu í þessu ferðalagi og var heppinn að vera með kvikmyndatökufólkið sem gat stundum komið til bjargar.“

Þegar gengið er á hann viðurkennir Vilhelm að hann viti aðeins meira en hann lætur uppi. „Já, nefnilega sko. Eins og maður segir þá verður þú að „see it to believe it“. Eða sjá þetta til að trúa því. Það er bara þannig og þetta mun allt koma í ljós einhvern veginn.

Þetta er mjög fyndin sería, bara þótt ég segi sjálfur frá. Mjög skemmtileg og rugluð. Þetta er líka alveg einstakt í íslenskri þáttagerð svona „mockumentary“ sem byggir á raunheimum en samt ekki þannig að þetta verður spennandi að sjá viðbrögðin,“ segir Vilhelm um Hver drap Friðrik Dór? sem sennilega er best lýst sem grínheimildarþáttum.

toti@frettabladid.is

Hvað kom fyrir Friðrik Dór?

Friðrik Dór

Vilhelm hefur víða auglýst eftir upplýsingum um Friðrik Dór og spurt „Hvað kom fyrir Friðrik Dór?“ með til dæmis dreifibréfum, veggspjöldum og borða yfir fjölförnum umferðargötum.

Hann biður fólk sem kann að búa yfir upplýsingum um afdrif söngvarans vinsæla um að hafa samband í símanúmerið 550 2000 þar sem símsvari tekur við öllum ábendingum sem hann segir hingað til mest hafa verið kjaftæði. „Þetta eru mikið bara unglingar að hringja og segja eitthvert kjaftæði. Bara verið að fíflast í mér. Ég kann ekkert mjög mikið að meta það.“

Vilhelm er talsvert niðri fyrir á upptöku símsvarans þar sem hann fer óðamála og andstuttur með þennan texta:

„Hæ, takk fyrir að hringja. Ef þú ert með einhverjar upplýsingar um hvarf Friðriks Dórs þá máttu endilega deila þeim með mér. Einnig ef þú varst á tónleikum í Kaplakrika og sást eitthvað grunsamlegt þá vil ég líka fá að vita af því. Ég er með rannsókn í gangi og ég mun komast að því hvað varð um Friðrik Dór. Ég hætti ekki fyrr en ég kemst að sannleikanum. Plís, skildu eftir skilaboð ef þú hefur einhverjar upplýsingar. Þetta skiptir mig miklu máli.“

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
Takk kærlega fyrir okkur.
Viðskiptavinir BYKO eru þeir
ánægðustu – fjórða árið í röð!
*Skv. könnun Íslensku ánægju-
vogarinnar 2017, 2018, 2019 og
2020 á ánægju viðskiptavina á
byggingavörumarkaði.
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
Verslaðu á netinu á byko.is

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

DV

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ DV

512 7000

WWW.DV.IS/ASKRIFT

ASKRIFT@DV.IS

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Ást á tímum Tinder

Mikið hefur heimurinn breyst frá því ég var ungur maður úti á gjálífinu. Ég hef reyndar ekki gert úttekt á því en hins vegar var hjá mér málari nokkur, viðræðugóður og léttur í lund uns komið var að föstudegi. Þá varð hann fámáll og fas hans minnti á Roy Keane þegar hann átti stórleik fyrir höndum. Til að reyna að létta á áhyggjum hans bauð ég honum bjór að vinnu lokinni en hann harðneitaði svo ég hélt hann væri óvirkur alki. Svo reyndist ekki vera heldur hitt að hann hafði farið inn á Tinder og spjallað þar við konu úr nálægri borg. Sagði hún eftir stutta viðkynningu: Ég á skítnóg af peningum, svo ekki hafa áhyggjur af kreditkortinu, en þar sem þú ert nú málari langar mig að spyrja: Hvernig ertu í penslinum, ég þarf nefnilega nokkuð margar umferðir.

Tók málarinn áskorun þessari og slógu þau því föstu að hittast þetta föstudagskvöld. Var hann afar kátur til að byrja með, en líkt og með húsfreyju þá er samdi við Gilitrutt, uxu áhyggjur kappans er nær dró efndum og reyndar svo mjög að hann vildi ómögulega fá sér bjór til að koma nú ekki vankaður til þeirra þrekrauna sem hann var búinn að melda sig í.

Íbúðin er vel máluð en ekki veit ég hvort hann hafi skilað góðu verki hjá konunni. Hitt veit ég þó, að við, sem eigum meira skylt við rómantíkera en afreksíþróttfólk, eigum ekki mikið erindi á þennan markað eftir að kynlífið varð að keppnisgrein.

Ábendingahnappinn má finna á:

BARNAHEILL.IS

INHOPE insafe SAFT Barnaheill

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA

HEIMA ER BEST

STILLANLEGT HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU, EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 439.900.-

BODYPRINT Reverie Sleep well tonight. Live better tomorrow.

BARON | VANDAÐUR RAFDRIFINN LEÐURSÓFI

Verð kr. 524.900.-

PANDORA

RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL

Verð 219.900.-

ZERO GRAVITY

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.



FRÍR FLUTNINGUR* UM ALLT LAND

Á NÆSTU STÖÐ *NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

10.000 kr. AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

25% AFSLÁTTUR AF MJÚKVÖRU VIÐ DÝNUKAUP

ÝMIR

7 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA MEÐ BOTNI OG FÓTUM

120×200 cm: Verð áður ~~kr. 84.900~~

NÚ AÐEINS KR. 74.900

Fleiri stærðir og gerðir í boði

FRIGG IÐUNN MIÐGARÐUR

MIKIÐ ÚRVAL AF FERMINGAR-GJÖFUM

FERMINGARTILBOÐ Í FULLUM GANGI

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

SÆNGURVER OG NÁTTSLOPPAR

LEXON FLIP VEKJARAKLUKKA

MARGIR LITIR

Minni gerð kr. 5.500.-

Stærri gerð kr. 6.900.-

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI

HÖFÐAGAFLAR OG RÚMFÖT

OUTLET

Gerðu frábær kaup

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

Svefn & heilsa

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

BALDURSNES 6 - AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*

*Samkvæmt könnun frá Gallup.